



KFUM  
KFUK

# ÁRSSKÝRSLA 2025-2026

## KFUM OG KFUK Á ÍSLANDI



# INNGANGUR FORMANNS



Stefán Jónsson  
formaður KFUM og KFUK

Í lögum KFUM og KFUK á Íslandi segir að markmið félagsins sé að vekja trú á Krist og kalla til þjónustu í ríki hans, efla trúarlíf og siðferðiskennd og hlyna að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð einstaklingsins. Orð Guðs skal skipa öndvegi í öllu starfi félagsins.

KFUM og KFUK hefur starfað á Íslandi í yfir 125 ár. Félagið hefur alla tíð verið trú þessu hlutverki sínu, en starf þess á hverjum tíma nýtir þau tæki og þær aðferðir sem við eiga og þróast í takt við tímann.

Sumarbúðirnar hafa staðist tímans tönn, það má með sanni segja, en annað hefur breyst, svo sem deildastarf og fullorðinsstarf. Eitt og annað hefur lagst af og annað komið í staðinn. Leiðarstefið er þó alltaf hið sama: KFUM og KFUK er samfélag fólks um orð Guðs og boðun þess, og við einbeitum okkur að æsku þessa lands.

Þátttakendur í skipulögðu starfi KFUM og KFUK á ári hverju skipta þúsundum. Starf félagsins á öllum sviðum snertir tugþúsundir Íslendinga og boðskapurinn um Jesú Krist berst beint inn á heimili landsins.

Fólk treystir félaginu fyrir börnum sínum sem, hvað sumarbúðir varðar, eru í mörgum tilfellum að fara að heiman í fyrsta sinn og þurfa að standa á eigin fótum. Við tökum þetta hlutverk alvarlega. Félagið má aldrei bregðast þessu trausti foreldra, annars mun starf okkar bíða hnekki.

Við erum þó örugg í okkar starfi. Starfsfólk og sjálfboðaliðar sinna sínum verkefnum vel. Allur undirbúningur og umgjörð þjálfunar og menntunar leiðtoga er vönduð og traust. Mikill mannauður býr í félaginu þegar kemur að rekstri æskulýðsstarfs og samskiptum við börn og ungmenni.

„Með hverju getur ungur maður haldið vegi sínum hreinum? Með því að gefa gaum að orði þínu“ stendur í Sálmi 119:9. Þessi orð lýsa vel því sem við gerum hér í KFUM og KFUK.

Við trúum því að Biblían sé orð Guðs og okkur til leiðbeiningar — vegvísir í lífinu. Hún bendir á Jesú Krist sem okkar æðstu fyrirmynd um það hvernig halda megi vegi sínum hreinum.

Stefán Jónsson formaður  
stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi



## Ársskýrsla KFUM og KFUK 2025–2026


Útgefandi:  
KFUM og KFUK á Íslandi  
Holtavegi 28, 104 Reykjavík  
Sími 588 8899

Ábyrgðarmaður, umsjón og umbrot: Tómas Torfason  
Prentun: Svansprent

Forsíðumyndin er úr unglíngaflokki í Vindáshlíð sumarið 2025

ISSN 3023-1701

KFUM og KFUK á gott samstarf og nýtur stuðnings eftirtalra aðila:



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og barnamálaráðuneytið

## EFNISYFIRLIT

1. Forysta KFUM og KFUK.....	6	9. Útgáfu- og kynningarmál.....	36
2. Æskulýðsstarf.....	12	10. Húsnæði og starfsaðstaða.....	38
3. Leikjanámskeið.....	17	11. Starfsstöðvar KFUM og KFUK.....	41
4. Leiðtogaþjálfun.....	18	12. Vatnaskógur.....	42
5. Ungmennaráð.....	21	13. Vindáshlíð.....	48
6. Fullorðins- og félagsstarf.....	22	14. Ölver.....	55
6.1 AD KFUM og KFUK.....	22	15. Kaldársel.....	60
6.2 Ljósbrott, kvinnakór KFUK.....	24	16. Hólavatn.....	64
6.3 Karlakór KFUM.....	25	17. KFUM og KFUK á Akureyri.....	66
6.4 Basar KFUK.....	26	18. KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum.....	68
6.5 Jól í skókassa.....	28	19. KFUM og KFUK á Suðurnesjum.....	70
6.6 Sportfélag KFUM og KFUK.....	30	20. Vínagarður.....	72
7. Alþjóðastarf.....	32	21. Vínasetrið Kaldárseli.....	76
8. Innlend samstarfsverkefni.....	34		

## NAFNID SEGIR HVER VIÐ ERUM

KFUM og KFUK stendur fyrir Kristilegt félag ungra manna og kvenna. Við búum við þau forréttindi að nafn félagsins segir hver við erum. Hver stafur hefur sína merkingu.

**K**

### Kristilegt

Við fræðum þátttakendur um boðskap Biblíunnar, líf og starf Jesú Krists, kennum þeim að þekkja trú sína, rækja hana og meta gildi hennar.

**F**

### Félag

Við erum frjáls félaga-samtök og störfum eftir lýðræðislegum leikreglum.

**U**

### Ungra

Við erum æskulýðshreyfing og leggjum áherslu á að standa fyrir heilbrigðu félagsstarfi fyrir börn og ungmenni.

**M/K**

### Manna og kvenna

Við stuðlum að mannækt og mannúð. Við stöndum fyrir uppbyggjandi verkefnum, gagnlegum samfélaginu.



## MERKIÐ UNDIRSTRIKAR MARKMIÐIÐ

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Þríhyrningurinn í merki félagsins undirstrikar þetta, en hliðar hans tákna líkama, sál og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.



## HLUTVERK

Hlutverk KFUM og KFUK er mannækt á kristnum grunni, til líkama, sálar og anda.

Við viljum efla æsku landsins, styrkja og byggja upp ungmenni, svo trúin á Jesú Krist og þau lífsgildi sem henni fylgja sé hluti af þeim og vegvísir á lífsins göngu.



## STOFNAÐ 1899

KFUM var stofnað 2. janúar 1899 og KFUK var stofnað 29. apríl sama ár. Fyrstu fundir félagsins voru haldnir í sal á efri hæð hegningarhússins við Skólavörðustíg.

Mörg önnur félög eiga rætur að rekja til KFUM og KFUK, þar á meðal íþróttafélögin Valur og Haukar, karlarkórinn Fóstbræður og skátastarfi á Íslandi.

## FJÖLBREYTNÍ EINKENNIR STARFIÐ

Starf KFUM og KFUK er mjög fjölbreytt. Við eigum og starfrækjum fimm sumarþúðir, höldum úti æskulýðsdeildum víðs vegar á landinu, stöndum fyrir stórum og smáum viðburðum og metnaðarfullri leiðtogaþjálfun. Þá eigum við leikskólann Vínagarð og rekum þjónustumiðstöð við Holtaveg 28.



ÆSKULÝÐSSTARF



VATNASKÓGUR



KALDÁRSEL



LEIÐTOGAÞJÁLFUN



SUMARBÚÐIR



ÖLVER



LEIKJANÁMSKEIÐ



HÓLAVATN



ALPJÓÐLEG HREYFING



FERMINGARNÁMSKEIÐ



VIÐBURÐIR



SÆLUDAGAR



JÓL Í SKÓKASSA



LEIKSKÓLI



VINDÁSHLÍÐ



FULLORÐINSSTARF



FYRIR FJÖLSKYLDUR

# 1. FORYSTA KFUM OG KFUK

## Aðalfundur 2025

Aðalfundur KFUM og KFUK fór fram laugardaginn 12. apríl 2025 á Holtavegi 28 í Reykjavík. Stefán Jónsson formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn. Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir sóknarprestur í Langholtskirkju flutti hugvekju áður en hefðbundin aðalfundarstörf hófust. Fundarstjóri var Gísli Davíð Karlsson og fundarritarar voru Andrea Anna Arnardóttir og Hreinn Pálsson. Í kjörnefnd voru Rakel Brynjólfssdóttir og Guðni Már Harðarson. Á fundinum voru Bjarni Árnason og Nína Björk Þórsdóttir samþykkt sem skoðunarmenn reikninga.

## Stjórn félagsins

Í stjórninni 2024–2025 störfuðu eftirtalin og skiptu þannig með sér verkum:

Stefán Jónsson, formaður  
Arna Ingólfssdóttir, varaformaður  
Hilmar Jónsson, ritari  
Sigurður Erlingsson, gjaldkeri  
Gunnar Magnús Sandholt, meðstjórnandi  
Klara Valdís Þórhallsdóttir, meðstjórnandi  
Karen Sól Halldórsdóttir, meðstjórnandi  
Linda Sjöfn Sigurðardóttir, meðstjórnandi  
Gunnar Þór Pétursson, varamaður  
Lára Ruth Clausen, varamaður


Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár, en varamanna eitt ár. Stjórnin skipti sjálf með sér verkum á fyrsta fundi sínum.



Stefán Jónsson Arna Ingólfssdóttir Hilmar Jónsson Sigurður Erlingsson



Gunnar Magnús Sandholt Klara Valdís Þórhallsdóttir Karen Sól Halldórsdóttir Linda Sjöfn Sigurðardóttir



Gunnar Þór Pétursson Lára Ruth Clausen

TÓMAS TORFASON  
TÓK SAMAN



## Tengiliðir við starfsstöðvar

Stjórnarfolk skiptir með sér að vera tengiliðir við einstaka starfsstöðvar félagsins. Hlutverk tengiliðs er að brúa bil á milli stjórnar og viðkomandi starfsstöðvar m.a. með því að halda sambandi við stjórnarfolk viðkomandi starfsstöðvar, mæta á aðalfund hennar og miðla upplýsingum. Tengiliðir voru sem hér segir:

Stefán Jónsson, Kaldársel  
Arna Ingólfssdóttir, Ölver  
Sigurður Erlingsson, Leikskólinn Vinagarður  
Gunnar Magnús Sandholt, Vatnaskógur  
Klara Valdís Þórhallsdóttir, Vindáshlíð  
Linda Sjöfn Sigurðardóttir, KFUM og KFUK Suðurnes  
Gunnar Þór Pétursson, KFUM og KFUK Akureyri og Hólavatn  
Lára Ruth Clausen, KFUM og KFUK Vestmannaeyjum

## Stjórnarfundir

Þegar þetta er ritað hefur stjórnin haldið 10 stjórnarfundum og einn er að auki á dagskrá fram að boðuðum aðalfundi 18. apríl 2026. Fundirnir voru allir haldnir í félagshúsinu Holtavegi 28, kl. 17:15. Fjarfundabúnaður hefur verið nýttur eftir atvikum á staðfundum á Holtavegi fyrir stjórnarfolk sem ekki hefur haft tök á að mæta á staðinn. Fundirnir voru eftirfarandi:

Fundur 269, 14. apríl 2025.  
Fundur 270, 12. maí 2025.  
Fundur 271, 11. ágúst 2025.  
Fundur 272, 8. september 2025.  
Fundur 273, 6. október 2025.  
Fundur 274, 24. nóvember 2025.  
Fundur 275, 8. desember 2025.  
Fundur 276, 12. janúar 2026.  
Fundur 277, 2. febrúar 2026.  
Fundur 278, 2. mars 2025.  
Fundur 279, 30. mars 2026.

## Fjárhagur

Rekstur KFUM og KFUK er viðkvæmur og ljóst er að tekjustofnar félagsins hafa rýrnað. Þar munar mest um samning félagsins við Mennta- og barnamálaráðuneytið sem ekki hefur haldið í við verðbólgu eða vísitölur. Á starfsárinu var leitað markvisst eftir auknum stuðningi ríkissjóðs, með þeim árangri að félagið fékk 20 milljón króna aukafjárveitingu á árinu 2026 líkt og félagið fékk árið 2025. Samtals skilar því samningurinn 60 milljónum til félagsins árið 2026. Við erum þakklát þeim skilningi sem alþingismenn hafa á starfi KFUM og KFUK og mikilvægi þess fyrir samfélagið.

Í lok árs 2025 fékk stjórn félagsins tilkynningu frá Menningar- og íþróttaráði Reykjavíkurborgar um að styrktarsamningur, sem verið hefur milli borgarinnar og félagsins í áratugi, yrði ekki endurnýjaður fyrir 2026 með sama hætti. Samningurinn hljóðaði upp á 33 milljónir kr. árinu 2025. Nú skyldi skera hann niður um 21 milljón, en 12 milljónir yrðu eftir sem eru skuldfærðar á móti fasteignagjöldum sem félagið greiðir vegna eigna á Holtavegi 28.

Þetta er verulegt áfall fyrir félagið, enda hefur samningurinn við borgina verið ein af grunnstöðum í rekstri félagsins.



Þann 3. september 2025 þáði Guðmundur Ingi Kristinsson mennta- og barnamálaráðherra heimboð til okkar í KFUM og KFUK. Á myndinni er ráðherra með hópi sjálfboðaliða og starfsfólks KFUM og KFUK sem kynnti honum starfið í félaginu og svaraði spurningum. Guðmundur er fyrir miðju á myndinni, en Valgerður Þórunn Bjarnadóttir sérfraeðingur í ráðuneytinu og helsti tengiliður við æskulýðsstarf í landinu lengst til hægri..

Eðlilega mótmælti stjórn félagsins þessum áformum og hefur átt tvo fundi með fulltrúum Menningar- og íþróttaráðs. Þegar þetta er skrifað er samtal í gangi við borgina um leiðir til að lágmarka skaðann fyrir félagið.

Félagið á varasjóð í verðbréfasafni sem myndaðist að stærstum hluta með sölu eignarinnar Austurstræti 20 í upphafi aldarinnar. Fjárfestingastefna sjóðsins er hóflega áhættusækin sem líkist þá mjög fjárfestingastefnu hefðbundinna lífeyrissjóða í landinu, þ.e. um 50% skuldabréf og 50% hlutabréf.

## Húsnæðismál

Húsnæðismál félagsins á Holtavegi 28 má hólfa niður í nokkur mál. Eitt þeirra köllum við „stóra málið“ og snýr að því að byggja þarf nýtt hús í stað gamla hússins sem er ónýtt vegna mygluskemmda. Inn í það fléttast skipulag lóðarinnar, þarfi félagsins í nútíð og framtíð, hugmyndir að nýjum verkefnum, fjármögnun o.fl. Annað mál snýr að nýrri húsinu sem er í mikilli notkun, viðhaldi þess og umbótum svo það þjóni sem best hlutverki sínu.

Þá er félagið eigandi þess húsnæðis sem leikskólinn Vinagarður nýtir á Holtavegi 28. Á starfsárinu áttu sér stað nokkrir fundir við fulltrúa leikskólans um að koma viðhalds- og framkvæmdamálum leikskólans í betri farveg. Snérist umræðan um að uppfærða leigusamning sem er til staðar milli félagsins og leikskólans. All nokkuð reyndist vera milli aðila í þeirri umræðu og var henni því frestað. Núverandi húsnæðissamningur rennur út í árslok 2026.

Þó svo að vinnuástaða starfsfólks sé mjög takmörkuð á Holtavegi 28, er félagsheimilið með sinni fjölbreyttu fundaraðstöðu að nýttast félagsstarfinu vel. Til skoðunar eru endurbætur innandyra á Holtavegi 28. Þar er horft til eldhússins og fleiri þátta svo húsnæðið geti enn betur þjónustað félagsstarfið.

Haustið 2025 óskaði eignasvið Reykjavíkurborgar eftir fundi með fulltrúum félagsins. Á fundi sem Stefán formaður og Tómas framkvæmdastjóri sóttu, lýstu þau yfir áhuga að borgin kæmist yfir lóð félagsins á Holtavegi 28 til að

nýta fyrir skólustarf borgarinnar. Ýmsar hugmyndir voru viðraðar m.a. að KFUM og KFUK myndi færa sig um set. Engar ákvarðanir hafa verið teknar í þessum efnum, en ljóst er að eignasvið borgarinnar vill eiga áframhaldandi samtal við félagið um málið.

## Skrifstofa KFUM og KFUK

Félagið starfrækir miðlæga skrifstofu sem sinnir fjármálaþjónustu, bókhaldsþjónustu, bókunum, afgreiðslu, tölvuþjónustu, heimasíðu o.fl. fyrir allar starfsstöðvar innan félagsins. Þaðan er einnig rekið miðlægt skráningarkerfi fyrir sumarþúðir og aðra viðburði félagsins, fjölbreytt þjónusta við þátttakendur, viðskiptavinum sumarþúða, jafnt sem sjálfboðaliða í starfinu. Þá sinnir skrifstofan margþættum verkefnum sem snúa að kynningarstarfi, þjónustu við starfsstöðvar, viðburðum í félagshúsinu á Holtavegi o.fl.



Á hátíðarfundum 19. september 2025 var Kára Geirlaugssyni og Kristínu Sverrisdóttur veitt gullmerki KFUM og KFUK fyrir ómetanlegt framlag til félagsins.

Myndir frá árlegum hátíðar- og inntökufundi 19. september 2025.



Í haust bættust 36 nýliðar í hóp fullgildra félaga í KFUM og KFUK. Prettán þeirra höfðu tök á að vera með á fundinum og voru boðin velkomin í hópinn með hefðbundnum hætti. Með þeim á myndinni eru Stefán Jónsson formaður KFUM og KFUK og Arna Ingólfssdóttir varaformaður.



Hildur Ólöf Kristjánsdóttir, Tristan Enok Kvaran Guðjónsson og Nói Pétur Ásdísarson Guðnason.



Thelma Rós Arnardóttir, Helga Sóley Björnsdóttir, Karen Sól Halldórsdóttir, Jakob Freyr Einarsson og Hilmar Jónsson.



Björn Atli, Bjarki Þór, Lára Ruth, Svanhildur og Alma Jahida stilla sér upp með Siggú Beinteins.



Siggú Beinteins skemmti gestum.



Svanhildur Reynisdóttir og Lára Ruth Clausen.



Guðjón Daníel Bjarnason og Jónas Breki Kristinnsson voru veislustjórar.



Guðbjörg Yr Hilmarsdóttir og Thelma Rós Arnardóttir.



Kristinn Ólafsson og Fannar Logi Waldorff Sigurðsson.



Gunnar Hrafn Sveinsson formaður Skógarmanna og Arna Ingólfssdóttir varaformaður KFUM og KFUK.



Guðni Már Harðarson, Hilmar Jónsson og Tómas Torfason.



Sólný Helga Sigurðardóttir og Dagmar Edda Á. Guðnadóttir.



Tómas Ingi Halldórsson, Bjartur Dalbú Ingibjartsson, Benedikt Þórisson og Jónas Breki Kristinnsson.



Brynja Eiríksdóttir, Sveinn Valdimarsson, Thelma Rós Arnardóttir, Björn Atli Hyldahl Guðmundsson, Kristinn Ólafsson, Sigurbjört Kristjánsdóttir og Hildur Ólöf Kristjánsdóttir.

# HEIÐURSFÉLAGAR

Í langri sögu KFUM og KFUK hefur verið farið frekar sparlega með heiðursveitingar. Til að varðveita heimildir um heiðursfélaga og veitingu gullmerkja gefum við því pláss hér í ársskýrslu félagsins.

## Heiðursfélagar KFUM

19. maí 1927	Knud Zimsen
17. febrúar 1961	Bjarni Jónsson
17. nóvember 1973	Sigurbjörn Þorkelsson
22. febrúar 1986	Árni Sigurjónsson
17. júní 1995	Ástráður Sigursteindórsson Þorkell G. Sigurbjörnsson

## Heiðursfélagar KFUK

28. apríl 1952	Guðríður Þórðardóttir
29. apríl 1999	Kristín Möller

Árið 2005 voru gerðar skipulagsbreytingar og félögin sameinuð undir nafni KFUM og KFUK á Íslandi.

## Heiðursfélagar KFUM og KFUK á Íslandi

25. maí 2008	Sverrir Axelsson Vilborg Jóhannesdóttir
19. febrúar 2009	Emilía Ósk Guðjónsdóttir Sigursteinn H. Hersveinsson Sveinbjörg H. Arnmundsdóttir Þórey Sigurðardóttir
16. febrúar 2012	Helga Friðriksdóttir
8. apríl 2017	Ásgeir B. Ellertsson Besty R. Halldórsson Sigurður Pálsson

## Gullmerki KFUM og KFUK

Gullmerki KFUM og KFUK var veitt í fyrsta sinn 7. október 2022 í samræmi við reglur sem samþykktar voru nokkrum árum áður og kynntar á heimasíðu félagsins.

7. október 2022	Björgvin Þórðarson Guðmundur Ingi Leifsson María Sighvatsdóttir
22. september 2023	Ársæll Aðalbergsson Ólafur Sverrisson
19. september 2025	Kári Geirlaugsson Kristín Sverrisdóttir

Fyrir utan þau sem hér er getið, hafa einstaka starfsstöðvar heiðrað einstaklinga og veitt gullmerki fyrir framlag þeirra til starfsins.



Anna Magnúsdóttir var valin sjálfboðaliði ársins innan KFUM og KFUK. Í því vali var m.a. horft til framgöngu hennar og forystu í viðburðum og verkefnum vegna 100 ára afmælis Kaldársels.

Á starfsárinu kom fram aukin ósk stjórnenda starfsstöðva um að bæta þjónustu skrifstofunnar, einkum hvað varðar bókhald, bakvinnslu og rekstrarupplýsingar. Á fulltrúaráðsfundi haustið 2025 var málið rétt. Framkvæmdastjóri benti á að félagið hefði í mörg ár haft tvö stöðugildi til að sinna umræddri þjónustu. Þessir tveir starfsmenn sinna verulegu umfangi verkefna, en á sama tíma hafi starfsemi vaxið og kröfur um rekstrarupplýsingar aukist. Færði hann rök fyrir, meðal annars með samanburði við Bandalag Íslenskra skáta, að þörf væri á að efla teymið til að veita þá þjónustu sem kallað var eftir. Í framhaldi voru skoðaðir kostir og gallar þess að útvista einstökum þáttum bakvinnslunar. Niðurstaðan var sú að heppilegra og hagkvæmara væri að bæta starfsmanni við teymið. Félagið naut aðstoðar Intellecta við ráðningarferlið. Nýr bókarí, Aðalheiður Þorsteinsdóttir, hóf störf 1. mars 2026.

Þó svo að stærstur hluti skrifstofu félagsins sé kostaður af félaginu sjálfu, deilist hluti rekstrarkostnaðar á tekjuberandi starfsstöðvar og rekstrareiningar sem skrifstofan þjónustar. Frá árinu 2022 hefur verið tekið mið af veltu starfsstöðva í þeirri skiptingu. Ekki reyndist almenn sátt um þá nálgun. Helst var ósætt um hvernig einstaka gjafir eða beinir styrkir til umfangsmeiri fjárfestinga hefðu áhrif á skiptinguna. Skrifstofunefnd sem skipuð var Klöru V. Þórhallsdóttur (stjórn KFUM og KFUK), Sigurði Erlingssyni (stjórn KFUM og KFUK), Berglindi Elvu Sigvaldadóttur (stjórn Vindáshlíðar) og Páli Skaftsyni (stjórn Vatnaskógar) skoðaði málið. Á fulltrúaráðsfundi í október lögðu þau fram tillögu að útdeling á skrifstofukostnaði taki mið af rekstrargjöldum starfsstöðva eins og þau birtast í ársreikningi árið á undan. Einstaka gjafir eða styrkir annarsvegar og fjárfestingar hinsvegar (þ.e. umfangsmeiri framkvæmdir sem eru eignfærðar í bókhaldi) hafa þannig ekki áhrif á útreikninginn. Sú leið var samþykkt.

## Starfsstöðvar - stuðningur og samþætting

Málefni starfsstöðva rata oft á borð stjórnar félagsins. Samþætting í samarbúðastarfi er nokkur og felst m.a. í starfsmannanámskeiðum, aðkomu að kynningarstarfi og ráðningarferli. Framkvæmdastóri átti fjóra fundi með formönnum samarbúða auk funda með kynningarfulltrúum og ráðningarfulltrúum. Þá koma upp tímabundnar áskoranir í einstaka starfsstöðvum sem stjórn félagsins þarf að koma að með einhverum hætti.

## Heimsókn ráðherra

Þann 3. september 2025 þáði Guðmundur Ingi Kristinsson mennta- og barnamálaráðherra heimboð til okkar í KFUM og KFUK. Tekið var á móti ráðherra, Guðbjörgu Ingunni Magnúsdóttur aðstoðamanni hans og tveimur embættismönnum úr ráðuneytinu, þeim Valgerði Þórunni Bjarnadóttur og Helga Grímssyni, á Holtavegi 28. Ráðherra fékk kynningu á starfi félagsins og umfangi þess og áskorunum í máli og myndum. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að stuðningur ríkisins við félagið í gegnum samning við ráðuneytið yrði hækkaður.

## Hátíðar- og inntökufundur

Árlegur hátíðar- og inntökufundur var haldinn föstudaginn 19. september 2024. Löng hefð er fyrir því að nýir félagar séu boðnir velkomnir í KFUM og KFUK á sérstökum hátíðarfundi sem haldinn hefur verið árlega. Frá síðasta hátíðarfundi höfðu 36 nýir félagar bæst í hóp fullgildra félaga. Af þeim mættu 13 á fundinn og var fagnað sérstaklega. Fjöldi fólks kom að fundinum. Stefán Jónsson formaður bauð nýja félagar velkomna við hátíðlega athöfn. Veislustjórar voru Guðjón Daníel Bjarnason og Jónas Breki Kristinsson. Á fundinum voru tveimur félögum, þeim Kára Geirlaugssyni og Kristínu Sverrisdóttur, veitt gullmerki KFUM og KFUK fyrir ómetanlegt framlag til félagsins. Sigga Beinteins skemmti gestum með söng og salurinn tók vel undir. Tómas Torfason flutti hugvekju. Um 80 manns mættu á fundinn.

## Ungmennaráð

Á starfsárinu var skipað ungmennaráð KFUM og KFUK. Ráðið leiða Karen Sól Halldórsdóttir (stjórn KFUM og KFUK) og Guðbjörg Yr Hilmarsdóttir (verkefnastjóri æskulýðsstarfs). Með þeim í ráðinu eru Dagmar Edda Á. Guðnadóttir, Jakob Freyr Einarsson, Kristbjörg Katla Hinriksdóttir, Svanhildur Reynisdóttir og Tristan Enok Kvaran Guðjónsson.

## Sjálfboðaliði ársins

Í tilefni af degi sjálfboðaliðans, 5. desember, valdi stjórn KFUM og KFUK Önnu Magnúsdóttur sem sjálfboðaliða ársins 2025. Á starfsárinu leiddi Anna það verkefni að lyfta upp Kaldárseli á 100 ára afmælisári sumar-búðanna, með vönduðum viðburðum og sögulegum sýnileika m.a. á samfélagsmiðlum.

KFUM og KFUK byggir starf sitt á nokkur hundruð sjálfboðaliðum, sem taka að sér fjölbreytt verkefni á vettvangi félagsins og starfsstöðva þess. Með vali á sjálfboðaliða ársins vill stjórn KFUM og KFUK árétta mikilvægi sjálfboðastarfa og færa því félagsfólki sem sinna sjálfboðastörfum hugheilar þakkir.

## Fulltrúaráðsfundur

Samkvæmt 5. gr. laga KFUM og KFUK ber stjórn félagsins að funda með fulltrúum starfsstöðva félagsins a.m.k. einu sinni á starfsárinu. Fulltrúaráðsfundur var haldinn í Vindáshlíð laugardaginn 11. október 2025. Eftir að Stefán Jónsson formaður hafði sett fundinn og Arna Ingólfssdóttir flutt hugvekju, voru flutt innlegg og fréttir frá starfsstöðvunum, sem eðlilega leiddu til umræðu. Helsta verkefni fundarins snéri að skrifstofu félagsins, að ræða og ná sátt um skrifstofuþjónustu og skrifstofukostnað (sjá kafla um skrifstofu KFUM og KFUK hér að ofan). 20 manns sóttu fundinn og fór einkar vel um fundarmenn í Vindáshlíð.

## GLS ráðstefnan

KFUM og KFUK hefur verið virkur þátttakandi í árlegu GLS ráðstefnunni (sjá nánar gls.is). Ráðstefnan fór fram á Grand Hótel föstudaginn 7. nóvember 2025. Tíu fulltrúar úr röðum KFUM og KFUK, starfsfólk og sjálfboðaliðar, sóttu ráðstefnuna sem var uppbyggileg og nærandi.



Tómas Torfason



Þróstur Árni Gunnarsson



Guðbjörg Pálsdóttir



Aðalheiður Þorsteinsdóttir



Elín Hrund Garðarsdóttir



Guðbjörg Yr Hilmarsdóttir



Hjördís Rós Jónsdóttir



Guðlaugur Sveinn Hrafnsson



Ársæll Aðalbergsson



Helga Sóley Björnsdóttir

## Starfsfólk KFUM og KFUK

Starfsfólk KFUM og KFUK eru: Tómas Torfason framkvæmdastjóri, Þróstur Árni Gunnarsson fjármálastjóri, Guðbjörg Pálsdóttir bókhaldsfulltrúi og Elín Hrund Garðarsdóttir þjónustufulltrúi, öll í 100% starfi. Aðalheiður Þorsteinsdóttir kom til starfa í 100% starfi í bakvinnslu og bókhald 1. mars 2026.

Guðbjörg Yr Hilmarsdóttir er verkefnastjóri æskulýðsstarfsins í 100% starfi. Hjördís Rós Jónsdóttir verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar er í 30% starfi. Guðlaugur Sveinn Hrafnsson sem var í 50% starfi sem svæðisfulltrúi á Akureyri lét af störfum 31. ágúst 2025. Sumarstarfsmaður á skrifstofunni 2025 var Kristján Runólfsson.

Á skrifstofu félagsins á Holtavegi er einnig starfsaðstaða framkvæmdastjóra Vatnaskógar, Ársæls Aðalbergssonar og Helgu Sóleyjar Björnsdóttur framkvæmdastjóra Vindáshlíðar. Þau eru bæði í 100% starfi. Yfirlit yfir starfsmenn í hlustastörfum á æskulýðsstarfi, sem leiða æskulýðsdeildir sem starfræktar eru í samstarfi við sóknir, auk þess að sinna viðburðastjórnun er að finna í kafla 2.

## Skráningarkerfi KFUM og KFUK

Eitt af mikilvægustu verkfærum í starfi félagsins er skráningarkerfi KFUM og KFUK. Við búum við þann munað að hafa sérsníðna hugbúnaðarlausn, mótaða að þörfum KFUM og KFUK. Kerfið var í upphafi smíðað sem skráningarkerfi fyrir samarbúðirnar, en hefur í seinni tíð einnig nýst í víðara samhengi innan félagsins t.d. fyrir námskeið og bókanir á alla okkar viðburði. Á hverju ári eru gerðar uppfærslur á kerfinu svo að það þjóni starfsemi okkar betur og geri alla bakvinnslu skilvirkari. Pétur Ragnarsson, tölvunarfræðingur, er maðurinn á bak við skráningarkerfið og uppfærslur þess.



Pétur Ragnarsson



## 2. ÆSKULÝÐSSTARF

Æskulýðsstarf er kjarnastarfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Markmiðið er að bjóða börnum og ungmennum að taka þátt í að skapa jákvætt félagsstarf sem mætir hverjum einstaklingi af umhyggju og virðingu og stuðlar að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska hvers og eins. Í KFUM og KFUK fá börn og ungmenni tækifæri til að vaxa í vitund um sig sjálf, um aðra, um samfélagið í kringum okkur og um lífandi Guð. Með þátttöku í starfinu öðlast einstaklingar færni til að hafa áhrif til breytinga á þessum sviðum. Æskulýðsstarfinu er sinnt af æskulýðsfulltrúum ásamt sjálfboðaliðum sem hafa fengið þjálfun, fræðslu og handleiðslu. Margir þeirra hafa tekið þátt í starfinu frá því þeir voru börn en svo fengið tækifæri til að axla ábyrgð og vaxa og þroskast í hlutverki leiðtoga. Það er því mikilvægt verkefni stjórnar og starfsfólks félagsins að hlúa að leiðtogaunum og veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku í starfinu.

### Vetrarstarf KFUM og KFUK starfsárið 2025-2026

Veturinn 2025–2026 voru starfræktar 24 KFUM og KFUK deildir. Starfinu var haldið uppi af um það bil 70 leiðtogum og ungleiðtogum. Í vetur hefur öflugur hópur ungmenna tekið þátt í leiðtogabjálfun KFUM og KFUK fyrir 15–18 ára (sjá kafla 3) og hefur hluti af þeirra þjálfun farið fram innan deildastarfsins. Þá hefur orðið mikil aukning í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK, bæði hvað varðar fjölda þátttakenda og leiðtoga sem vilja gefa af sér í starfið sem er virkilega ánægjulegt að sjá.

### Undirbúningur leiðtoga

Undirbúningur leiðtoga fór fram þriðjudaginn 26. ágúst í húsnæði KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Þar komu saman leiðtogar úr ólíkum deildum til að efla samstarf, samræma áherslur og leggja grunn að öflugu æskulýðsstarfi. Kvöldið hófst með sameiginlegri máltíð og kynningu frá Guðbjörgu

GUÐBJÖRG YR HILMARSDÓTTIR  
TÓK SAMAN



æskulýðsfulltrúa þar sem farið var yfir helstu verkefni, viðburði og markmið vetrarins. Lögð var sérstök áhersla á hlutverk leiðtoga í æskulýðsstarfinu, samskipti við börn og ungmenni og hvernig skapa megi öruggt, hvetjandi og uppbyggilegt umhverfi. Einnig var unnið með hugmyndir að dagskrá, skipulag deildastarfs og leiðir til að efla þátttöku og gleði innan hópanna. Undirbúningurinn gaf leiðtogum tækifæri til umræðu og samvinnu um framtíðarsýn starfsins. Andrúmsloftið var jákvætt og greinileg eftirvænting fyrir komandi vetri.

### Haustferð yngri deilda

Haustferð yngri deilda var farin í Vatnaskóg föstudaginn 7. nóvember. Alls tóku 110 börn á aldrinum 9–12 ára og um 35 leiðtogar og aðstoðarleiðtogar þátt í þessum árlega viðburði. Þar var mikið brallað og má þá helst nefna slímgerð, skógarferð, brennómót, frjálstan tíma, diskópartý sem sló svo sannarlega í gegn og var dansað langt fram eftir kvöld! Agnar Ingi H. Guðmundsson, Björn Atli H. Guðmundsson, Fannar Smári Jóhannsson og Tristan Enok, leiðtogar í starfi KFUM og KFUK á Íslandi, sáu um mótstjórn og undirbúning fyrir mótið. Guðbjörg Yr Hilmarsdóttir, æskulýðsfulltrúi, var þeim til halds og trausts. Á laugardegnum fóru svo allir heim með bros á vör eftir vel heppnaða haustferð.

### Miðnæturmót unglíngadeilda

Laugardaginn 8. nóvember komu um 125 ungmenni í Vatnaskóg ásamt 35 leiðtogum og aðstoðarleiðtogum, þar sem hið árlega Miðnæturíþróttamót fór fram. Það var mikið gert og minna sofið á þessu móti. Nóg var í boði fyrir alla, t.d. streetballmót, brjóstsykursgerð, brennómót, spilað, föndrað, borðtennis, maffía, kareóíkí og ball þar sem DJ Gugga þeytti skífum og héldu leiðtogar utan um dansgleði. Agnar Ingi H. Guðmundsson, Björn Atli

Hér má sjá fjölda deilda og fjölda þátttakenda í vetrarstarfi KFUM og KFUK árið 2026–2026 í samanburði við átta starfsár þar á undan. Vinadeildir eru fyrir 6-9 ára börn, yngri deildir eru fyrir 10-12 ára og unglíngadeildir eru fyrir 13-16 ára.

	2016-2017		2017-2018		2018-2019		2019-2020		2020-2021		2021-2022		2022-2023		2023-2024		2024-2025		2025-2026	
	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.	Fjöldi deilda	Fjöldi þátttak.
Vínadeildir	2	33	4	104	5	137	4	73	3	78	3	107	6	135	3	26	2	25	2	95
Yngri deildir	16	520	14	457	13	326	12	351	11	291	14	285	13	316	13	296	12	295	9	290
Unglíngad.	10	413	12	452	11	307	10	380	13	369	13	340	13	333	13	287	13	370	12	321
<b>Samtals</b>	<b>28</b>	<b>966</b>	<b>30</b>	<b>1013</b>	<b>29</b>	<b>770</b>	<b>26</b>	<b>804</b>	<b>27</b>	<b>738</b>	<b>30</b>	<b>732</b>	<b>32</b>	<b>784</b>	<b>29</b>	<b>609</b>	<b>27</b>	<b>690</b>	<b>23</b>	<b>706</b>
Meðalfjöldi	34,5		33,8		26,6		30,9		27,4		24,4		24,5		21,0		24,6		30,7	



Um 125 ungmenni tóku þátt í miðnæturmóti KFUM og KFUK.



Mikið fjör var í haustferð yngri deilda, þar sem gíst var yfir eina nótt í Vatnaskógi.



Mótstjórn miðnæturmóts unglíngadeilda og haustferðar yngri deilda.







H. Guðmundsson, Fannar Smári Jóhannsson og Tristan Enok, leiðtogar í starfi KFUM og KFUK á Íslandi, sáu um mótstjórn og undirbúning mótisins. Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, æskulýðsfulltrúi var þeim til halds og trausts. Á sunnudeginum var haldið heim á leið og voru ungmennin sæl og þreytt eftir frábært mót.

#### Svínadalismót KFUM og KFUK

Svínadalismót KFUM og KFUK var haldið helgina 20.–22. febrúar í Vatnaskógi. Mótið er haldið fyrir unglunga í 8.-10. bekk og hefur verið órjúfanlegur hluti af deildarstarfi KFUM og KFUK undanfarin ár. Að þessu sinni tóku deildir frá höfuðborgarsvæðinu, Reykjanesbæ, Hveragerði,

Akranesi, Vestmannaeyjum, Hvolsvelli og Þorlákshöfn þátt. Um 120 þátttakendur skráðu sig til leiks á mótið í ár ásamt 40 leiðtogum og ungleiðtogum sem sáu um dagskrá og ýmis önnur verkefni. Mótstjórar í ár voru þeir Agnar Ingi H. Guðmundsson, Björn Atli H. Guðmundsson, Fannar Smári Jóhannsson, Svanhildur Reynisdóttir og Tristan Enok en þau sáu um skipulagningu og dagskrágerð. Boðið var upp á frábæra dagskrá líkt og fyrri ár, má þar helst nefna frjálstan tíma, heita potta, kvöldvökur, rave ball þar sem krakkarnir fengu að hanna sýna eigin Svínadalssboli fyrir ballið, orrusta, brjóstsykursgerð og draugahús, svo fátt eitt sé nefnt.

#### Vorferð yngri deilda

Til stóð að vorferð yngri deilda yrði farin í Vatnaskóg helgina 27.-29. mars, en hún var því miður felld niður á síðstu sundu vegna slæms veðurs. Þegar ársskýrslan fór í prentun var verið að skoða möguleika á vorferð yngri deilda helgina 17.-19. apríl, enda var dagskrá og allur undirbúningur klár.

#### Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Ég kynntist starfi félagsins veturinn sem ég fermdist og strax fékk ég tækifæri til að vera virkur í þátttöku og fann að við máttum vera allskonar. Í KFUM og KFUK eignaðist ég mína bestu vini og hefur þeim bara fjölgað eftir því sem árin liðu. Árið 2008 fékk ég í fyrsta sinn tækifæri til að fara erlendis og kynna alþjóðastarfinu og þá opnuðust nýir heimar sem víkkuðu sjóndeildarhringinn og sýn mína á hvernig starf á vegum þessarar gríðarstóru æskulýðshreyfingar getur náð að efla þroska ungs fólks til líkama, sálar og anda. Ég var starfsmaður félagsins í mörg ár en nýt þess ennþá að vera sjálfbóaliði og vil leggja mitt af mörkum svo börn og unglingar geti fengið tækifæri til að þroskast saman í heilbrigðu æskulýðsstarfi sem hefur kærleikann að leiðarljósi.



Jóhann H. Þorsteinsson



Börn á leikjanámskeiði í Lindakirkju fóru í heimsókn í Hallgrímskirkju.

## 3. LEIKJANÁMSKEIÐ

Leikjanámskeið KFUM og KFUK voru haldin á tveimur stöðum sumarið 2025, í Lindakirkju í Kópavogi og í félagsheimli KFUM og KFUK í Hátúni 36 í Reykjanesbæ. Markmið leikjanámskeiðanna er að bjóða börnum á aldrinum 6-9 ára upp á metnaðarfullt sumarstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska líkama, sálar og anda. Mikið er lagt upp úr því að mæta hverju barni á eigin forsendum svo það fái að njóta sín sem best. Á námskeiðunum er unnið með kristið siðferði í hugsunum, orðum og gjörðum og sérstök áhersla á vináttu, kærleika og virðingu. Börnin fá daglega kristilega fræðslu, syngja kristilega söngva, biðja bænir og taka þátt í leikjum og styttri ferðalögum.

Í Lindakirkju í Kópavogi voru haldin sex leikjanámskeið sumarið 2025. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:45. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg en hefðbundinn dagur á leikjanámskeiðinu byrjar á leikjum og upphafsstund í Lindakirkju þar sem er sungið og hlýtt á hugleiðingu og dæmisögur úr Guðs orði. Eftir nestispásum um morguninn var jafnan farið í skemmtilegar ferðir á hina ýmsu staði og komið til baka um þrjú leytið. Á föstudögum var síðan góðri viku lokið með því að fara á sumarhátíð á Holtavegi 28, en þar var boðið upp á grillaðar pylsur, andlitsmálningu og hoppukastala. Á leikjanámskeiðunum starfaði forstöðufólk, leiðtogar og aðstoðarleiðtogar, sem Vinnuskóli Kópavogs lagði til. Þátttakendur námskeiðanna voru 143 talsins og var biðlisti á flest námskeiðin.

GUÐBJÖRG ÝR HILMARSDÓTTIR  
TÓK SAMAN



Starfsfólk leikjanámskeiðanna sótti ýmis undirbúningsnámskeið áður en sumarstarfið hófst. Lesa má nánar um þau í kaflanum um fræðslustarf. Eftirfarandi störfuðu á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Lindakirkju sumarið 2025: Aldís María Sigursveinsdóttir, Ásgerður, Bjargey Guðmundsdóttir, Bjartur Dalbú Ingibjartsson, Dagmar Edda A Guðnadóttir, Elma Björg, Eva Lind Hákonardóttir, Eyrún Birna Davíðsdóttir, Friðrik Kári, Hjördís Anna Matthíasdóttir, Messíana Baldvinsdóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Sólíný Helga Sigurðardóttir og Tómas Andri Gíslason.

Í Reykjanesbæ voru haldin þrjú leikjanámskeið sumarið 2025. Námskeiðin voru frá kl. 9–16 en húsið opnaði kl. 8:45. Leikjanámskeiðin gengu mjög vel og gaman að sjá að bæði leiðtogar og börn settu svip sinn á bæinn í byrjun sumars. Einnig var mikil ánægja foreldra með námskeiðin og mörg barnanna að koma í annað og þriðja skipti. Þátttakendur á námskeiðunum voru samtals 58. Eftirtaldir störfuðu á Leikjanámskeiðum KFUM og KFUK í Reykjanesbæ sumarið 2025: Guðbjörg Lára Aradóttir, Gunnar Þór Snæberg Jennýjarsen, Hera Björg Árnadóttir, Isabel Þorgeirsdóttir Luna, Júlía Mist Guðjónsdóttir, Kristján Óli Níels Sigmundsson, Sara Melissa Ófeigsdóttir Signý Gyða Pétursdóttir, Sunna Dís Guðbergsdóttir, Svanhildur Reynisdóttir og Vígðís Birta Guðmundsdóttir.



Hópefli og leikir kenndir á leiðtogahelgi í Vindáshlíð í 3.-5. október 2025.

## 4. LEIÐTOGAÞJÁLFUN

KFUM og KFUK vill vera vettvangur þar sem ungt fólk fær tækifæri til að vaxa, þroskast og eflast sem einstaklingar. Þess vegna leggur félagið mikla áherslu á metnaðarfullt fræðslustarf og þjálfun til þess að undirbúa leiðtoga félagsins á sem bestan hátt til að sinna starfi með börnum og unglingum á vettvangi deildastarfsins og sumarþúðanna. KFUM og KFUK hefur það hlutverk að efla ungt fólk til líkama, sálar og anda. Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK tekur mið af því að á hverju ári þarf félagið hóp af ungu fólki til að starfa á vettvangi þess, sem starfsmenn í sumarþúðum, leiðtogar í æskulýðsstarfi, verkefnastjórar í viðburðum eða til að taka sæti í stjórnnum og nefndum. Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK skapar góðan grunn til frekari starfa á vettvangi félagsins.

### Uppbygging leiðtogaþjálfunarinnar

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK byggir á fjórum þáttum sem leggjja grunninn að hlutverki og markmiði félagsins og koma fram í nafni þess. Bókstafurinn K táknar að við erum kristilegt félag með það aðalmarkmið að boða fagnaðararindið um Jesú Krist. Þess vegna er einn af grunnþáttum fræðslustarfsins að fræða um líf og starf Jesú Krists, bænalið og helgihald. Bókstafurinn F táknar að við leggjum áherslu á fræðslu um félagsstarf og almenna félagsmálafræðslu. Bókstafurinn U táknar að KFUM og KFUK býður upp á starf fyrir ungt fólk og leggur mikið upp úr því að leiðtogar í barna- og unglingastarfi séu búnir undir hlutverk sitt. Bókstafirnir M og K tákna að KFUM og KFUK er mannræktarhreyfing fyrir fólk á öllum aldri þar sem mannúðar- og samfélagsmál eru í brennidepli.

### NÁMSKEIÐ Á STARFSÁRINU 2025-2026

#### Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára ungmenni samanstendur af fjórum helgarsamverum á tveggja ára tímabili auk verklegrar þjálfunar milli leiðtogahelganna. Fræðslan á leiðtogahelgunum byggir á grunnstoðum leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK, K=kristin fræðsla, F=félagsmálafræðsla, U=ungmennalýðræði og M/K=mannrækt. Hjördís Rós Jónsdóttir er verkefnastjóri leiðtogaþjálfunar KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára. Hún hefur fengið til liðs við sig frábæra einstaklinga sem styðja við þjálfunina með einum eða öðrum hætti. Á starfsárinu voru haldnar tvær leiðtogahelgar.

#### Vindáshlíð 3.-5. október 2025, Leiðtogaþjálfun I og III

Fyrri leiðtogahelgin var haldin í Vindáshlíð dagana 3.-5. október. Haldin voru tvö aðskilin námskeið á sama tíma. Leiðtogaþjálfun I fyrir þau sem eru að stíga sín fyrstu skref í þjálfuninni og leiðtogaþjálfun III fyrir lengra komna. Á námskeiði I fengu þátttakendur að kynna féluginu og því sem það stendur fyrir, fengu fræðslu um siðareglur félagsins og um rauða þráðinn í Biblíunni auk þess að kynna sjálfum sér betur. Á námskeiði III fengu þátttakendur fræðslu um viðburðastjórnun, ræðumennsku og framkomu, um hugleiðingar og kristilega fræðslu og hvernig við getum verið frábærir liðsmenn. Um fræðslu á námskeiðunum sáu þau Arnar Ragnarsson, Erla Björg Káradóttir, Eydís Ösp Eypórsdóttir, Gunnar Hrafn Sveinsson, Helga Sóley Björnsdóttir, Hjördís Rós Jónsdóttir, Hreinn Pálsson og Jón Ómar Gunnarsson. Þátttakendur á námskeiðunum tveimur voru 51 talsins.

HJÖRDIS RÓS JÓNSDÓTTIR  
TÓK SAMAN



### Vatnaskógur 16.-18. janúar 2026, Leiðtogaþjálfun II og IV

Síðari leiðtogahelgin var haldin í Vatnaskógi dagana 16.-18. janúar. Líkt og á fyrri helginni, voru haldin tvö aðskilin námskeið; leiðtogaþjálfun II og leiðtogaþjálfun IV, sem voru framhaldsnámskeið frá leiðtogahelginni í október. Líkt og áður var flottur hópur leiðtoga sem tók þátt og helgin var stúf full af fræðslu og fjöri. Þátttakendur á námskeiði II lærðu um stjórnun og skipulag í starfi, hvernig fyrirmyndar leiðtogi hagar sér og hvers vegna hugleiðingar eru mikilvægur hluti af starfi félagsins. Á námskeiði IV lærðu þátttakendur hvernig bregðast eigi við krefjandi hegðun barna og hvernig sýna megi ábyrgð og frumkvæði í starfi. Einnig fengu þátttakendur að stíga út fyrir þægindarammann í ýmsum spunaleikjum og fluttu hugleiðingu. Um fræðslu á námskeiðunum sáu Ásgeir Pétursson, Guðni Már Harðarson, Gunnar Hrafn Sveinsson, Hjördís Rós Jónsdóttir, Hreinn Pálsson og Unnur Yr Kristinsdóttir. Helgin gekk vel fyrir sig og voru þátttakendur 52 talsins, þar af 16 sem kláruðu leiðtogaþjálfun IV.

### Leiðtogaráðstefnan GLS

Á hverju ári býðst leiðtogum og starfsfólki KFUM og KFUK að taka þátt í leiðtogaráðstefnunni Global leadership summit (GLS). Í ár nýttu nokkrir starfsmenn og stjórnarmeðlimir sér ráðstefnuna sem haldin var föstudaginn 7. nóvember á Grand hótél. Boðið var upp á flotta og uppbyggjandi fyrirlestra sem nýtast leiðtogum í starfi og eigin lífi.

### Samráðsfundur leiðtoga

KFUM og KFUK býður forstöðufólki og leiðtogum deildastarfsins upp á samráðsfund á hverju ári. Þar er rætt um starfið, nýjar hugmyndir og viðburði sem framundan eru. Einnig er farið yfir stöðu mála og liðna viðburði. Samráðsfundurinn var haldinn 25. ágúst 2025. Guðbjörg Yr Hilmarsdóttir skipulagði og stýrði fundinum. Samráðsfundir eru afar mikilvægir fyrir starf félagsins og dýrmætt að hafa vettvang þar sem starfsfólk, forstöðufólk og leiðtogar geta rætt saman og skipulagt deildastarfið.

### Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi


Á hverju ári býður KFUM og KFUK upp á námskeið og fræðslu sem undirbýr starfsfólk sumarsins á sem bestan hátt fyrir þau verkefni sem þeirra biða. Í ár var boðið upp á fjölda námskeiða sem starfsfólk gat sótt en það var Hjördís Rós Jónsdóttir sem hafði yfirumsjón með námskeiðunum. Í ár voru fulltrúar frá öllum sumarþúðum félagsins: Ársæll Aðalbergsson, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Erla Björg Káradóttir, Gunnar Hrafn Sveinsson, Guðbjörg Yr Hilmarsdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Helga Sóley Björnsdóttir, Jóna Þórdís Eggertsdóttir, Krístrún Lilja Gísladóttir og Tinna Rós Steinsdóttir.

Námskeiðin sem haldin voru í ár voru eftirfarandi:

- 21. maí Verndum þau (rafrænt) – Þorbjörg Sveinsdóttir
- 23. maí Námskeið fyrir starfsfólk sumarþúðanna (17 ára og eldri) – Hjördís Rós Jónsdóttir
- 27. maí Aðstoðarforingjar og forráðafólk – Hjördís Rós Jónsdóttir
- 3. júní Allt það helsta – Akureyri (FÉLL niður)
- 4. júní Skyndihjálpar og brunavarnir – Jón Pétursson og Kristján Sigfússon
- Maí/júní Námskeið fyrir matráða og eldhússtarfsfólk\*

\*Námskeið fyrir matráða og eldhússtarfsfólk

Í ár bauðst matráðum og eldhússtarfsfólki sumarþúðanna að sækja námskeið þar sem meðal annars var farið yfir rétta meðhöndlun matvæla, matarsóun, bakteríur og sjúkdómsvaldandi örverur, hreinlæti og þrif. Námskeiðið var rafrænt og gat hver þátttakandi farið yfir námsefnið á sínum hraða. Fyrirtækið Sýni sá um námskeiðið.



Verkefnavinna á undirbúningsnámskeiði starfsfólks sumarþúða 23. maí 2025.



Hópurinn sem sótti leiðtogaþjálfun #1 og #3 í Vindáshlíð 3.-5. október 2025.



Hópurinn sem sótti leiðtogaþjálfun #2 og #4 í Vatnaskógi 16.-18. janúar 2026.



Ásgeir Pétursson fræðir um hegðunarerfiðleika barna á leiðtogahelgi í Vatnaskógi 16.-18. janúar 2026.

### Hvers virði er KFUM og KFUK mér?

Ég kynntist starfi KFUM og KFUK fyrst almennilega þegar ég fór að mæta sem þátttakandi í unglíngastarfi KFUM og KFUK í Lindakirkju. Þar var ég með frábæra leiðtoga sem unnu einnig í samarbúðum KFUM og KFUK yfir sumarið. Leiðtogarnir bentu okkur á að sækja um sem aðstoðarforingjar í samarbúðunum og vinnuhópurinn minn gerði það.



Síðan þá hef ég verið hrifinn af öllu því góða og mikilvæga starfi sem KFUM og KFUK sinnir. Ég hef sögast meira og meira inn í starfið og tekið meiri og meiri þátt í starfi KFUM og KFUK. Þegar ég var kominn á annað árið mitt í framhaldsskóla buðu Gunnar og Hreinn, sem þá voru leiðtogar KFUM og KFUK í Lindakirkju, mér að starfa með þeim sem leiðtogi í unglíngastarfi Lindakirkju. Ég þekkti þá vel, enda voru þeir með starfið þegar ég var þátttakandi og ég var einnig búinn að vinna með þeim í Vatnaskógi.

Það er svo ótrúlega margt sem ég hef lært í KFUM og KFUK sem ég nota í daglegu lífi. Það er ekki bara að maður lærir helling sem maður getur tekið með sér út í lífið, heldur er það líka allt fólkið sem ég hef verið heppinn að kynna og starfa með á mismunandi sviðum innan KFUM og KFUK.

Það er eitt af því sem einkennir starf KFUM og KFUK. Allt þetta frábæra fólk sem er tilbúið að leggja mikið á sig til að tryggja að æskulýðurinn fái að blómstra og á sama tíma bjóða upp á vettvang til að kynna Jesús og Guði betur.

KFUM og KFUK er mér mjög mikils virði og því er svo ótrúlega gaman að fá tækifæri til að móta unga einstaklinga fyrir framtíðina sem vonandi síðar meir gera eins og ég og byrja að vinna fyrir þetta yndislega félag.

Jónas Breki Kristinnsson



Hópavinna á leiðtogahelgi í Vindáshlíð 3.-5. október 2025.

### Námskeið á Akureyri – Allt það helsta

3. júní var áætlað að halda námskeið fyrir starfsfólk á norðurlandi. Hjördís Rós Jónsdóttir hafði undirbúið fræðslu í samráði við Guðlaug Svein Hrafnsson en því miður féll námskeiðið niður vegna veðurs.

### Samstarf um leiðtogapjálfun 2025-2026

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Ungmennafélags Íslands. Vettvangurinn vinnur að sameiginlegum hagsmunamálum barna og ungmenna í íþrótt- og æskulýðsstarfi auk þess að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogapjálfunar og fræðslu- og forvarnarmála.

Auk netnámskeiða í barnavernd og siðareglum stóð Æskulýðsvettvangurinn fyrir öðrum námskeiðum á starfsárinu sem starfsfólk KFUM og KFUK var hvatt til að nýta sér.



Ungmennaráð KFUM og KFUK: Tristan Enok Kvaran Guðjónsson, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Dagmar Edda Á. Guðnadóttir, Karen Sól Halldórsdóttir, Svanhildur Reynisdóttir, Kristbjörg Katla Hinriksdóttir og Jakob Freyr Einarsson.

## 5. UNGMENNARÁÐ

GUÐBJÖRG ÝR HILMARSDÓTTIR  
TÓK SAMAN



Haustið 2025 var stigið mikilvægt skref í starfi KFUM og KFUK með stofnun ungmennaráðs félagsins. Með stofnun ráðsins er markvisst unnið að því að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks innan félagsins og tryggja að sjónarmið þess og hugmyndir fái aukið vægi í starfinu.

Hlutverk ungmennaráðs er að vera vettvangur fyrir beina aðkomu ungmenna að starfi félagsins, koma á framfæri sjónarmiðum þeirra m.a. til stjórnar og standa að eigin verkefnum og viðburðum. Ráðið hóf störf á árinu og lagði strax sitt af mörkum til starfseminnar.



Meðal verkefna ungmennaráðs KFUM og KFUK var að standa fyrir jólaballi í aðalstöðvum félagsins á Holtavegi 28.

Meðal verkefna ráðsins var jólaball KFUM og KFUK, sem haldið var laugardaginn 20. desember í húsnæði félagsins að Holtavegi 28. Viðburðurinn heppnaðist vel og var vel sóttur. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá fyrir fjölskyldur, þar á meðal lifandi tónlist, dans í kringum jólatréð, fönður, piparkökuskreytingar og heimsókn jólasveina. Ágóði af viðburðinum rann til uppbyggingar á nýju íþróttahúsi í Ölveri og endurspeglar verkefnið bæði félagslega ábyrgð og frumkvæði ráðsins.

Stofnun ungmennaráðs er mikilvæg viðbót við starfsemi KFUM og KFUK og styrkir tengsl félagsins við ungt fólk. Horfur eru góðar um áframhaldandi virkt starf ráðsins á komandi árum.

Í Ungmennaráði KFUM og KFUK sitja:

- Dagmar Edda Á. Guðnadóttir
- Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir
- Jakob Freyr Einarsson
- Karen Sól Halldórsdóttir
- Kristbjörg Katla Hinriksdóttir
- Svanhildur Reynisdóttir
- Tristan Enok Kvaran Guðjónsson



efnið sem fjölbreyttast og gjarnan fengnir góðir gestir til að halda erindi og fjalla um eða kynna áhugaverð málefni. Allir fundirnir hefjast með nokkrum upphafsorðum og bæn, sem er jafnan í höndum einhvers úr röðum félagsfólks, og fundunum lýkur svo með hugvekjju út frá Guðs orði. Yfirleitt eru sungnir eldri og yngri söngvar eða sálmar úr arfleifð félagsins. Eftir fundina er boðið upp á veitingar og gefur það gott tækifæri til að staldra við og spjalla saman. Fundargestir greiða fyrir með frjálsum framlögum og rennur ágóðinn til félagsins.



Á vormisserinu á síðasta ári var komið víða við í efni fundanna. Það hófst snemma í janúar með því að Guðrún Ágústsdóttir kom í heimsókn og sagði frá lífi og starfi ömmu sinnar og afa, þeirra frú Áslaugar Ágústsdóttur og sr. Bjarna Jónssonar dómkirkjuprests. Því næst fjallaði Ingi Bogi Bogason um skáldið Jóhann Jónsson og Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson kom og sagði frá för Íslendinga á Ólympíuleikana í London árið 1948. Gunnar Þór Bjarnason ræddi um spænsku veikina og sagnfræði fyrir almenning og Ásta Haraldsdóttir um áhrif Sørensen Kirkegaard á verk Henriks Ibsen. Gleðisveitin og Laura Scheving Thorsteinsson sáu um einn fund og Halldór Lárusson fjallaði um bók sína „Betri heimur“. Aldarafmæli starfsins í Kaldárseli voru gerð skil af Önnu Magnúsdóttur og sagt var frá ferð á Suðurskautslandið sem Klara V. Þórhallsdóttir, Vigfús Pálsson, Lára Gunnarsdóttir og Jarle Reiersen fóru. Haldið var velsótt óskalaðakvöld og Guðlaugur Gunnarsson ræddi um vísindin, gervigreindina og framtíð okkar. Loks var farin vorferð

á Akranes þar sem Hafsteinn Kjartansson var leiðsögumaður. Síðan tók við kvöldverður í safnaðarheimilinu og helgistund í kirkjunni í umsjá sr. Práins Haraldssonar.

Hautmiserið hófst undir lok september á því að Kári Kolbeinsson sagði frá og sýndi fuglamyndir sem hann hefur tekið og síðan kom sr. Guðmundur Karl Brynjarsson og sagði frá námsleyfi sínu á Ítalíu og sýndi málverk eftir sig. Esther Helga Guðmundsdóttir fjallaði um tólfsporastarfið og félagsfólk flutti frumsamin ljóð eftir sig á ljóðakvöldi. Sr. Elínborg Sturludóttir sagði frá og fjallaði um pílgrimagöngur. Þá var 50 ára afmæli leikskólans Vinagarðs á dagskrá. Farið var í heimsókn í Hnitbjörg, Listasafn Einars Jónssonar, með helgistund í lokin í Hallgrímskirkju. Sigmar Þormar sagði frá bókinni „Menntuð“, sem segir sögu Töru Westover. Haldið var annað óskalaðakvöld á árinu og Rúnar Vilhjálmsson hélt erindi um kristna trú og nútímann. Aðventufundur var að venju haldinn í byrjun desember þar sem sagt var frá aðventudagskrá í Vindáshlíð og sr. Arna Ýr Sigurðardóttir hafði hugvekjju. Auk þess sungu kórar félagsins nokkur lög saman og í sitthvori lagi. Af framansögðu er ljóst að þau eru mörg sem lögðu til efni á AD fundi KFUM og KFUK. Þá eru ótalin öll þau sem önnuðust upphafsorð og bæn, hugvekjur, stjórnun, hljóðfæraleik og kaffimeðlæti. Eru þeim færðar hjartans þakkir. AD-fundirnir voru vel sóttir á árinu, á bilinu 30 til 50 manns mættu að jafnaði.

Í AD-nefnd KFUM og KFUK eiga sæti Alfa Kristjánsdóttir, Ársæll Aðalbergsson, Dagný Bjarnhéðinsdóttir, Gunnar Jóhannes Gunnarsson (formaður) og Ólafur Sverrisson.



## 6. FULLORÐINS- OG FÉLAGSSTARF

Fjölskyldu- og fullorðinsstarf á vegum KFUM og KFUK á Íslandi er mikilvægur þáttur í starfi félagsins sem safnar saman fólk í öllum aldri. Þar er áhersla lögð á að efla einstaklingana til líkama, sálar og anda, styrkja tengsl fjölskyldna og samfélag félagsfólks með margvíslegum hætti. Leitast er við að bjóða upp á uppbyggilega dagskrá og samverustundir fyrir ólíka aldurshópa. Í hópi félagsmanna á aldrinum 18 til 99 ára er einnig að finna bakland félagsins, þá sem leggja sitt af mörkum sem sjálfbóðaliðar t.d. í stjórnun og nefndum eða vinnuflokkum sumarbúðanna.

### Fjölbreytt félagsstarf

Í KFUM og KFUK er rými fyrir fjölbreytt félagsstarf og verkefni. Formlegar stjórnir leiða sex þeirra. Verkefni eru: Aðaldeild KFUM og KFUK, Karlakór KFUM, Kvinnakórinn Ljósbrót, Basar KFUK, Jól í skókassa og Sportfélag KFUM og KFUK. Skýrslur þessara verkefna er að finna í kaflum 6.1 til 6.6.

### Sjálfbært starf

Til fjölda ára hefur verið lögð á það áhersla að fullorðinsstarf KFUM og KFUK sé sjálfbært fjárhagslega. Þannig er starfið borið uppi af sjálfbóðaliðum án þess að taka toll af þeim fjármunum sem ætlaðir eru barna- og æskulýsstarfi, eða að launað starfsfólk félagsins komi að því sérstaklega.

### Þakklæti til sjálfbóðaliða

Lögð er áhersla á að ábyrgð og umsjón viðburða í fjölskyldu- og fullorðinsstarfi KFUM og KFUK sé í höndum sjálfbóðaliða. Flestir viðburðir fullorðinsstarfsins hafa orðið að veruleika fyrir tilstilli, frumkvæðis og vinnu sjálfbóðaliða úr röðum félagsfólks. Stjórn KFUM og KFUK á Íslandi færir þeim kærar þakkir fyrir óeigingjarnt og alúðlegt starf í þágu félagsins og ómetanlegt framlag til þess.

## 6.1 AD KFUM OG KFUK

Áratuga hefð er fyrir starfi svonefndra aðaldeilda (AD) KFUM og KFUK, ætluðu fullorðnum. Lengst af var starfið tvískipt, annars vegar AD KFUK og hins vegar AD KFUM. Frá og með haustinu 2022 hefur verið starfrækt sameiginleg aðaldeild KFUM og KFUK. Markmið AD-fundanna er að vera til trúarlegar og félagslegrar uppbyggingar.

AD KFUM og KFUK heldur fundi á fimmtudagskvöldum yfir vetrarmánuðina. Að öllu jöfnu eru fundirnir haldnir í félagsheimilinu á Holtavegi en þó er af og til farið úr húsi og fundir haldnir annars staðar. Leitast er við að hafa



Þann 6. nóvember 2025 var hefðbundin fundardagskrá AD KFUM og KFUK brotin upp með heimsókn í Hnitbjörg, Listasafn Einars Jónssonar, á Skólavörðuholti.




Hátíðartónleikar Ljósbrots voru haldnir 4. janúar 2026 á Holtavegi 28. Gestir tónleikanna voru sönkonan Rannveig Káradóttir og klarinettleikarinn Baldvin Ingvar Tryggvason.

## 6.2 KVENNAKÓRINN LJÓSBROT

Ljósbrott, kór KFUK samanstandur af tónelskum konum sem koma saman alla miðvikudaga kl 17-19. í húsi KFUM og K á Holtavegi 28 og æfa undir stjórn Keith Reed kórstjóra. Kórinn heldur reglulega tónleika og kemur fram við ýmis tilefni.

Aðalfundur Ljósbrots var haldinn 26. febrúar 2025. Á fundinum voru hefðbundin aðalfundarstörf. Dagný Bjarnhéðinsdóttir stjórnaði fundinum og Ásta B. Þorbjörnsdóttir var fundarritari. Í stjórn kórsins voru kosnar þrjár



Lilja Jakobsdóttir Birna Gerður Jónsdóttir Hallgerður Bjarnhéðinsdóttir

konur sem skiptu með sér verkum: Lilja Jakobsdóttir formaður, Hallgerður Bjarnhéðinsdóttir, gjaldkeri og Birna Gerður Jónsdóttir ritari. Stjórn hittist reglulega með og án kórstjóra þegar þess er þörf. Þá hefur stjórn kórsins hitt stjórn Karlaðkórs KFUM til að ræða sameiginleg mál s.s. tónleika ofl. Nokkrir kórmeðlimir tóku að sér að sauma slár/búninga sem hafa verið notaðir

þegar kórinn kemur fram. Á vorönn kom kórinn fram á Kristniboðsviku í Fíladelfíukirkju og í Hafnarfjarðarkirkju í tilefni 100 ára afmælis Kaldársels. Kórinn lauk starfsárinu 2025 með því að vera gestakór á vortónleikum Karlaðkórsins Stefnis þann 7. maí 2025 í Guðríðarkirkju. Sungu báðir kórarnir nokkur lög og enduðu á samsöng lagsins Á sprengisandi. Fyrsta æfing að hausti var 17. september 2025.

Kórinn söng á jólafundi SÍK á Háaleitisbraut og á jólafundi AD KFUM og K á Holtavegi. Sáú kórmeðlimir um veitingar á þeim fundi til fjáröflunar fyrir kórinn. Hátíðartónleikar voru haldnir 4. janúar 2026 á Holtavegi 28. Gestir tónleikanna voru sönkonan Rannveig Káradóttir og klarinettleikarinn Baldvin Ingvar Tryggvason. Tónleikarnir heppnuðust vel og var almenn ánægja með söng og tónlist.

Stefnt er að vortónleikum þann 3. maí. 2026.

Viltu ganga í kórinn? Prófaðu að koma á æfingu hjá okkur. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Keith Reed kórstjóra (keithbaritone@gmail.com).

BIRNA GERÐUR JÓNSDÓTTIR  
RITARI LJÓSBROTS



## 6.3 KARLAÐKÓR KFUM

Karlaðkór KFUM var stofnaður í febrúar árið 2009 með það að markmiði að efla sönglíf innan KFUM. Síðan þá hafa nokkrir tugir vaskra, miðaldra drengja komið saman yfir vetrartímann á mánudagskvöldum frá kl. 19:30 til 21:15. Núverandi stjórnandi er Ásta Haraldsdóttir og frá og með síðastliðnu hausti hefur Antonia Hevesi verið meðleikari.

Starfsárið 2025 hófst mánudaginn 13. janúar. Æft var í aðalstöðvum KFUM og KFUK að Holtavegi 28. Æfingar voru brotnar upp með orði og bæn þar sem hópur kórmeðlima skiptist á að annast þann lið. Lesið hefur verið úr Biblíunni, stutt hugvekja flutt og síðan sungið eitt lag. Hefur sá síður verið við lýði í allnokkur ár og þykir alveg ómissandi liður. Ásta Haraldsdóttir bauð kórmeðlimum til kaffisamsætis heim til sín laugardaginn 18. janúar og var það hin ánægjulegasta samvera.

Á ársfundi kórsins sem haldinn var þann 31. mars lauk Stefán Sandholt starfstíma sínum sem ritari og undirritaður (Þorgils Hlynur Þorbergsson) tók við af honum. Sendir hann hér með frá sér sína fyrstu ársskýrslu. Gunnar Jóhannes Gunnarsson er áfram formaður kórsins og Helgi Gíslason gjaldkeri.



Gunnar J. Gunnarsson Helgi Gíslason Þorgils Hlynur Þorbergsson

Vortónleikar kórsins voru haldnir þriðjudagskvöldið 6. maí kl. 20. Gestaflytjandi og jafnframt leynigestur var Guðbjörn Mar Þorsteinsson, sellóleikari. Sunnudaginn 11. maí var síðan Guðmundur Ingi Leifsson gerður að heiðursfélaga kórsins fyrir frumkvæði sitt að því að karlaðkórinn var endurreistur árið 2009. Hlaut hann viðurkenningarskjal og blómvönd. Hann bjó á dvalarheimilinu Söltúni. Kom kórinn saman í borðsal hússins og söng nokkur lög fyrir hann og aðra íbúa. Eftir þá samveru bauð Ásta kórfélagum til kaffisamsætis heima hjá sér. Þar með lauk vormisseri 2025.

Haustmisseri gekk í garð, æfingar hófust að nýju eftir gott sumarfrí mánudagskvöldið 15. september. Sú breyting var gerð að Bjarni Gunnarsson hætti sem meðleikari vegna anna og í hans stað var ráðin Antonia Hevesi. Jafnframt hækkaði misserisgjald fyrir þátttöku í kórnum úr 18.000 krónum í 20.000 krónur.

Heldur fámenn var á fyrstu æfingunum en heldur fjölgaði í hópnum á næstu æfingum. Ritari kórsins, Þorgils Hlynur Þorbergsson, var kominn með bókhald fyrir orð og bæn og tók upp þá nýlundu að þau sem önnuðust orð og bæn kæmu einnig með eitthvað gott með kaffinu. Mæltist það vel fyrir.

Föstudaginn 14. nóvember hélt vaskur hópur kórdringja upp í Vatnaskóg til að syngja fyrir Sigurð Jóhannesson, en hann hafði orðið átræður deginum áður. Daginn eftir, laugardaginn 15. nóvember, var langur æfingadagur að Holtavegi 28 og gekk hann vel.

Miðvikudaginn 26. nóvember söng kórinn við útför Jóhannesar Ingibjartssonar, en hún fór fram frá Grensáskirkju kl. 13 þann dag. Jóhannes lést þann 13. nóvember. Blessuð sé minning hans.



Nokkrir félagar í Karlaðkór KFUM stilltu sér upp fyrir myndatöku áður en æfing hófst 30. mars 2026.

Á aðventufundi Aðaldeildar KFUM og KFUK fimmtudaginn 4. desember sungu Karlaðkór KFUM og Kvennakórinn Ljósbrott tvö lög saman auk þess sem báðir kórarnir sungu tvö lög hvor um sig. Einnig kom Karlaðkór KFUM fram á árlegri aðventusamveru í Friðrikskapelli miðvikudagskvöldið 10. desember kl. 20 ásamt Fóstbræðrum og sungu báðir kórar nokkur vel valin lög.

Jólatónleikar kórsins fóru svo fram fimmtudaginn 11. desember kl. 20 þar sem Bryndís Mjöll Schram Reed kom fram sem gestasöngvari. Að loknum tónleikum voru Bryndís Mjöll, Ásta stjórnandi, Antonia meðleikari og Bjarni Gunnarsson, fráfaramaður meðleikari, öll heiðruð með blómvöndum. Eftir tónleikana buðu Skógarmenn KFUM upp á heitt súkkulaði og konfekt til fjáröflunar fyrir Vatnaskóg. Þannig lauk starfsárinu 2025.

Að lokum ber að þakka fyrir enn eitt skemmtilegt starfsár með þessum kór og gott samstarf með öðrum stjórnarmeðlimum, þeim Gunnari Jóhannesi Gunnarssyni formanni kórsins og Helga Gíslasyni gjaldkera, auk Ástu Haraldsdóttur stjórnanda og meðleikurum tveimur, Bjarna Gunnarssyni og Antoniu Hevesi. Guðlaugur Gunnarsson hefur haft veg og vanda af heimasíðu kórsins, auk þess sem hann hefur ort og þýtt marga þá texta sem sungnir hafa verið. Ennfremur vill ritari þakka öllum þeim sem haft hafa orð og bæn í hálfleik og komið með gott maul með kaffinu.

ÞORGILS HLYNUR ÞORBERGSSON  
RITARI KARLAÐKÓRS KFUM





Aðstandendur Basars KFUK, við upphaf basarsins 29. nóvember 2025.



Margskonar handunnar hannyrðir voru á boðstólum.



Bakkelsi og sultur seldust fjótt.

## 6.4 BASAR KFUK

Basar KFUK er kærkomin hefð á aðventunni, haldinn laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu, þar sem hlýja, handverk og samstaða mætast í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Markmiðið er skýrt: Að efla og styrkja starfsstöðvar KFUM og KFUK með sameiginlegu átaki félagsfólks, vina og gesta.



Bárá Sigurjónsdóttir Anna Elísa Gunnarsdóttir Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir Berglind Ósk Einarsdóttir

Að baki Basars KFUK stendur stjórn sem sér um undirbúning og framkvæmd. Í stjórn þessa starfsárs sitja Bárá Sigurjónsdóttir formaður, Anna Elísa Gunnarsdóttir Zimsen gjaldkeri, Berglind Ósk Einarsdóttir ritari og Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir meðstjórnandi. Auk stjórnar vinnur basarnefnd þétt að skipulagningu basarsins. Þetta árið var basarnefnd skipuð af Áslaugu Dóru Einarsdóttur, Maríu Sighvatsdóttur og Sigrúnu Lilju Guðbjörnsdóttur, auk basarstjórnar. Með þeim vinnur samhentur hópur sjálfboðaliða sem leggur metnað, sköpunargleði og ómetanlegan tíma í verkefnið, bæði við gerð handverks, undirbúning og á basardeginum sjálfum.

Basarinn var haldinn laugardaginn 29. nóvember 2025 frá kl. 13 - 17 á Holtavegi 28 í Reykjavík. Um leið og gestir stigu inn barst þeim dásamlegan ilm af nýbökudum vöflum og heitu kakói og í kaffiteriunni beið notaleg aðventustemning. Í stóra salnum prýddu vonduð handverk borðin, hvert eintak gert af alúð og natni.

Aftast í salnum var síðan heimagerða góðgætið í aðalhlutverki: Smákökur og tertur sem alltaf seljast hratt, nýbakað hrökkbrauð og gómsætar sultur, allt fullkomið til að bera á borð í jólakaffinu heima. Margir nýttu tækifærið til að kíkja snemma, styðja félagið með kaupum og bjóða svo fjölskyldu og vinum í ilmandi kaffiboð síðar um daginn eða næsta dag á fyrsta sunnudegi í aðventu.

Viðbrögðin voru frábær og aðsóknin góð, sönnun þess að elsti basar landsins heldur áfram að blómstra. Ágóðinn rennur til verkefna sem styrkja aðstöðu og velferð barna og ungmenna í starfi KFUM og KFUK og að þessu sinni hefur verið ákveðið að láta ágóða renna til sumarþúðanna Vatnaskógar til uppbyggingar á nýjum matskála.

Stjórn verkefnisins vill færa innilegar þakkir til allra sjálfboðaliða fyrir óeigingjarnt starf, kraftmiklu kaffisölufólki fyrir baksturinn og stemninguna og síðast en ekki síst öllum þeim sem lögðu fram handverk, bökuðu góðgæti, komu við og versluðu eða veittu styrki. Án ykkar væri basarinn ekki til.

BERGLIND ÓSK EINARSDÓTTIR  
RITARI BASARS KFUK



Þórunn Arnardóttir og Herdís Gunnarsdóttir tilbúnar fyrir afgreiðslustörf.



Hjónin Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir og Gísli Jónsson önnuðust vöflubakstur og kaffisölu.



Prúðbúin börn í Kirovohrad í Úkraínu opna gjafirnar sem íslensk börn útbjuggu handa þeim.

## 6.5 JÓL Í SKÓKASSA

Verkefnið Jól í skókassa er hluti af starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Verkefnið er góðgerðastarf sjálfbóðaliða og snýst um að safna jólagjöfum fyrir börn og unglinga í Úkraínu sem búa við fátækt, veikindi, erfiðar aðstæður eða líða á annan hátt fyrir aðstæður sínar.

Stjórn verkefnisins var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

- Björgvin Þórðarson, formaður
- Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri
- Hreinn Pálsson, ritari
- Ingibjörg Valgeirsdóttir, meðstjórnandi
- Áslaug Björgvinsdóttir, meðstjórnandi



Björgvin Þórðarson Mjöll Þórarinsdóttir Hreinn Pálsson Ingibjörg Valgeirsdóttir Áslaug Björgvinsdóttir

### Verkefni stjórnarinnar

Helstu verkefni stjórnar á árinu var undirbúningur fyrir söfnun jólagjafanna og móttaka á jólagjöfum. Önnur verkefni stjórnarinnar voru m.a. samskipti við fjölmiðla og annars konar kynning á verkefninu, samskipti við sjálfbóðaliða, styrktaraðila verkefnisins, tengiliði verkefnisins á landsbyggðinni sem og í Úkraínu. Einnig skýrslugerð í tengslum við flutning jólagjafanna og önnur tilfallandi verkefni.

### Söfnun gjafa

Árið 2025 var tuttugasta og annað árið í röð sem jólagjöfum var safnað fyrir munaðarlaus og fátæk börn í Úkraínu. Lokaskiladagur gjafa í Reykjavík í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi var laugardagurinn 8. nóvember, 2025 en fyrir þann tíma var hægt að koma kössum til skila víða um land. Fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum á landsbyggðinni sá um að taka á móti gjöfum og koma þeim til Reykjavíkur. Starfsfólk KFUM og KFUK gegndu jafnframt viðamiklu hlutverki í að taka á móti jólagjöfum. Alls söfnuðust 4.410 gjafir. Öllum skókössum var pakkað á bretti og komið fyrir í stórum gámi. Mánudaginn 9. nóvember 2025 var gámurinn sóttur og hófst þá ferðalag gámsins frá húsi KFUM og KFUK við Holtaveg til Kirovohrad í Úkraínu. Eimskip styrkti flutninginn innanlands og sá um sjöflutninginn.

### Útdeiling gjafa til barna í Úkraínu

Dreifing gjafanna í Úkraínu var alfarið í höndum sjálfbóðaliða verkefnisins þar í landi og lauk henni í janúar 2026. Aðstæður í landinu voru áfram krefjandi vegna stríðsástandsins. Þrátt fyrir að minna hafi verið um árásir á því svæði sem verkefnið hefur einkum þjónað hefur fjöldi fólks leitað þangað á flóttu og margir búa við verulegan skort. Við þær aðstæður skiptir framlag verkefnisins verulegu máli og veitir börnum og ungmennum bæði efnislegan stuðning og gleði á jólahátíð.

### Þakkir

Stjórnin vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í verkefninu, hvort sem var með sjálfbóðastarfi, gjöfum eða öðrum stuðningi. Framlag ykkar, jafnt stórt sem smátt, er forsenda þess að unnt sé að halda verkefninu úti ár eftir ár. Það er ykkur að þakka að fjöldi barna og ungmenna sem býr við erfiðar aðstæður fær jólagjöf sem veitir gleði og hamingju á jólahátíðinni.

HREINN PÁLSSON  
RITARI JÓL Í SKÓKASSA



Unglingadeild KFUM og KFUK í Lindakirkju útbjó jólagjafir fyrir verkefnið.





16 manns tóku þátt í fjögurra náttu ferð í Hlöðuvík. Á myndinni er hópurinn uppi á Hælavíkurbjargi með Hornvík og Hornbjarg í bakgrunni.



Gegngið á Búfell.




Frá rafmagnshjólaviku Sportfélagsins á Spáni í nóvember 2025.

## 6.6 SPORTFÉLAG KFUM OG KFUK

Sportfélag KFUM og KFUK er útivistarfélag sem stendur fyrir göngu- og hjólaferðum. Félagið er opið öllu útivistarhugafólki, óháð félagsaðild að KFUM og KFUK. Viðburðir eru auglýstir í Facebook-hópnum „Sportfélag KFUM og KFUK“ og eru styttri ferðir án þátttökugjalds. Í árslok 2025 voru hátt í 700 manns skráðir í hópinn.

Starf félagsins er í höndum þriggja manna stjórnar. Í stjórn sitja Pétur Ásgeirsson, formaður, Stefán Ingi Guðjónsson, ritari, og Guðrún Nína



Pétur Ásgeirsson Stefán Ingi Guðjónsson Guðrún Nína Petersen

Petersen, gjaldkeri. Á árinu 2025 voru haldnir þrjú stjórnarfundir, allir í formi netfunda, auk þess sem stjórnarmenn ræddu reglulega saman í tengslum við ferðir. Helstu verkefni stjórnar eru skipulagning ferða og utanumhald um starfsemi félagsins, þar á meðal Facebook-hópin.

Á árinu 2025 voru 17 viðburðir á dagskrá félagsins. Starfsemin var umfangsmeiri yfir sumarmánuðina en yfir veturinn. Að meðaltali mættu níu þátttakendur í hverja ferð og heildarfjöldi þátttakenda á árinu var 157.

Helsta lengri ferð ársins var fjögurra náttu gönguferð í Hlöðuvík á Hornströndum í júlí, þar sem 16 manna hópur naut útivistar í einstöku náttúru. Fararstjóri í ferðinni var Pétur Ásgeirsson.

Í nóvember stóð Sportfélagið fyrir rafmagnshjólaviku á Spáni í samstarfi við norsku biblíu- og kristniboðsmiðstöðina Centro Sarepta. Sex þátttakendur tóku þátt í ferðinni, þar sem hjólað var um Costa Blanca-svæðið, frá Altea í norðri til Villajoyosa í suðri. Þetta var fjórða ferð félagsins á Spáni. Af styttri ferðum ársins má nefna gönguferðir á höfuðborgarsvæðinu og víðar, meðal annars á Úlfarsfell, Búfell, Mosfell, Arnarfell við Þingvallavatn, hjólaferð í Grafarvogi og dagsferð eftir gamla Þingvallaveginum frá Grafningi að Nesjavallaleið, um 20 km leið, með viðkomu í enduruppgerðu sæluhúsi á Mosfellsheiði. Af 17 ferðum ársins voru tvær hjólaferðir. Fararstjórnar í ferðum félagsins voru (í stafrófsröð): Anna Magnúsdóttir, Finnbogi Björnsson, Guðrún Nína Petersen, Pétur Ásgeirsson og Þórkatla Jónasdóttir.

Sportfélagið leggur áherslu á að tengja útivist og kristið trúarlíf og markar sér þannig sérstöðu meðal göngufélaga. Í ferðum er stundum boðið upp á lestur ritningarorða, bænir eða íhugun.

Félagið hefur einnig hvatt til þátttöku í viðburðum annarra, svo sem samkirkjulegri bænagöngu á sumardaginn fyrsta og hjólreiðamessu safnaða í Hafnarfirði og Garðabæ. Þá kom Sportfélagið að skipulagningu göngu á Helgafell í tengslum við 100 ára afmæli Kaldársels sumarið 2025.

Hreyfing utandyra í kristnum félagsskap er nærandi fyrir líkama, sál og anda. Allir sem hafa getu til að taka þátt í göngu- eða hjólaferðum eru velkomnir.

STEFÁN INGI GUÐJÓNSSON  
RITARI SPORTFÉLAGS KFUM OG KFUK



Ekki þarf alltaf að fara langt. Gönguferð Sportfélagsins í Elliðaárdalnum.



Áð í nýlegu sæluhúsi í gönguferð Sportfélagsins á Mosfellsheiði.





KFUM var stofnað 1844 rétt við St. Pauls dómkirkjuna í London. Í kirkjunni er að finna merki félagsins í steindum glugga, en þar er vísað til mikils mannúðarstuðnings sem KFUM veitti breskum hermönnum í fyrri heimstyrjöldinni. George Williams stofnandi KFUM er grafinn í kirkjunni.

## 7. ALPJÓÐASTARF

HILMAR JÓNSSON  
TÓK SAMAN



Alþjóðlegt samstarf er hluti af starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi þar sem félagið tilheyrir stærra alþjóðlegu samfélagi. Félagið á í samstarfi við sambærileg samtök bæði innan Evrópu og á heimsvísu, auk sérstaks norræns samstarfs og vinasamstarfs við alþjóðaráð Dana. Félagið tekur einnig þátt í fjölbreyttum verkefnum fyrir ungmenni og leiðtoga, stundum í samstarfi við önnur félagsamtök eða á styrkjum Evrópusambandsins. Alþjóðastarfið fer fram bæði innanlands og erlendis.

### Alþjóðaráð

Alþjóðaráðið vinnur að því að efla alþjóðlega þátttöku og tengsl KFUM og KFUK á Íslandi. Það sér um samskipti við erlenda aðila, fylgist með viðburðum og verkefnum erlendis og hefur umsjón með vali þátttakenda í þau. Einnig sinnir ráðið kynningu á starfi félagsins erlendis. Alþjóðaráðið hefur ekki verið virkt á síðasta starfsári en Hilmar hefur sinnt formennsku þess frá 2022. Í mars á þessu ári tók Karen Sól Halldórsdóttir við formennsku þess.

### Leiðtoganámskeið í Michelstadt

Leiðtoganámskeiðið „European YMCA Youth Workers Camp“ verður haldið í sumarþáttum KFUM í Michelstadt í Þýskalandi dagana 8. til 16. ágúst. Ísland er meðal umsækjanda um Erasmus+ styrk og stefnir á að senda leiðtoga og sjálfboðaliða.



Hilmar Jónsson og félagar í stjórn KFUM Evrópu (YMCA Europe) við minningarskjöld í London á þeim stað er George Williams og 11 félagar hans stofnuðu KFUM 1844.



Tómas Torfason sótti fund framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu í Helsinki 10. til 12. nóvember 2025

### KFUM í Evrópu

KFUM og KFUK á Íslandi er fullgildur aðili að KFUM í Evrópu (YMCA Europe), samtökum KFUM félaga í Evrópu. Félagið tekur virkan þátt í starfi samtakanna á fjölbreyttan hátt, meðal annars með því að sækja ráðstefnur, námskeið og aðalfundi. Hilmar Jónsson sat í stjórn frá 2024 til 2026 og sótti stjórnarfund í London 6. til 9. október 2025.

### Aðalfundur KFUM í Evrópu

Aðalfundur KFUM í Evrópu (YMCA Europe) var haldinn í Brussel þar sem evrópuþingið var heimsótt.

### Heimssamband KFUM

Ísland er aðili að heimssambandi KFUM en tók ekki þátt í neinum verkefnum á árinu. Heimsping KFUM verður haldið í Toronto í júlí þetta árið og stefnir Ísland ekki á að taka þátt.

### Fundur framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu

Tómas Torfason sótti fund framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu í Helsinki 10. til 12. nóvember 2025. Fundinn sóttu 24 leiðtogar frá KFUM samtökum víðs vegar um Evrópu. Meðal annars var rætt um stefnumótum, samvinnu og sýn félagsins til 2044.

### Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Ég var unglingur þegar ég kynntist starfi KFUM og KFUK í Keflavík. Á þeim árum var blómlegt starf og við unglingarnir fengum mikla hvatningu til að taka ábyrgð í starfi sem okkur var falið að halda utan um.

Á þessum árum var þjálfun leiðtoga öflug allt frá dagskrárgerð fyrir starf yngri deilda í Keflavík og Sandgerði, skipulagning og fundarstjórn og hugleiðinga gerð. Í starfinu í Keflavík lærði ég, og við sem þar sóttum fundi, mikilvægi þess að taka ábyrgð á starfinu og að framlag allra skipti máli.

Í KFUM og KFUK fékk ég tækifæri til að þroska leiðtogafærni mína sem hefur reynst mér vel til dagsins í dag. Það hefur og er mér dýrmætt að hafa fengið tækifæri til að þroskast og takast á við verkefni sem okkur krökkunum var treyst að fullu fyrir.

Í félaginu eignaðist ég góða vini sem halda hópinn enn í dag. Það dýrmætasta við starfið er áhersla á að allir fái tækifæri til að spreyta sig á skemmtilegum verkefnum og hafa svigrúm til að læra af mistökum og gera betur næst.

Linda S. Sigurðardóttir

## 8. INNLEND SAMSTARFSVERKEFNI

KFUM og KFUK á Íslandi á samstarf við fjölmarga aðila innanlands. Í kaflanum er greint frá helstu samstarfsaðilum og samstarfsverkefnum á starfsárinu.

### Æskulýðsvettvangurinn

KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta, Ungmennafélag Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg mynda saman samstarfsvettvang undir heitinu Æskulýðsvettvangurinn (ÆV). Þetta samstarf má rekja til ársins 2007, en formleg stofnun ÆV fór fram 2012 þegar ÆV fékk lög og kennitölu og réði til sín starfsmann.

Tilgangur og markmið ÆV er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslu- og forvarnarmála, útbreiðslu og kynningar og á öðrum sviðum eftir því þurfa þykir. Starf ÆV felst í að auka gæði og öryggi í íþrótt- og æskulýðsstarfi með hagsmuni barna og ungmenna að leiðarljósi. Það gerir ÆV með fræðslustarfi og námskeiðum, með því að miðla þekkingu og reynslu og með því að leggja til verkfæri og verkferla. Gildi ÆV eru vellíðan, velferð og öryggi.

Stjórn ÆV skipuðu þau Tómas Torfason (KFUM og KFUK), Auður Þorsteinsdóttir formaður (UMFÍ), Gunnar Stefánsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg) og Ragnar Þór Prastarson (BÍS). Kolbrún Ósk Pétursdóttir er verkefnastjóri ÆV í 50% starfi.



Kolbrún Ósk Pétursdóttir

TÓMAS TORFASON  
TÓK SAMAN



### Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs

KFUM og KFUK á gott samstarf við Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, sem skipaður er af stjórnvöldum. Markmiðið með starfsemi Samskiptaráðgjafa er að stuðla að því að íþrótt- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar. Starfsfólk hjá embætti samskiptaráðgjafa eru Kristín Skjaldardóttir og Hjálmtýr Alfreðsson.

### Kristilega skólahreyfingin

Kristilega skólahreyfingin (KSH); Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF) hafa átt náið samstarf við KFUM og KFUK á Íslandi um áratuga skeið. Samstarfið er það náið að margir líta á starf skólahreyfingarinnar sem hluta af starfi KFUM og KFUK. Starf KSS miðast við aldurshópinn 15-20 ára og starf KSF fyrir háskólastúdenta. Ungmennastarf skólahreyfingarinnar hefur verið það samofið starfi KFUM og KFUK, að félaginu hefur ekki þótt ástæða til að standa fyrir eigin starfi fyrir sama aldurshóp í Reykjavík. Starfsmaður KSH er Matthías Guðmundsson. Hann er með starfsaðstöðu á Holtavegi 28 og er hluti af starfsmannateymi KFUM og KFUK. Starfshlutfallið er 50%.



Matthías Guðmundsson



Friðrikskapella er í sameiginlegri eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur.

KSS heldur vikulega fundi sína í félagshúsi KFUM og KFUK á Holtavegi og árleg mót sín í sumarbúðum félagsins. Þá fléttast starf KSS saman við leiðtogaþjálfun félagsins. Starf KSF hefur einnig verið blómlegt á starfsárinu. Samverur hafa verið annað hvert miðvikudagskvöld á Holtavegi 28.

### Þjóðkirkjan

Præðir KFUM og KFUK og Þjóðkirkjunnar liggja víða saman. KFUM og KFUK á Íslandi á náið og gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf (sjá nánar kafla 2). Leikjánaðmskeið KFUM og KFUK í Kópavogi eru haldin í samstarfi við Lindakirkju. Félagið á mikið samstarf við söfnuði þjóðkirkjunnar um fermingarnámskeið í Vatnaskógi (sjá kafla 11). Þá nýta fjölmargir hópar innan þjóðkirkjunnar aðstöðu í sumarbúðum KFUM og KFUK fyrir námskeið og aðra viðburði.

### Friðrikskapella á Hlíðarenda

Friðrikskapella er sjálfseignarstofnun á vegum KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Knattspyrnufélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Í Friðrikskapellu eru haldnar hádegissamverur á mánudögum yfir vetrarmánuðina. Þá er kapellan nýtt fyrir margskonar viðburði og samverur. Fulltrúi KFUM og KFUK í stjórn kapellunnar er Kári Geirlaugsson.

### Mennta- og barnamálaráðuneytið

Stjórnvöld hafa ríkan skilning á mikilvægi æskulýðsstarfs fyrir íslenskt samfélag. KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við Mennta- og barnamálaráðuneytið, sérstaklega íþrótt- og æskulýðsdeildina. Valgerður Þórunn Bjarnadóttir er tengiliðir ráðuneytisins við félagið. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK á Íslandi og Mennta- og barnamálaráðuneytisins af hálfu ríkisins.

### Sveitarfélög

KFUM og KFUK á gott samstarf við fjölmörg sveitarfélög. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK og Reykjavíkurborgar. Þjónustusamningar eru á milli KFUM og KFUK Suðurnes (sjá kafla 18) og Reykjanesbæjar annarsvegar og milli KFUM og KFUK á Akureyri (sjá kafla 16) og Akureyrarbæjar. Hafnarfjarðarbær styður starfið í Kaldáseli auk þess sem KFUM og KFUK á gott samstarf við Kópavogsbæ vegna leikjánaðmskeiða í Lindakirkju. Leikskólinn Vinagarður (sjá kafla 19) á gott samstarf við fræðsluvið Reykjavíkurborgar og Vínasetrið í Kaldárseli (sjá kafla 20) á gott samstarf við félagsþjónustur sveitarfélaganna á suðvesturhorni landsins.



KFUM og KFUK á Íslandi á náið og gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf. Vídalínskirkja í Garðabæ er þeirra á meðal.

### Almannaheill

KFUM og KFUK er fullgildur aðili að Almannaheillum, samtökum þriðja geirans. Samtökin vinna að sameiginlegum hagsmunarmálum almannaheillafélaga, meðal annars að skattaleg staða þeirra verði bætt. Tómas Torfason, framkvæmdastjóri KFUM og KFUK, var stjórnarformaður Almannaheilla frá því 2023 til 2025.

### Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Ég er svo heppin að KFUM og KFUK hefur alltaf verið stór og mikilvægur partur af lífi mínu eða allt frá því að ég man eftir mér. Ég fór ung í Vatnaskóg í fjölskylduflokka og feðginaflokka og besta helgi ársins var alltaf án efa Sæludagar um verslunarmannahelgina.

Þegar ég var 6 ára gömul fór ég í fyrsta skiptið í Ölver og hef ég síðan farið á hverju ári, sem barn, aðstoðarforingi og núna síðustu ár sem foringi.

Fyrir utan sumarþúðirnar var ég sem barn á Vinagarði (leikskóla KFUM og KFUK) og tók virkan þátt í barna og unglingastarfi KFUM og KFUK í Lindakirkju. Þar sem ég síðar varð leiðtogi. Ég hef einnig tekið þátt í starfi KSS og KSF.

Í KFUM og KFUK hef ég upplifað samfélag sem einkennist af kærleika, trausti og samheldni, þar sem trúin fær að vera eðlilegur hluti af daglegu lífi. Ég hef sótt námskeið hjá KFUM og KFUK þar sem ég hef lært ótal hluti og gert mig að þeim leiðtoga sem ég er í dag. Þátttaka í félaginu hefur gefið mér sjálfstraust og ævilanga vináttu sem mér finnst ómetanlegt. Að fá sjálf að vera foringi í sumarþúðum og miðla áfram þeirri trú, von og kærleika sem ég hef fengið að upplifa er mér bæði dýrmætt og mikið þakklaetisefni.

Sigríður Sól Ársælsdóttir

## Námskeið Æskulýðsvettvangsins



Barnavernd



Einelti í íþrótt- og æskulýðsstarfi



Hatursorðræða



Hinsegin fræðsla



Inngilding og fjölmennig



Samskipti og síðareglur



Skjónotkun barna og ungmenna



Verndum þau

## 9. ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL

Útgáfu- og kynningarmálum KFUM og KFUK sinna bæði starfsmenn félagsins og sjálfboðaliðar. Fjölbreyttir miðlar eru nýttir til að koma á framfæri því fjölbreytta starfi sem félagið býður upp á. Þannig hefur vægi samfélagsmiðla aukist ár frá ári. Hluti af kynningarstarfinu er unnið í þágu félagsins í heild, meðan annað snýr að afmörkuðum starfsstöðvum, verkefnum eða viðburðum. Stundum snýr kynningarstarf að afmörkuðum hópi, t.d. félagsfólki KFUM og KFUK, en í öðrum tilfellum er horft til breiðari hóps almennings, t.d. þegar kemur að kynningarstarfi fyrir sumarþúðirnar.

### Ársskýrsla

Vorið 2025 kom ársskýrsla KFUM og KFUK á Íslandi út fyrir starfsárið 2024–2025 og var send til félagsfólks ásamt boðsbréfi fyrir aðalfund KFUM og KFUK. Stuttu síðar var hún einnig send til velunnara félagsins.

### Vefsvæði og aðrir samskiptavefir

Félagið heldur úti öflugum vefsvæði á slóðinni [www.kfum.is](http://www.kfum.is). Fyrir utan heimasíðuna sem birtist á [www.kfum.is](http://www.kfum.is), samanstendur svæðið af níu sjálfstæðum vefsíðum fyrir starfsstöðvar og verkefni innan félagsins. Á starfsárinu var ný heimasíða félagsins opnuð, en vefstofan Avista hefur unnið hana fyrir og með félaginu.

Facebook síða KFUM og KFUK á Íslandi birtir fréttir og myndir úr starfinu ásamt því að kynna sérstaka viðburði. Síðan hefur rúmlega 2600 fylgjendur. Umsjón er að mestu leyti í höndum Elínar Hrunnar Garðarsdóttur. Félagið notar Facebook mikið sem verkfæri í samskiptum við félagsfólk og almennig. Þannig eru margir hópar, starfsstöðvar og verkefni með sínar eigin Facebook síður. Þá eru smáskilaboð í Facebook orðin mjög algeng í samskiptum og hafa að nokkru leyti tekið við hlutverki tölvupóstsins. KFUM og KFUK notar einnig Instagram til að kynna starfið, undir heitinu [kfumkfukiceland](http://instagram.com/kfumkfukiceland). Hann má sjá á slóðinni <http://instagram.com/kfumkfukiceland>.


Myndir frá starfi félagsins eru birtar á vefnum Flickr: <http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-islund/>.

Jafnframt heldur félagið úti vefsíðunni [www.sumarfjor.is](http://www.sumarfjor.is) sem er sérsmíðuð skráningarsíða fyrir viðburði og starfsemi á vegum félagsins.

### Netfréttir

Í hverri viku eru yfir vetrarmánuðina sendar út netfréttir um starf félagsins og viðburði sem eru á döfinni í fullorðins- og æskulýðsstarfi. Fréttirnar eru sendar með tölvupósti til allra þeirra sem hafa skráð sig á netfangalista í gegnum heimasíðu félagsins. Notast var við netpóstkerfið MailChimp til að halda utan um sendingar á netfréttunum. Netfréttir eru sendar á 580 netföng. Umsjón með netfréttum hefur Elín Hrunn Garðarsdóttir.

TÓMAS TORFASON  
TÓK SAMAN



Heimasíða félagsins [www.kfum.is](http://www.kfum.is) hefur verið endurnýjuð frá grunni. Tók nýja síðan yfir þá gömlu 1. desember 2025.

### Kynning á sumarstarfi KFUM og KFUK

Félagið stendur í markaðs- og kynningaráttaki fyrir fyrsta skráningardag í sumarþúðirnar, sem var 3. mars 2026. Í mörg ár var blaðaútgáfa uppistaðan í kynningarstarfinu. Í ár var lögð meiri áhersla á birtingu auglýsinga á vefmiðlum auk þess að nýta samfélagsmiðla með markvissari og samræmdari hætti.

Þá fóru fulltrúar félagsins í viðtöl í morgunþáttum þriggja útvarpsstöðva, þar sem þau fengu tækifæri til að kynna sumarþúðirnar. Félagið gefur áfram út 16 bls. Sumarbúðablað, en í miklu minna upplagi en áður, enda fær félagið tekjur inn á það með sölu auglýsinga og birtingu vörumerkja.

Kynningarnefnd skipuðu: Ársæll Aðalbergsson, Helga Sóley Björnsdóttir, Kristrún Guðmundsdóttir, Pétur Sigurðsson og Tómas Torfason. Auk þeirra komu Guðni Már Harðarson, Sigurður Grétar Sigurðsson og Jón Ómar Gunnarsson að söfnun auglýsinga og styrkja fyrir blaðið.

Í framhaldi af samræmdum sumarþúðakynningum hafa stjórnir einstaka sumarþúða haldið úti kynningarstarfi fyrir sínar sumarþúðir, einkum á samfélagsmiðlum, en einnig með útgáfu einfaldra bæklinga, markpósti eða beinna auglýsinga í sínu nærumhverfi.

### Þáttaka á viðburðum

KFUM og KFUK var með kynningarbás á Fundi fólksins, ráðstefnu Almannaheilla sem fram fór í Hörpu í lok nóvember 2025.



KFUM og KFUK tók þátt í Fundi fólksins, ráðstefnu Almannaheilla, sem fram fór í Hörpu í nóvember 2025. Tómas Torfason og Guðbjörg Ýr Hilmisdóttir kynntu starf félagsins.



### Hvers virði er KFUM og KFUK mér?



Ég kynntist KFUM og KFUK vegna þess að stórfjölskyldan mín hefur verið mjög virk í starfi félagsins. Ég byrjaði á því að fara sjálfur á leikjánaðskilun, í yngri deild og unglingastarfi í Lindakirkju. Einnig fór ég með vinum mínum í flokk í sumarþúðirnar Vatnaskógi.

Ég naut þess að mæta í kirkjuna. Starfið sem var boðið upp á þar og í sumarþúðunum höfðaði vel til mín. Þátttaka mín í barnastarfi KFUM og KFUK varð kveikjan að því að mig langaði sjálfan að starfa innan félagsins. Þegar ég varð eldri hóf ég störf sem aðstoðarleitogi í Lindakirkju. Síðan þá hef ég unnið bæði í sumar- og vetrarstarfi í Lindakirkju og einnig í Vatnaskógi á sumrin undanfarin ár.

Ég hef lært mjög marga í gegnum þá reynslu sem ég hef fengið í gegnum starfið hjá KFUM og KFUK, margt sem mun nýtast mér vel í lífinu. Ég hef kynnst frábæru fólki sem hefur metnað fyrir félaginu og hvetur mig áfram að vilja gera betur. Ég hef líka farið á þau námskeið sem KFUM og KFUK hefur boðið upp á, bæði leiðtogaþjálfun og starfsmannanámskeið, sem hafa verið mjög gagnleg og efla mig í lífi og starfi.

Að lokum vil ég segja að starfið í KFUM og KFUK er mér mjög mikils virði. Ég er mjög þakklátur að vera virkur meðlimur í félaginu og mun halda áfram að leggja mitt af mörkum til þess að starfið verði skemmtilegt og öflugt. Þannig vonast ég til þess að kveikja neista hjá öðrum til þess að vilja tilheyra okkar góða félagi.

Tómas Andri Gíslason



Nýji matskálinn í Vatnaskógi er 433 fm og mun gjörbreyta starfsaðstöðunni á staðnum.

## 10. HÚSNÆÐI OG STARFSADSTAÐA

KFUM og KFUK á og rekur húseignir á átta stöðum á landinu, á 27 fastanúmerum sem telja samtals 8.684 fm. Auk þess að bera ábyrgð á umfangsmiklu, vönduðu og faglegu æskulýðsstarfi, ber stjórn félagsins og stjórnir starfsstöðvanna því einnig ábyrgð á fjölda húseigna, viðhaldi þeirra og starfsaðstöðu þeim tengdum.

Hér er ekki um að ræða eignir í hefðbundinni merkingu, þ.e. húsinn ganga ekki kaupum og sölum, heldur er um að ræða starfsaðstöðu og umgjörð um það fjölbreytta starf sem kynnt er í þessari skýrslu.

Við tölum um að bera ábyrgð á, því húseignir og starfsaðstaða kalla á umsjón, rekstur og reglubundið viðhald. Sum húsanna eru líka komin til ára sinna og þurfa viðhald og endurbætur í samræmi við það. Þá þarf stöðugt að horfa til framþróunar, en með hverju árinu gerir samfélagið auknar kröfur til öryggis, gæða og aðgengis þegar kemur að húsnæði sem nýtt er fyrir æskulýðsstarf. Samhliða reglubundnu viðhaldi þarf því einnig að uppfæra eldra húsnæði og bæta starfsaðstöðu í samræmi við ný viðmið.

Til viðbótar við húsnæði mældu í fermetrum, bera stjórnir sumarþöðanna fimm einnig ábyrgð á vatnsveitum og frárennismálum, á útisvæðum, t.d. leiksvæðum, íþróttastöðum, vegum, plönum o.s.frv. Húsnæði og starfsaðstaða, viðhald og umbætur er því jafnan veigamikill liður í stjórnarstörfum og jafnframt stór útgjaldaliður. Á árinu 2025 var heildarkostnaður vegna viðhalds húseigna rúmlega 105 milljónir kr. Með því að taka þetta saman hér, í sérstökum kafla í ársskýrslu félagsins, viljum við undirstrika þá miklu vinnu og þá fjármuni sem fara í að viðhalda og bæta starfsaðstöðuna í starfi KFUM og KFUK. Verkefni sem að mestu hvílir á herðum sjálfboðaliða.

### Virðisaukaskattur þyngir róðurinn

Hvorki uppbygging né viðhald húsnæðis KFUM og KFUK er undanþegið virðisaukaskatti. 24% virðisaukaskattur leggst á allar slíkar framkvæmdir,

TÓMAS TORFASON  
TÓK SAMAN



27 húseignir  
samtals 8.684 fm.

bæði vinnu og efniskaup. Þyngir það vissulega róðurinn við fjármögnun slíkra verkefna.

Út árið 2025 gátu almannaheillafélög vissulega sótt um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnuliðum vegna bygginga eða endurbóta húsnæðis. Það úrræði var tímabundið og því lauk í árslok 2025.

Betur má ef duga skal. KFUM og KFUK hvetur því stjórnvöld til að skapa glugga í lögum um virðisaukaskatt, svo skráð almannaheillafélög sem eiga og reka húsnæði sem eingöngu er nýtt undir starfsemi félaganna, geti sótt um fulla endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna nýbygginga og viðhalds húsnæðis.


Við teljum ekki við hæfi að ríkissjóður nýti endurnýjun og viðhaldsaðgerðir á húsnæði, sem byggt er af góðgerðarfélagum og eingöngu nýtt undir starf sömu félaga, til fjáröflunar fyrir ríkissjóð með því að leggja virðisaukaskatt ofan á þann kostnað sem fyrir er.



459,9 milljónir kr.

fóru í viðhald og endurbætur  
fasteigna árin 2020–2025

Það er fyrir utan kostnað við nýbyggingar  
sb. nýjan matskála í Vatnaskógi og nýju  
Fellin í Vindáshlíð.



### Reykjavík

1.997 fm.



Fjöldi húsa: 3 - aðalstöðvar og leikskólinn Vinagarður

Aðrar viðhaldsskyldur: Tveggja hektara lóð á Holtavegi 28, bílaplan og leikskólaleiksvæði.

### Vatnaskógur

3.066 fm.



Fjöldi húsa: 7 (+ nýr matskáli 433 fm í smíðum)

Aðrar viðhaldsskyldur: Íþróttasvæði, bryggja og bátar, vatnsveita, frárenniskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

### Kaldársel

668 fm.



Fjöldi húsa: 2

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, fráveita o.fl.

### Vindáshlíð

1.460 fm.



Fjöldi húsa: 4

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, vatnsveita, frárenniskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

### Ölver

897 fm.



Fjöldi húsa: 6

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, vatnsveita, hitaveita, frárenniskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

### Hólavatn

436 fm.



Fjöldi húsa: 2

Aðrar viðhaldsskyldur: Útisvæði, bryggja og bátageymsla, vatnsveita, frárenniskerfi, vegur, stígar, skógrækt o.fl.

### Reykjanesbær - félagsheimili

160 fm.



Fjöldi húsa: 1

Aðrar viðhaldsskyldur: Lóð og bílastæði.

### Áskoranir framundan

Fyrir utan allt hefðbundið viðhald sem sinna þarf á hverju ári, bíða margar umfangsmiklar áskoranir í húsnæðismálum innan félagsins. Hér nefndum við nokkrar þeirra:

### Ónýtt hús á Holtavegi 28

Eldra húsið í höfuðstöðvum félagsins á Holtavegi 28 er ónýtt vegna myglu. Ljóst er að rífa þarf þetta 540 fm hús, en það verður gert þegar búið er að ákveða hvað verði byggt í staðinn og hvernig það skuli fjármagnað. Fyrstu teikningar að nýju húsi hafa verið gerðar, svo hægt sé að taka umræðu um þarfir félagsins og þá möguleika sem eru í stöðunni.

### Nýr matskáli í Vatnaskógi

Skógarmenn KFUM eru langt komnir með nýjan 433 fm. matskála í Vatnaskógi. Núverandi matskáli var byggður 1968 og uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar byggingar. Upphafleg kostnaðaráætlun var undir 200 milljónum króna, en ljóst er að byggingin muni á endanum kosta rúmlega tvöfalt meira. Sjá nánar í kafla 12.

### Endurbyggja þarf skálann í Kaldárseli

Vitað hefur verið í nokkur ár að kominn er tími á margt í eldri hluti skálans í Kaldárseli, sem hýsir m.a. eldhús og matsal. Sá hluti er á undanþágu bæði frá bruna- og heilbrigðiseftirliti. Í ástandsmati sem verkfræðistofan Ferill gerði fyrir stjórn Kaldársels haustið 2024 kemur fram að vinna við lagfæringar á öllum þeim atriðum sem krefjast úrbóta er kostnaðarsamari og tímafrekari en algjört niðurrif og enduruppbygging. M.ö.o. æskilegast er að endurbyggja skálann frá grunni.

Í Kaldárseli voru gerðar umfangsmiklar og nauðsynlegar endurbætur á nýrri hluta skálans veturinn 2020-2021 sem kostuðu þá um 40 milljónir kr. Annað nauðsynlegt skref í endurbótum á þeim hluta skálans hefur verið gert í vetur og nálgast kostnaður 50 milljónir.

### Íþróttahús í Ölveri

Stjórn Ölvers hefur um langt skeið dreymt um að bæta starfsaðstöðuna með leikskála eða litlu íþróttahúsi. Í mörg ár hefur staðið yfir söfnun í Sveinusjóð til að fjármagna þann draum. Umtalsverðar og dýrar viðhaldsaðgerðir á svefnskálanum Ölveri á síðustu árum hafa hins vegar tafið það verkefni. Búið er að teikna nýtt íþróttahús og velja því stað, ásamt því að teikna stækkun á aðalbyggingu með bætri aðkomu, nýju eldhúsi og matsal.



Í ástandsmati sem verkfræðistofan Ferill gerði fyrir stjórn Kaldársels haustið 2024 kemur fram að vinna við lagfæringar á öllum þeim atriðum sem krefjast úrbóta í eldri hluta skálans er kostnaðarsamari og tímafrekari en algjör niðurrif og enduruppbygging. M.ö.o. endurbyggja þarf elsta hlutann frá grunni. Eldri hlutinn er vinstra megin á myndinni.



Efri myndin sýnir teikningu af nýju íþróttahúsi í Ölver. Neðri myndin sýnir tillögu að viðbyggingu sunnan við skálann, með nýrri aðkomu, matsal og eldhúsi.

### Endurnýjun í Vindáshlíð

Viðhaldsáætlun Vindáshlíðar gerir ráð fyrir áframhaldandi viðhaldi og endurbótum á svefnskálanum, m.a. að endurnýja klæðningu og þak, laga sökkul, aðalinngang, hurð og tröppur þar fyrir framan og bæta aðgengismál samhliða því.

Þá liggja fyrir metnaðarfull áform um endurnýjun íþróttahússins, þ.e. vesturhluta hússins, leikherbergi, búningaklefa og sturtur. Endurnýja þarf útveggi á íþróttasalnum. Þá dreymir stjórn Vindáshlíðar um sólpall og pottasvæði sunnan við húsið.

Endurbætur á kirkjunni í Vindáshlíð hafa staðið yfir í nokkur ár, en sér nefnd hefur haldið utan um það verkefni.




## 11. STARFSSTÖÐVAR KFUM OG KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi er eitt félag. Allir félagar eru skráðir í sama félagið óháð búsetu eða hvaða þætti starfsins þeir taka þátt í. Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn. Þessu má líkja við handboltadeild og knattspyrnudeild innan íþróttafélags. Það sem gerir KFUM og KFUK þó frábrugðið íþróttafélögum hvað þetta varðar er hve mikið starf heyrir beint undir félagið sjálft og þar með aðalstjórn félagsins.

Starfsstöðvarnar níu skiptast í fimm sumarbúðir, einn leikskóla og þrjú félög utan höfuðborgarsvæðisins. Í köflum 11-19 í þessari skýrslu er að finna skýrslu hverrar starfsstöðvar fyrir sig.

### Sameiginlegt starf sumarbúða

Sumarbúðirnar fimm eiga með sér margskonar samstarf. Fjórir samráðsfundir formanna sumarbúða voru haldnir á starfsárinu. Samstarfið nær til skipulags og samþættingar starfsins, t.d. skráninga í dvalarflokka, skilmála og skráningarkerfis. Það nær til ráðninga- og starfsmannamála, námskeiða og þjálfunar starfsfólks og þeirra faglegu krafna sem félagið gerir



Innan félagsins starfrækjum við níu starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem halda sinn aðalfund og hafa sína eigin stjórn.

til starfsmanna sinna. Þá er mikið samstarf þegar kemur að öryggismálum og miðlun þekkingar. Samstarfi í kynningarmálum er mikið, en því eru gerð skil í kafla 8.



## 12. VATNASKÓGUR

### Ársskýrsla Skógarmanna fyrir árið 2025

Samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (2. og 3. grein) eru markmið Skógarmanna þessi:

„Að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og vinna að útbreiðslu ríkis hans á grundvelli KFUM. Að afla fjár í Skálasjóð Skógarmanna KFUM til hagsbóta fyrir starfið í Vatnaskógi. Að vinna að og efla áhuga á skógrækt í Vatnaskógi.“

Leiðir að markmiðum eru samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (4. grein) þessi:

„Skógarmenn KFUM vinna að markmiðum sínum með skipulögðum dvalarflokkum, mótum, útgáfu- og fræðslustarfi, fundahöldum, fjáröflun, skógrækt og á annan þann hátt sem stjórnin ákveður hverju sinni í samræmi við markmið þessara laga.“

Aðalfundur Skógarmanna KFUM var haldinn 4. apríl 2025.

Stjórn Skógarmanna var þannig skipuð á starfsárinu:

Gunnar Hrafn Sveinsson, formaður  
 Jón Ómar Gunnarsson, varaformaður  
 Hreinn Pálsson, ritari  
 Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi  
 Gríma Katrín Ólafsdóttir, vararitari  
 Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson, meðstjórnandi  
 Davíð Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi  
 Pétur Sigurðsson, varamaður og varagjaldkeri  
 Matthías Guðmundsson, varamaður



Gunnar Hrafn Sveinsson    Jón Ómar Gunnarsson    Hreinn Pálsson    Páll Skaftason    Gríma Katrín Ólafsdóttir



Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson    Davíð Örn Sveinbjörnsson    Pétur Sigurðsson    Matthías Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga eru:

Kári Geirlaugsson (fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi) og Bjarni Árnason.

Varamaður er Snorri Waage.

Stjórnin hélt 11 fundi á árinu:

16. janúar, 17. febrúar, 19. mars, 8. apríl, 19. júní, 2. september, 1. október, 5. nóvember og 9. desember.

### Starfsmenn allt árið

Ársæll Aðalbergsson var framkvæmdastjóri í fullu starfi, auk hans starfaði Valborg Rut Geirsdóttir við eldhússtjórnun og fl. Snorri Rúnarsson sinnti mest verklegum verkefnum ásamt ýmsu sem kom upp.

Þá voru sem fyrr sjálfboðaliðarnir Þórir Sigurðsson og Sigurður Jóhannesson sem sinntu umhirðu, viðhaldi og þjónustu við staðinn. Auk þeirra var Albert E. Bergsteinsson til aðstoðar við ýmis verk.



Ársæll Aðalbergsson    Valborg Rut Geirsdóttir    Snorri Rúnarsson



Þórir Sigurðsson    Sigurður Jóhannesson    Albert E. Bergsteinsson

### FRAMKVÆMDIR

#### Endurnýjun innviða

Í tengslum við byggingu nýs matskála hafa Skógarmenn þurft að endurnýja innviði. Skipt var um hitaveitulögn á staðnum, lagnir í vatnsveitu endurnýjaðar og umfangsmiklar breytingar á rafmagnskerfi staðarins voru einnig gerðar. Nýr og stærrí inntaksskápur frá Rarik var settur upp vestan megin við íþróttahúsið skammt frá þeim eldri og öflugir rafmagnsstrengir lagðir um svæðið bæði að íþróttahúsi og hinum nýja matskála. Meðal annars voru aspirnar sem voru norðan megin við stígginn fjarlægðar til að hægt væri að koma strengjunum fyrir. Ljósleiðarar voru einnig lagðir í flest hús í tengslum við framkvæmdina voru einnig settir nýir ljósastaurar við stígginn.

#### Gamli skáli - tröppur

Í maí voru tröppur Gamla skála lagaðar en miklar múrskemmdir höfðu myndast og voru alls ekki öruggar. Var öll múrhúð fjarlægð og meira til og síðan steipt upp á nýtt.

#### Íþróttahús

Farið var í nokkur tímabær verkefni á íþróttahúsinu: Skipt var um brotnar rúður í salnum og þá var hurð á íþróttasalnum endurnýjuð. Björn Baldursson húsasmíðameistari hafði veg og vanda að verkinu. Í tengslum við breytingar á rafmagnskerfi staðarins var aðal rafmagnstaflan sem staðsett var í íþróttahúsinu aftengd og verður síðan fjarlægð.

#### Nýr Matskáli

Stærsta framkvæmd ársins var bygging hins nýja matskála. Í upphafi ársins var húsið einangrað og um sumarið var hluti af innveggjum settir upp og klæddir. Síðsumars var gert hlé á verkinu og um haustið var hafist handa við ljúka við húsið að utan, þakjárn sett á og í vetur var húsið klætt að utan og lauk því verki snemma árs 2026. Verkið leiddi Sumarliði Kjartansson en ásamt honum unnu þeir Dagur Adam Ólafsson og Hjörleifur Sumarliðason við smíðavinnu við húsið. Auk þeirra komu aðrir iðnaðarmenn að húsinu og þeim til aðstoðar voru starfsmenn og sjálfboðaliðar Vatnaskógar með Albert E. Bergsteinsson í broddi fylkingar. Ljóst er að framkvæmdin er tímafreakari og kostnaðarsamari en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.



Í tengslum við byggingu nýs matskála, var nýr inntaksskápur settur upp vestan megin við íþróttahúsið og öflugir rafmagnsstrengir lagðir yfir í matskálann.



Í maí 2025 voru tröppur Gamla skála lagaðar.

## SUMARSTARF

### Dvalarflokkar sumarsins 2025 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	
1	7.–11. júní	10–12	5	12	Gauraflokkur
2	12.–16. júní	9–11	5	105	
3	17.–21. júní	10–12	5	108	
4	22.–27. júní	12–14	6	96	Ævintýraflokkur I
5	29. – 3. júlí	10–12	5	35	
6	4.– 7. júlí	9 – 11	5	55	
7	8.–13. júlí	12–14	6	71	Ævintýraflokkur II
8	14.–18. júlí	10–12	5	105	
9	19. –23. júlí	11–13	5	70	Blandaður flokkur
10	24.– 29. júlí	14–17	6	87	Unglingaflokkur
11	5.– 10. ágúst	12–14	6	92	Ævintýraflokkur III
13	11.– 15. ágúst	9 – 11	5	106	

Fjöldi dvalargestu í flokkum sumarsins var 942 en þeir voru 976 árið áður.

### Aðrir viðburðir – flokkar á vegum Skógarmanna :

Viðburður	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi
Fjölskylduflokkur I	14. – 16. febrúar	0–99 ára	2	99
Feðginaflokkur	25. – 27. apríl	6–99 ára	2	35
Mæðraflokkur	9. – 11. maí	0–99 ára	2	71
Fósturfjölskyldufl. I	16. – 18. maí	0–99 ára	2	65
Feðgaflokkur I	14. – 16. ágúst	6–99 ára	2	85
Feðgaflokkur II	29. – 31. ágúst	6–99 ára	2	98
Karlaflokkur	5. – 7. september	18–99 ára	2	70
Fjölskylduflokkur II	27. – 29. september	0–99 ára	2	38
Fósturfjölskyldufl. II	24. – 26 október	0–99 ára	2	70
Aðventuflokkur	5. – 7. desember	11–14 ára	2	62

Fjöldi dvalargestu á þessum viðburðum var 693 en var 640 árið áður.

Heildarfjöldi dvalargestu í sumarstarfi og nefndum viðburðum Skógarmanna var því samtals 1.635 samanborið við 1552 árið áður.

## STARFSFÓLK SUMARBÚÐASTARFSINS

### Forstöðufólk:

1. flokkur: Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon
2. flokkur: Jón Ómar Gunnarsson og Þráinn Haraldsson
3. flokkur: Ársæll Aðalbergsson, Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
4. flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
5. flokkur: Ástráður Sigurðsson og Pétur Sigurðsson
6. flokkur: Matthías Guðmundsson
7. flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
8. flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson
9. flokkur: Davíð Örn Sveinbjörnsson og Sigríður Sól Ársælsdóttir
10. flokkur: Hreinn Pálsson og Þórdís Hafþórsdóttir
11. flokkur: Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson
12. flokkur: Ársæll Aðalbergsson og Þorsteinn Arnórsson

### Eldhússtjórn:

1. flokkur: Lára Ruth Clausen
2. flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
3. flokkur: Lára Ruth Clausen
4. flokkur: Lára Ruth Clausen
5. flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir
6. flokkur: Sólveig Edda Cosser
7. flokkur: Hreiðar Örn Z. Stefánsson
8. flokkur: Ísak Jón Einarsson
9. flokkur: Hreiðar Örn Z. Stefánsson
10. flokkur: Karen Sól Halldórsdóttir
11. flokkur: Jakob Freyr Einarsson
13. flokkur: Valborg Rut Geirsdóttir

Forstöðumenn í öðrum viðburðum voru: Ársæll Aðalbergsson, Ásgeir Pétursson, Birgir Urbancic, Davíð Örn Sveinbjörnsson, Gunnar Hrafn Sveinsson, Haukur Guðnason og Hreinn Pálsson.



Við rásmarkið í viðavangshlaupi.

### Annað starfsfólk sumarstarfsins

Andri Karl Bragason, Alice Viktoria Kent, Alma Ísafold Stefánsdóttir Cosser, Arna Sól Zoega Hreiðarsdóttir, Arnar Ragnarsson, Ásta Isabella Kent, Baldur Björn Arnarsson, Baldur Ólafsson, Benedikt Guðmundsson, Benedikt Þórisson, Berglind Elva Sigvaldadóttir, Bjartur Dalbú Ingibjartsson, Björn Atli Hyldahl Guðmundsson, Bríet Saga Kjartansdóttir, Dagný Guðmundsdóttir, Dunja Sól Markovic, Elfa Björk Ágústsdóttir, Einar Arngelir Heiðarsson, Erlendur Snær Erlendsson, Eydís Ósk Sævarsdóttir, Eva Lind Hákonardóttir, Eva Sigurðardóttir, Fannar Logi Hannesson, Fannar Logi Waldorff Sigurðsson, Fannar Smári Jóhannsson, Gabríel Bjarni Jónsson, Greipur Þ Gíslason, Guðbjörg Yr Hilmarisdóttir, Guðjón Daníel Bjarnason, Guðmundur Tómas Magnússon, Guðmundur Steinn Stephan Markússon, Gunnar M. Sandholt, Gunnar Þór Snæberg Valdimarsson, Hallur Hrafn Proppé, Helena Ingrid Gunnarsdóttir, Hekla Sif Sævaldsdóttir, Helga Valdís Cosser, Helgi Þórir Sigurðsson, Hildur Björgvinsdóttir, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Ísak Jón Einarsson, Jakob Freyr Einarsson, Jón Baldvín Magnússon, Karen Sól Halldórsdóttir, Karitas Halla Gunnarsdóttir, Katrín Ylfa Árnadóttir Cosser, Kristbjörg Katla Hinriksdóttir, María Rut Arnarsdóttir, Markús Guðmundsson, Messíana Baldvinsdóttir, Nói Pétur Ásdísarson Guðnason, Ragnar B. Zoega Hreiðarsson, Sigmundur Freyr Hafþórsson, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Sigurður Pétursson, Steinn Trausti Traustason, Sólíný Helga Sigurðardóttir, Svanhildur Reynisdóttir, Tómas Andri Gíslason, Tómas Ingi Halldórsson, Tristan Enok Kvaran Guðjónsson, Þórey Björgvinsdóttir.

### Gauraflokkur

Forstöðumenn flokksins voru félagsráðgjafarnir Styrmir Magnússon og Ásgeir Pétursson sem jafnframt var verkefnastjóri og í flokknum störfuðu sem sérfræðingar þau Þorsteinn Otti Jónsson og Íris Eik Ólafsdóttir.

### Ráðsmenn og vinnumenn

Auk þeirra Sigurðar og Þóris sem áður eru nefndir sá Albert E. Bergsteinsson um slátt á staðnum og ýmsa umhírðu í sjálfböðavinnu. Þá störfuðu hinir ýmsu vinnumenn yfir sumarið við fjölbreytt verkefni.

### Sjálfböðaliðar

Nokkrir af áður nefndum starfsmönnum voru sjálfböðaliðar, en starfsmenn fyrri ára og fleiri velunnarar Vatnaskógar hafa komið og stutt við starfið með sínu vinnuframlagi. Einnig komu ungmenni að ýmsum verkum eins og t.d. uppvaski, umhírðu staðarins og aðstoð með dagskrá fyrir þátttakendur, í sjálfböðavinnu. Þá eru ótaldir þeir sjálfböðaliðar sem komið hafa í vinnuflokka og unnið við viðhaldsverk, skógrækt og fleira.

## VIÐBURÐIR Í STARFI SKÓGARMANNA

### Sæludagar

Á Sæludögum um verslunarmannahelgina voru að venju Sæludagar í Vatnaskógi. Um 700 manns sem heimsóttu staðinn þessa helgi heldur færri en oft áður og má eflaust kenna veðrinu um en mikil rigning og um tíma hvasst var um þessa helgi. Markmið hátíðarinnar, líkt og fyrri ár, var að höfða til sem flestra aldurshópa með skemmtilegri og uppbyggilegri dagskrá. Meðal atriða á Sæludögum þetta árið má nefna VÆB og Una Torfa. Fjöldi starfsfólks og sjálfböðaliða sem kom að hátíðinni hljóp á tugum og unnu frábært starf að gera hátíðina sem glæsilegasta.



Helgina 5. til 7. september var Karlaflokkur í Vatnaskógi. Hluti af dagskránni er vinnutími í þágu Vatnaskógar, þar sem fjölbreytt verkefni eru leyst af hendi.

### Karlaflokkur

Helgina 5. til 7. september var Karlaflokkur í Vatnaskógi. Að venju var lögð áhersla á heilbrigði líkama, sálar og anda. Á föstudagskvöldinu var Eldur Ólafsson forstjóri Amaroq Minerals með erindi. Á laugardegnum var biblíulestur í umsjón sr. Skúla Ólafssonar. Að loknum biblíulestri var vinnutími í þágu Vatnaskógar og voru að vanda mörg verkefni í boði. Má þar nefna að hluti af þakjárn var neglt á nýja matskálann, gámur á malarvelli málaður, bætt við plastmottum meðfram malbikuðu stígunum, umhverfi Kapellunnar lagfært, skógræktarverkefni við Kapellu og Lerkiskála, Fjallasalur var gerður klár sem fundarherbergi, rennur hreinsaðar, eldiviður hogginn og margt fleira. Um kvöldið var Vatnaskógar kvöldvaka að hætti Skógarmanna undir öruggri stjórn Gunnars Hrafn Sveinssonar og Hreins Pálssonar. Bjarni Gunnarsson brá á leik með tónlistartriði og sr. Jón Ármann Gíslason endaði kvöldið með hugvekjum.

### Gauraflokkur

Gauraflokkur fyrir drengi sem eru greindir með ofvirkni, athyglisbrest eða skyldar raskanir var haldinn í 17. sinn. Í ár voru 12 drengir í flokknum. Að venju voru fleiri starfsmenn en í hefðbundnum flokki, auk sérmenntaðra starfsmanna.

### Aðventuflokkur

Að þessu sinni mættu 62 drengir í Aðventuflokk og nutu Vatnaskógar í fallegu vetrarríki eina helgi um miðjan desember. Dagskráin einkenndist af sannri aðventustemningu þar sem drukkið var heitt súkkulaði, sykurlúður grillaðir við varðeld úti í skógi og leikið á ísilögðu Eyrarvatni, auk fjölbreyttra leikja og alls konar skemmtilegheita. Gunnar Hrafn Sveinsson og Hreinn Pálsson stýrðu flokknum af festu líkt og fyrri ár ásamt frábæru starfsfólki Vatnaskógar sem átti stóran þátt í að skapa þá góðu stemningu sem einkennir Aðventuflokkinn.

## FERMINGARNÁMSKEIÐ, SKÓLABÚÐIR OG SKÁLALEIGA:

### Fermingarnámskeið

Námskeiðin voru eins dags til fimm daga og eins og fyrr í umsjón Skógarmanna en prestar og/eða starfsmenn sóknanna aðstoðuðu við dagskrá og fræðslu. Alls komu 2619 börn á fermingarnámskeið ársins.

### Skólabúðir

Alls komu 17 skólar árið 2025, bæði vor og haust. Þau tóku þátt í dagskrá sem var í umsjá starfsmanna Vatnaskógar. Samtals komu 1322 börn með þessum hætti í Vatnaskóg.

### Menntaskólar

Tveir framhaldsskólar heimsóttu Vatnaskóg með nýnema snemma hausts. Starfsmenn fermingarnámskeiða og skólabúða Fastráðnir starfsmenn allt haustið voru: Anna Pálsdóttir (vor) Alice Kent (vor og haust), Ásta Kent (vor og haust), Benjamín Jafet Sigurðarson (vor og haust), Gríma Katrín Ólafsdóttir (vor) Haukur Guðnason (haust), Marta Karitas Ingibjartsdóttir (haust), Fjóla Lind Guðnadóttir (haust), Ragnheiður Guðmundsdóttir (vor og haust) Tómas Ingi Halldórsson (haust) og Valborg Rut Geirsdóttir (vor og haust) en auk þeirra komu starfsmenn að námskeiðum í styttri tíma.

## SKÁLALEIGA

### KFUM og KFUK

Leiðtogahegji í janúar, Svínadalsmót unglíngadeilda, vorferð YD, námskeið að vori, YD ferð að hausti, miðnæturmót. Samtals komu 607 þátttakendur á þessa viðburði.

### Viðburðir á vegum safnaða Þjóðkirkjunnar

ÆSKH (Æskulýðssamtök kirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu) Unglingamót í febrúar og nóvember og mót fyrir yngri deildir í mars Börn úr Útskála- og Hvalsnessókn og sóknnum frá Norðurlandi vestra.

### Aðrir hópar:

Skólámót KSS, vor og haust  
Íslenska Kristskirkjan og SÍK með helgarmót  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands, námskeið  
Saumaklúbbur úr Hvalfjarðarsveit og nágrenni  
Unglingar úr Grindavík  
Hjálpræðisherinn - helgarmót  
Dagsheimsóknir, ýmissa hópa.

### Leikskólar

Í maí komu fjölmargir leikskólahópar í dagsferð eða til gistingar í eina til tvær nætur og nutu dagskrár sem starfsmenn Vatnaskógar skipulögðu og stýrðu. Alls komu um 1100 leikskólabörn vorið 2025.

### Kynningarstarf

Sameiginlegt blað sumarþúða KFUM og KFUK var gefið út í tengslum við fyrsta skráningardag sem var þann 4. mars 2025.

### Eignarhaldsmál

Enn er unnið að því að fá eignarhaldsmál Vatnaskógar á hreint. Óljóst er hvernig þessi mál fara þrátt fyrir að liggi fyrir heimild frá Alþingi til að ljúka málinu, þá hefur staðið á útfærslu málsins og hve stór hluti Vatnaskógarsvæðisins verður hluti KFUM og KFUK og hve stór hluti ríkisins. Málið er síður en svo einfalt en er það von okkar að ásætlanleg niðurstaða komi í þessu máli sem fyrst. Fyrir hönd stjórnarinnar hefur Davíð Örn Sveinbjörnsson lögfræðingur leitt þá vinnu.

## FJÁRAFLANIR

### Tónleikar til stuðnings Gamla skála

Gítarsveitin HIGG&HB hélt í annað sinn styrktartónleika í Gamla skála laugardaginn 12. apríl Öll innkoma af tónleikunum rann til viðhalds á Gamla skála en nokkur tímabær verkefni eru framundan á húsinu.

### Kaffisala

Sumardaginn fyrsta var kaffisala til stuðnings byggingu á nýjum matskála í Vatnaskógi. Gekkt dagurinn vel, fyrst streymdu kökur frá velunnurum og síðar gestir þannig að um tíma var fullt út úr dyrum

### Línuhappdrætti Skógarmanna

Eins og mörg undanfarin ár buðu Skógarmenn upp á Línuhappdrætti nú til styrktar byggingu á nýjum matskála í Vatnaskógi. Línur voru seldar frá ágústbyrjun og fram í september. Sölulok og útdráttur vinninga fór fram í Karlaflokki þann 6. september og seldust alls 548 línur.

### Sörubakstur

Á aðventunni voru bakaðar í Vatnaskógi tæplega 4000 sörur til fjáröflunar fyrir nýjum Matskála, og voru seldar 40 sörur í hverjum pakka. Voru viðbrögð góð og allir þakkar seldust. Sigurður Sigurðsson bakari leiddi verkefnið.

### Styrkir

Eins og fyrri ár hafa Skógarmenn fengið styrki vegna starfseminnar, frá ríkisvaldinu og einstaklingum vegna starfsins m.a. Gauraflokks. Einnig hafa Alþingi, Kirkjuráð og einstaklingar styrkt Skálasjóð vegna uppbyggingar á nýjum Matskála. Auk þess hafa Lionsklúbbarir Ægir og Fjölnir styrkt við verkefnið.

### Kapellusjóður

Kapellusjóður hefur notið stuðnings til viðhalds á Kapellunni, aðallega frá einstaklingum.

### Annað

Skógarmenn sömdu eins og fyrri ár við Veiðifélagið Sporðablik um einkarétt á veiði í sunnanverðu Eyrarvatni vegna ársins 2025.

### Lokaorð

Árið 2025 hefur verið öflugt og viðburðaríkt í starfi Skógarmanna. Þúsundir barna, ungmenna og fjölskyldna dvöldu í Vatnaskógi og nutu þar samfélags, náttúru og kristins boðskapar sem um áratugi hefur verið kjarninn í starfinu. Uppbygging á árinu, einkum bygging nýs matskála og endurnýjun innviða, markar mikilvægt framfaraskref og styrkir starfsaðstöðuna í Vatnaskógi til framtíðar.

Starfið í Vatnaskógi byggir á samstilltu átaki margra. Starfsfólk, sjálfböðaliðar, stjórn og velunnarar leggja hver með sínum hætti sitt af mörkum og skapa þann anda sem gerir staðinn einstakan. Þar mætast þjónusta, ábyrgð og vilji til að skapa uppbyggilegt umhverfi fyrir komandi kynslóðir. Stjórn Skógarmanna þakkar öllum sem studdu starfið á árinu fyrir ómetanlegt framlag. Með þakklæti fyrir liðið ár og trú á framtíðina höldum við áfram að rækta þann arf sem okkur Skógarmönnum hefur verið treyst fyrir í meira en öld. Á grunni sjálfböðaliðastarfs og sameiginlegrar sýnar höldum við áfram að skapa uppbyggilegt umhverfi þar sem einstaklingar fá að vaxa og dafna. Með eldmóði og samstarfi þeirra sem standa að starfinu mun Vatnaskógur áfram móta líf, trú og minningar komandi kynslóða. Skógarmenn – Áfram að markinu!



HREINN PÁLSSON  
RITARI STJÓRNAR



ÁRSELL ADALBERGSSON  
FRAMKVÆMDASTJÓRI



# 13. VINDÁSHLIÐ

Í Vindáshlíð hafa verið starfræktar samarbúðir fyrir stúlkur allt frá árinu 1947. Með viðbyggingunni, frá árinu 2001, er hægt að taka á móti allt að 82 stúlkum í hvern flokk. Markmið starfsins er að boða kristna trú og fræða þær stúlkur sem sækja starfið um góð, kristin gildi. Á undanfönum árum hefur starfsemin vaxið umfram hefðbundið sumarstarf. Nú er boðið upp á fjölbreytta helgarflokka, þar á meðal mæðgnaflokka, kvennaflokk og jólaflokka. Auk þess hefur Vindáshlíð rekið skólalabúðir frá árinu 2021, en í auknum mæli frá 2023 eftir að samstarf hófst við Jörgen Nilsson, eiganda Dalama camp, sem hefur áratuga reynslu í rekstri skólalabúða. Alls sækja á þriðja þúsund börn Vindáshlíð heim ár hvert.

## Stjórn og stjórnarstörf

Aðalfundur Vindáshlíðar var haldinn 25. mars 2025 í húsnæði KFUM og KFUK á Íslandi að Holtavegi 28, Reykjavík. Jessica Leigh Andrésardóttir skipaði kjörstjórn, Gyða Karlsdóttir var fundarstjóri og Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir ritari. Guðrún Nína Petersen og Ásta Björg Þorbjörnsdóttir voru skoðunarmenn reikninga.

Stjórn Vindáshlíðar er skipuð sex kjörnum fulltrúum sem kosnir eru til tveggja ára í senn, þrjár á hverjum aðalfundi, auk tveimur varamönnum sem kosnir eru árlega til eins árs. Þá skiptar stjórn KFUM og KFUK á Íslandi einn fulltrúa í stjórn.

Eftir kosningar á aðalfundi 2025 skipta eftirtaldir aðilar stjórn Vindáshlíðar starfsárið 2025-2026:

- Tinna Rós Steinsdóttir, formaður
- Helga Magnúsdóttir, varaformaður
- Andrea Anna Arnardóttir, ritari
- Berglind Elva Sigvaldadóttir, gjaldkeri
- Elísa Sif Hermannsdóttir, kynningarfulltrúi
- Svanfríður Elín Jakobsdóttir, meðstjórnandi
- Svanhildur Reynisdóttir, fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi
- Elena Breiðfjörð, varamaður og vararitari
- Thelma Rós Arnardóttir, varamaður



Tinna Rós Steinsdóttir, Helga Magnúsdóttir, Andrea Anna Arnardóttir, Berglind Elva Sigvaldadóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir



Svanfríður Elín Jakobsdóttir, Svanhildur Reynisdóttir, Elena Breiðfjörð, Thelma Rós Arnardóttir

Kristín Sveinsdóttir lét af störfum í stjórn á aðalfundi og eru henni þökkðu góð og farsæl störf í þágu Vindáshlíðar.

Á árinu 2025 voru haldnir tíu formlegir stjórnarfundir auk reglulegra óformlegra samskipta stjórnarmeðlima á samskiptaforritinu Messenger.

## SUMARSTARF

Flokkarnir í Vindáshlíð eru aldursskiptir, oft með tiltekin þemu þar sem kristin gildi eru í fyrirrúmi. Sumarið 2025 var boðið upp á þrettán flokka fyrir stelpur á aldrinum 8 til 16 ára.

Hefðbundnu dvalarflokkarnir eru sérstaklega vinsælir meðal stúlkna á aldrinum 9 til 12 ára, ekki síst þeirra sem eru að koma í Vindáshlíð í fyrsta sinn. Þar kynnast þær hefðbundnu skipulagi samarbúðanna í öruggu og skemmtilegu umhverfi þar sem þær fá að upplifa ný ævintýri frá morgni til kvölds.

Ævintýraflokkar eru ætlaðir 10 til 14 ára stelpum. Þar geta óvæntar uppkomur og frávik frá hefðbundinni dagskrá mætt þeim hvenær sem er. Þar er þéttari dagskrá og öðruvísi samarbúðævintýri fyrir reyndari Hlíðarmeyjar.

Unglingaflokkurinn er fyrir stelpur á aldrinum 13 til 16 ára. Árið 2025 var flokkurinn smekktfullur og biðlistinn langur, enda nóg af fjöri. Jón Jónsson kom stelpunum á óvart á einni kvöldvökunni og hélt uppi stuði langt fram eftir kvöldi. Vindáshlíð breyttist í ævintýraheim þegar Wicket-þema tók yfir Hlíðina með tilheyrandi stemningu. Þá fóru stelpurnar í sund á Hlöðum þar sem öll laugin var út af fyrir þær. Flokknum var svo skipt í fjögur lið sem kepptu í liðakeppnum með bænakonum sínum yfir allan daginn. Hóparnir fengu gula, rauða, bláa eða græna boli eftir því í hvaða liði þær voru í. Frábær flokkur í alla staði.

Stubbaflokkarnir eru ætlaðir yngstu stelpunum, 8 til 9 ára. Þær dvelja tvær nætur í Hlíðinni og er flokkurinn hugsaður sem eins konar æfingarbúðir áður en þær skrá sig í heilan fimm eða sex daga flokk síðar meir.

Flokkar ársins	Tímabil	Aldur	Dagafjöldi
1. Flokkur	10.-14. júní	9-11 ára	5
2. Ævintýraflokkur I	15.-20. júní	11-13 ára	6
3. Flokkur	21.-25. júní	10-12 ára	5
4. Ævintýraflokkur II	26. júní-1. júlí	11-13 ára	6
5. Stubbaflokkur	1.-3. júlí	8-9 ára	3
6. Flokkur	4.-8. júlí	9-11 ára	5
7. Ævintýraflokkur III	9.-14. júlí	12-14 ára	6
8. Ævintýraflokkur IV	15.-20. júlí	11-13 ára	6
9. Flokkur	21.-25. júlí	10-12 ára	5
10. Flokkur	26.-31. júlí	9-11 ára	6
11. Flokkur	5.-10. ágúst	10-12 ára	6
12. Unglingaflokkur	11.-15. ágúst	13-16 ára	5
13. Stubbaflokkur	15.-17. ágúst	8-9 ára	3
14. Kvennaflokkur	29.-31. ágúst	18-99 ára	3
15. Mæðgnaflokkur	5.-7. september	6-99 ára	3
16. Jólaflokkur I	21.-23. nóvember	13-16 ára	3
17. Jólamæðgna	28.-30. nóvember	6-99 ára	3
18. Jólaflokkur II	5.-7. desember	10-12 ára	3

## Skráning

Árið 2025 var enn eitt metárið í skráningu í Vindáshlíð. Samtals voru um 1185 þátttakendur í flokkum ársins.



## Starfsfólk

Tveir starfsmenn voru í föstu starfi hjá Vindáshlíð á liðnu ári. Helga Sóley Björnsdóttir gengdi starfi framkvæmdastjóra í fullu starfi, og Þorbjörg (Tobba) Skúladóttir var staðarhaldari í hálfu stöðugildi. Auk þeirra kemur öflugur hópur starfsfólks og sjálfboðaliða að starfseminni í Vindáshlíð sem leggur sitt af mörkum til að gera starfið lifandi, skemmtilegt og öruggt fyrir þau börn sem koma til okkar. Það er ómetanlegt að hafa samhentan og traustan starfsmannahóp sem heldur utan um dagskrá staðarins, skapar fallegar minningar fyrir sig og börnin og miðlar þeim fallega kristilega boðskap til stúlkanna sem sækja starfið. Án þessa dýrmæta hóps væri Hlíðin ekki jafn björt, hlý og orkumikil og raun ber vitni.



Helga Sóley Björnsdóttir, Þorbjörg Skúladóttir

## Forstöðukonur árið 2025

1. flokkur: Tinna Rós Steinsdóttir
2. flokkur: Marín Hrund Jónsdóttir
3. flokkur: Álfheiður Ingólfsdóttir
4. flokkur: Ásta Guðrún Guðmundsdóttir og Pálína Agnes Kristinsdóttir
5. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
6. flokkur: Marín Hrund Jónsdóttir
7. flokkur: María Kristín Árnadóttir og Pálína Axelsdóttir Njarðvík
8. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
9. flokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir
10. flokkur: Kristín Björt Sævarsdóttir
11. flokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir
12. flokkur: Elísa Sif Hermannsdóttir
13. flokkur: Marín Hrund Jónsdóttir
14. flokkur, mæðgnaflokkur: Álfheiður Ingólfsdóttir
15. flokkur, jólaflokkur I: Andrea Anna Arnardóttir
16. flokkur, jólamæðgna: Elísa Sif Hermannsdóttir og Helga Sóley Björnsdóttir
17. flokkur, jólaflokkur II: Kristín Björt Sævarsdóttir



Flottur hópur starfsmanna úr 3. flokk sumarsins í nýjum starfsmannapeysum.



Erna María og Gréta að störfum í unglíngaflokki sumarsins.



Stjórnkonurnar Helga og Elena að fönðra jólakransa fyrir jóladag Vindáshlíðar.



Berglind, Andrea, Erla og Sólrún, sem sáu um matseldina á konukvöldi Vindáshlíðar, stilltu sér upp á mynd ásamt Helgu Sóleyju Björnsdóttur framkvæmdastjóra Vindáshlíðar.

### Ráðskonur flokka 2025

1. flokkur: Þorbjörg Skúladóttir og Berglind Elva Sigvaldadóttir
2. flokkur: Berglind Elva Sigvaldadóttir, Gunnar Hrafn Sveinsson og Þorbjörg Skúladóttir
3. flokkur: Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir og Tinna Rós Steinsdóttir
4. flokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir
5. flokkur: Ástríður Jónsdóttir
6. flokkur: Kristjana Guðbjartsdóttir
7. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
8. flokkur: Thelma Rós Arnardóttir
9. flokkur: Berglind Elva Sigvaldadóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir og Helga Sóley Björnsdóttir
10. flokkur: Hanna Lára Baldvinsdóttir
11. flokkur: Bára Sigurjónsdóttir
12. flokkur: Thelma Rós Arnardóttir
13. flokkur: Berglind Elva Sigvaldadóttir
14. flokkur, mæðgnaflokkur: Kristjana Guðbjartsdóttir
15. flokkur, kvennaflokkur: Berglind Elva Sigvaldadóttir
16. flokkur, jólaflokkur I: Karen Sól Halldórsdóttir
17. flokkur, jólamæðgna: Berglind Elva Sigvaldadóttir
18. flokkur, jólaflokkur II: Andrea Anna Arnardóttir og Þorbjörg Skúladóttir

### Umsjónarforingjar 2025

1. flokkur: Lilja Rós Gunnarsdóttir
2. flokkur: Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir
3. flokkur: Ísabella Rós Þorsteinsdóttir
4. flokkur: Lilja Rós Gunnarsdóttir
5. flokkur: Thelma Rós Arnardóttir
6. flokkur: Freyja Fönn Traustadóttir
7. flokkur: Þurý Anna Reynisdóttir
8. flokkur: Þurý Anna Reynisdóttir
9. flokkur: Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir
10. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
11. flokkur: Freyja Fönn Traustadóttir
12. flokkur: Andrea Anna Arnardóttir
13. flokkur: Kristín Hanna Guðmundsdóttir
13. flokkur, mæðgnaflokkur: Helga Sóley Björnsdóttir
14. flokkur, jólaflokkur I: Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir
15. flokkur, jólaflokkur II: Guðlaug Ósk Gunnarsdóttir

### Jólagleði Starfsmanna

Í lok nóvember var öllu starfsfólki ársins boðið í Vindáshlíð til jólagleði. Fulltrúar úr stjórn Vindáshlíðar skipulögðu og sáu um dagskrána og lögðu metnað í að skapa notalega og hátíðlega stemningu. Þorbjörg Skúladóttir og Halla Björk Reykjálín Grímsdóttir elduðu dýrinis jólakvöldverð sem allir nutu saman. Þeir sem vildu komu með lítinn jólapakka í pakkaskipti og litlu jólin voru haldin í setustofunni. Svo var hin sígilda spurningakeppni á sínum stað þar sem rifjuð voru upp spaugileg atvik frá liðnu sumri.



Skólabúðir eru vaxandi þáttur í starfsemi Vindáshlíðar. Hér eru Jörgen og Barry að hefja matartíma í skólabúðum með skemmtilegum leik um hver fái að fara fyrstur að hlaðborðinu.

## SKÓLABÚÐIR

Grunnskólahópar úr 9. bekk sóttu Vindáshlíð á vetrarmánuðum þar sem áhersla er lögð á að efla nemendur í lífsleikni, félagsfærni og jákvæðum samskiptum. Dvölin er skipulögð með það að markmiði að styrkja sjálfstraust, samvinnu og ábyrgð í öruggu og uppbyggilegu umhverfi. Jörgen Nilsson, eigandi Dalama Camp, hefur verið í samstarfi við Vindáshlíð frá árinu 2023 og gegnir jafnframt starfi forstöðumanns skólabúðanna. Jörgen býr yfir áratuga reynslu af rekstri skólabúða og hefur samstarf Dalama Camp og Vindáshlíðar reynst afar farsælt. Bæði nemendur, kennarar og skólastjórnendur hafa lýst yfir mikilli ánægju með dvölinu.

Starfsmenn skólahópa voru Jörgen Nilsson, Þorbjörg Skúladóttir, Andrea Anna Arnardóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Berglind Elva Sigvaldadóttir, Thelma Rós Arnardóttir, Una Bella Helgadóttir, Erla Sigurþórsdóttir, Kristjana Guðbjartsdóttir, Aldís Helga Björgvinsdóttir, Hildur Margrét Arnbjargardóttir, Hekla Sóley Magnúsdóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir, Lilja Karen Jóhannsdóttir, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Guðbjörg Ýr Hilmarsdóttir, Tinna Rós Steinsdóttir, Telma Ívarsdóttir, Arnar Bjarki Jóhannsson, Laufey Arnardóttir, Salka Þorgerður J. Stelludóttir, Herdís Hörn Eggertsdóttir, Bryndís Birnir Davíðsdóttir, Freyja Fönn Traustadóttir, Þurý Anna Reynisdóttir, Halla Björk Reykjálín Grímsdóttir, Halldór Óli Arnarson, Inga Margrét Bragadóttir, Steinunn Eva Óladóttir, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Pálína Agnes Kristinsdóttir, Karen Sól Halldórsdóttir, Elva Ösp Ólafsdóttir, Bjargey Guðmundsdóttir, Jakob Freyr Einarsson, Barry Comerford og Ann-Marie Brenner.

## ÝMSIR VIÐBURÐIR Í STARFI VINDÁSHLÍÐAR

### Konukvöld Hlíðarmeyja

Árlegt konukvöld Vindáshlíðar var haldið fimmtudaginn 6. mars, í samstarfi við aðaldeild KFUM og KFUK. Viðburðurinn tókst afar vel. Veislustjórar voru þær Laufey Gísladóttir og Sigurbjört Kristjánsdóttir sem stýrðu happdrætti, atriðum og líflegri dagskrá kvöldsins. Þær Sólrún Ásta Steinsdóttir, Berglind Elva Sigvaldadóttir, Svanfríður Elín Jakobsdóttir og Erla Sigurþórsdóttir elduðu glæsilegan þriggja rétta matseðil fyrir hlífarmeyjarnar. Sr. Helga Kolbeinsdóttir sá um hugvekju kvöldsins.

### Kaffisala og sumargleði

Kaffisala og sumargleði Vindáshlíðar er ein af árlegum fjáröflunum staðarins og var haldin uppi í Vindáshlíð sunnudaginn 25. maí. Viðburðurinn tókst afar vel og var vel sóttur af gestum á öllum aldri. Á dagskrá var eitthvað fyrir unga sem aldna. Þar mátti finna hoppukastala, brennibolta, folf, ratleik og gönguferðir um svæðið. Ljúffengt kaffimeðlæti var á boðstólum, að stórum hluta frá velunnurum Vindáshlíðar. Kaffisalan er mikilvægur liður í fjáröflun staðarins og um leið kærkomið tækifæri til að hittast og styðja við starfið.

### Vinnuflokkar

Í maí voru haldnir þrjú vinnuflokkar þar sem velunnarar og vinir Vindáshlíðar komu saman og tóku að sér fjölbreytt verkefni. Unnið var að því að undirbúa staðinn fyrir sumarið. Meðal verkefna má nefna tiltekt á háalofti, grisjun og tiltekt utandyra, ruslferðir, auk ýmissa lagfæringa og viðhaldsverkefna innandyra.



Að loknum vinnuflokknum 1. maí brauð stjórn Vindáshlíðar til Sólarkaffis þar sem sjálfboðaliðum síðastliðins árs var boðið í Hlíðina í kaffiboð. Það var okkur sönn ánægja að fá tækifæri til að þakka okkar góða og trausta fólki fyrir ómetanlegt framlag þeirra. Stefnir stjórn á að gera Sólarkaffið að árlegum viðburði.

**Kvennaflokkur**

Kvennaflokkur Vindáshlíðar kom saman dagana 29. til 31. ágúst 2025. Um 60 konur tóku þátt og nutu helgarinnar í nærandi og uppbyggilegum félagsskap í Hlíðinni. Í kvennaflokksnefnd sátu Dagný Dögg Sigurðardóttir, Helga Magnúsdóttir og Jóhanna K. Steinsdóttir sem stóðu að undirbúningi og skipulagi helgarinnar.

Yfirskrift kvennaflokks í ár var “Komið til mín í kyrrð og kærleika” og var efni flokksins í höndum Alís Yngason og sr. Helgu Kolbeinsdóttur, en sr. Bára Friðriksdóttir leiddi kyrrðarbæn. Sr. Kristján Valur Ingólfsson, fyrrum vígslubiskup í Skálholti, óskaði sérstaklega eftir því að fá að messa í kirkjunni þar sem hún ber nafnið Hallgrímskirkja. Hann hafði áður messað í Hallgrímskirkju í Reykjavík og Hallgrímskirkju í Saurbæ árið 2024, á 350 ára ártíð Hallgríms Péturssonar.

Matur og hefðbundinn veislukvöldverður var í umsjá Berglindar Elvu Sigvaldadóttur og aðstoðarkvenna hennar. Helgin var í alla staði vel heppnuð, rík af kyrrð, kærlega og dýrmætri samveru.

**Mæðgnaflokkur**

Boðið var upp á einn mæðgnaflokk í lok sumars þar sem rúmlega 50 mæðgur komu saman í Vindáshlíð til að njóta samveru og dagskrár í Hlíðinni. Síðar var haldinn jólamæðgnaflokkur helgina 28. til 30. nóvember, þar sem um 20 mæðgur komu og nutu jólaandans saman í vel skreyttri Vindáshlíð.

**Jólaflokkar**

Tveir jólaflokkar voru í boði fyrir stúlkur í aðdraganda aðventu. Fyrsti flokkurinn fór fram dagana 21. til 23. nóvember fyrir stúlkur á aldrinum 13 til 16 ára og sá síðari 5. til 7. desember fyrir stúlkur á aldrinum 10 til 12 ára. Flokkarnir veita stúlkum tækifæri til að njóta aðventunar í fallegu og jólalegu umhverfi Vindáshlíðar og tengjast kristilega boðskap hátíðanna. Einnig var haldinn einn jólamæðgnaflokkur helgina 28. til 30. nóvember. Þar fengu mæðgurnar að skera út og steikja laufabrauð, baka piparkökur og lakkristoppa, fönðra taupoka og njóta skemmtilegrar samveru í Hlíðinni fríðu.

**Jóladagur Vindáshlíðar**

Á árlegan jóladag Vindáshlíðar, 14. desember, mættu yfir 400 manns. Mikil jólastemning ríkti um svæðið með heitu kakói og kaffihlaðborði. Á jólamarkaðnum í setustofunni var fjölbreytt úrval, þar á meðal sóror, lakkristoppar, kökudeig, sultur frá Írafelli, eldhússvuntur og jólakransar.

Jólatréssalan var á sínum stað og jólasveinar komu í skemmtilega heimsókn til að heilsa bæði börnum og fullorðnum. Dagurinn markaði frábært upphaf aðventunnar og bæði þátttakendur og skipuleggjendur voru himinlifandi með daginn.



Mæðgnahópur á veislukvöldi í mæðgnaflokki



Jólasveinarnir komnir á stjá að skemmta ungum sem öldnum á jóladegi Vindáshlíðar.



Flottur hópur kvenna sem tók þátt í kvennaflokki í Vindáshlíð í lok ágúst 2025.



Á starfsárinu 2025 var loftið í matsalnum klætt með hljóðeinangrandi dúk. Hljóðvist í salnum varð miklu betri í kjölfarið.

## FRAMKVÆMDIR

Á aðalfundi var kynnt framkvæmdaplan stjórnar Vindáshlíðar til ársins 2029. Verkefni ársins 2025 voru meðal annars fram á að hljóðeinangra mat- og kvöldvökusal með hljóðeinangrandi dúk. Í þeirri framkvæmd var lýsingin einnig stórbætt og sett innfelld lýsing í loft, sem skapaði bæði betri birtuskilyrði og hlýlegt umhverfi með dimmanlegum ljósum. Dúkurinn var keyptur og settur upp af Enso, en grindin og forvinna var í höndum Fernando Valladares og Francisco José Valladares. Öll rafmangsvinna var í höndum Snorra Rúnarssonar

Þá skiptu Guðlaugur Jón Gunnarsson og Bragi Hjartarson um járn á þakinu yfir matsalnum í aðalbyggingunni. Sú framkvæmd lukkaðist vel og byggðu þeir einnig bíslag yfir útidrahurðina úr eldhúsinu.

Eftir að gömlu Fellin voru rifin árið 2020 kom í ljós þörf á fleiri starfsmannaherbergjum á svæðinu. Í ársbyrjun 2025 var ákveðið að festa kaup á nýjum starfsmannahústað, Fellið, sem var flutt tilbúið til búsetu þann 18. ágúst, degi eftir að sumarstarfinu lauk. Húsið, sem var keypt frá SG hús, var flutt í heilu lagi í lögregluflugd og fest á forsteyptar einingar þar sem gamli grunnurinn af Fellunum stóð. Nýja húsið er 45 fm timburhús með tveimur svefnherbergjum, baðherbergi og alrými með lítilli eldhúsinnréttingu. Mun þessi bygging bæta aðstöðu starfsmanna til muna.



Fellið, nýtt 45 fm starfsmannahús var keypt tilbúið og flutt í heilu lagi í Vindáshlíð 18. ágúst 2025. Húsið stendur á grunni gömlu Fellana, starfsmannahúsa sem voru rifin fyrir nokkrum árum.

### Hallgrímskirkja í Kjós

Ragnheiður Sverrisdóttir hefur undanfarin ár haldið utan um viðhald á kirkjunni, auk þess sem hún hefur séð um fjáröflun til þess. Á síðasta ári lágu stórar framkvæmdir við kirkjuna niðri, nema þrif og lítils háttar viðhald innanhúss. Í stað þess að mála þakið var ákveðið að skipta frekar um bárujárn og setja á það innbrennt járn. Þessi framkvæmd er á dagskrá sumarsins. Einnig er stefnt að málningu á veggjum að utan, málningu á gluggum innanhúss og fleiru.

## ANNAD

### Varningur

Vindáshlíð seldi ýmsan varning í tengslum við sumarstarfið. Má þar nefna stuttermaboli úr bómull, vatnsbrúsa, hatta, og taupoka. Bolirnir í ár voru ljósbleikir með dökkbleikri mynd og voru þeir afar vinsælir. Einnig seldist Uppskriftabók Vindáshlíðar vel, auk eldhússvunta sem hægt var að fá bæði í brúnum eða bleikum lit. Sérstakar jólasvuntur voru í sölu fyrir jólin, rauðar með gylltu Vindáshlíðarmerki.

### Lokaorð

Starfsár Vindáshlíðar einkenndist af líflegri starfsemi, góðri þátttöku, fjölbreyttri starfsemi og frábæru starfsfólki. Dugnaður starfsfólks, sjálfboðaliða, aðstandenda og vina Vindáshlíðar í samarflokkum, vinnuflokkum, stjórnarstörfum, nefndarsetum, kaffisölu, jólasamveru og öðrum viðburðum er ómetanlegur. Þá er mikill styrkur í öflugum bænasamfélagi að baki starfinu, sem er gríðarlega dýrmætt. Þökkum Guði fyrir starfið í Vindáshlíð og þá fjölmörgu sem hafa lagt því lið.

ANDREA ANNA ARNARDÓTTIR  
RITARI STJÓRNAR



HELGA SÓLEY BJÖRNSDÓTTIR  
FRAMKVÆMDASTJÓRI



## 14. ÖLVER

Ölver stendur á skemmtilegum stað í nágrenni Hafnarfjalls. Þar eru sumarþúðir á sumrin og þar er hver dagur nýtt ævintýri, sambland af ómissandi hefðum, nýjum leikjum og uppákomum. Í starfinu er unnið með hin góðu gildi Biblíunnar, mikið sungið og boðið upp á hollan og góðan heimalagaðan mat. Á veturna er staðurinn leigður út fyrir hópa af ýmsu tagi. Í aðalskalanum, sem tekinn var í notkun árið 1952, eru rúmpláss fyrir 60 manns ásamt gistiþlássi í sumarþústað sem er í eigu Ölvers skammt frá skalanum. Í skalanum er stór matsalur, eldhús, kvöldvökusalur, starfsmannaaðstaða, svefnherbergi barnanna og þvotta- salernis- og sturtuaðstaða.

## STJÓRN OG STJÓRNARSTARF

### Aðalfundur 2025

Aðalfundur Ölvers var haldinn miðvikudaginn 12. mars 2025 í húsnæði KFUM og KFUK á Holtavegi 28, Reykjavík. Á fundinum fóru fram hefðbundin aðalfundarstörf og voru 20 manns sem mættu. Anna Guðný Hallgrímsdóttir var fundarstjóri og Hjördís Rós Jónsdóttir fundarritari. Ársskýrsla og endurskoðaðir reikningar voru lagðir fram til umræðu og afgreiðslu. Fjárhags- og starfsáætlun var kynnt. Í kjörnefnd voru þær Anna Birna Kjartansdóttir og Hrafnhildur Guðmundsdóttir. Kristrún Guðmundsdóttir gaf ekki kost á sér aftur og gekk því úr aðalstjórn. Í framboði voru þær Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir og Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir. Ásta Sóllilja og Kristbjörg Heiðrún voru sjálfkjörnar og skipaðar í aðalstjórn. Hrafnhildur Garðarsdóttir gaf ekki kost á sér aftur og gekk því úr varastjórn. Í framboði voru þau Guðmundur Hafsteinn Kjartansson og Nanna Birgisdóttir Hafberg. Hafsteinn og Nanna voru sjálfkjörin og skipuð í varastjórn.

### Stjórn

Stjórn Ölvers á starfsárinu 2025-2026 var þannig skipuð: Erna Björk Harðardóttir, formaður. Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, varaformaður. Kristrún Lilja Gísladóttir, ritari. Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir, gjaldkeri. Erla Björg Káradóttir, situr í stjórn fyrir hönd KFUM & K. Guðmundur Hafsteinn Kjartansson, fulltrúi í varastjórn. Nanna Birgisdóttir Hafberg, fulltrúi í varastjórn.



Erna Björk  
Harðardóttir



Ásta Sóllilja  
Sigurbjörnsdóttir



Kristrún Lilja  
Gísladóttir



Kristbjörg Heiðrún  
Harðardóttir



Nanna  
Birgisdóttir  
Hafberg



Erla Björg  
Káradóttir



Hafsteinn  
Kjartansson



Girðingarvinna er kostnaðarsöm og krefst mannafla, það var því mikill fengur þegar hópur velunnara tók verkefnið að sér síðastliðið sumar.

Skoðunarmenn reikninga starfsárið 2025-2026 voru Einar Helgi Ragnarsson, skipaður af KFUM og KFUK, og Guðmundur Pálsson.

Stjórnarfundir á starfsárinu voru fimm talsins og haldnir þann 1. apríl, 7. september, 21. október, 13. janúar og 17. febrúar. Stjórnin er þó í vikulegum samskiptum allt árið um kring.

#### Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin sá um skipulagningu sumarstarfsins. Í því fólst meðal annars að undirbúa staðinn og kaupa aðföng, setja saman flokkaskrá, fá tilboð frá ýmsum stöðum, ráða starfsfólk, setja upp vinnuskipulag og margt fleira. Einnig sá stjórnin um fjárflokkun, útleigu, viðhald á staðnum, leit eftir styrkjum ásamt fleiri verkum sem upp koma hvert ár.

#### Framkvæmdir

Engin stór viðhaldsverkefni á húsakynnum Ölvers voru á árinu. Það hefur hins vegar lengi verið þörf fyrir viðhald á girðingunni í kringum staðinn en kindur hafa verið óþarflega tíðir gestir undanfarnin ár. Girðingarvinna er kostnaðarsöm og krefst mannafla, það var því mikill fengur þegar hópur velunnara undir stjórn Guðna Más Harðarsonar tók verkefnið að sér síðastliðið sumar. Söfnun fyrir efniskostnaði og mikilvægum og dýrum verkfærum var hrint af stað og náðist að safna fyrir öllum kostnaði. Þessi verkfæri, eins og staurabor, strekkjari og naglabýssa, munu svo nýtast áfram til viðhalds girðingarinnar, sem þarf að sinna með reglulegu millibili. Vinnudagur fór fram 13. júlí og voru 10 sjálfboðaliðar sem komu og unnu samtals 80 vinnustundir, ásamt því að ráðskona staðarins sá vinnuhópnum fyrir mat og drykk. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir þetta frábæra framtak og þökkum Guði fyrir að fólk er tilbúið að koma og vinna að mikilvægum verkefnum sem þessum.

#### Byggingarnefnd

Hægst hefur á störfum byggingarnefndar á síðast liðnu ári en beðið er eftir landmælingu svo hægt sé að sækja um deiliskipulag. Ekki er hægt að mæla landið vegna reglugerðar sem beðið er eftir hjá hinu opinbera og er það miður. Áfram er unnið að fjármögnun og gengur það verkefni hægt. Byggingarnefndina skipa Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson, Kári Geirlaugsson, Hörður Geirlaugsson, Mjöll Þórarinsdóttir, Unnur Rún Sveinsdóttir og Þráinn Haraldsson ásamt tengiliðum stjórnar sem eru Hafsteinn Kjartansson og Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir.

#### Hitaveitan

Talsverð endurnýjun og framkvæmdir hafa átt sér stað á hitaveitu Ölvers á starfsárinu. Skipt var um dælu í dæluskúrnum, hluta af leiðslu hefur verið skipt út og þá hefur þriggja fasa rafmagni verið komið á dæluskúrinn. Ingólfur Þorbjörnsson verkfræðingur, hönnuður hitaveitunar, hefur haft umsjón með þessum framkvæmdum. Hafsteinn Kjartansson hefur einnig verið mikilvægur í þessu verkefni og farið ótal ferðir upp í Ölver bæði tengt þessu verkefni sem og að sinna ýmsum málum sem koma upp varðandi hitaveituna og vatns- og fráveitumál Ölvers, hefur hann sinnt þessu af mikilli trúfesti allt frá stofnun hitaveitunnar. Þessi framkvæmd var tímabær enda hefur umfang hitaveitunnar vaxið og notkunin verið talsvert meiri en gert var ráð fyrir þegar hún var sett á laggirnar árið 1993.

## SUMARSTARFIÐ

### Flokkar

Það voru samtals 352 börn á aldrinum 7-16 ára sem dvöldu í Ölveri sumarið 2025. Líkt og fyrri ár var unnið að fjölbreytni í flokkaskránni til að stuðla að því að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Flokkaskráin er alltaf til endurskoðunar og er endurmetin eftir ár hvert. Áfram var boðið upp á „Stelpur í stuði“ sem hefur verið mikilvægur liður í því að aðlagða Ölver að þörfum barna og bæta fjölbreytileika flokkanna. Ævintýraflokkarnir eru ávallt jafn vinsælir og voru þeir fjórir talsins líkt og síðustu sumar. Listaflokkarnir voru tveir þetta árið fyrir tvo mismunandi aldurshópa, svo að listrænar Ölversstelpur á öllum aldri kæmust að. Síðasta sumar fylltust leikjaflokkarnir hratt og margir á biðlista, og því var ákveðið að bjóða upp á þrjá leikjaflokka þetta árið. En eftirspurnin var ekki sú sama þetta árið og því miður féll einn leikjaflokkur niður. Unglingaflokkurinn var á sínum stað fyrir 14-16 ára stelpur. Síðustu ár höfum við boðið upp á leikjanámskeið fyrir 6-9 ára börn á Akranesi og nágrenni. Við buðum áfram upp á það þetta árið, en því miður var eftirspurnin það lítil að það féll niður. Þökkum við fyrir hvert einasta dýrmæta barn sem hjá okkur dvaldi þetta sumarið.

### Flokkaskrá 2025 og nýting pláss

Flokkar	Tímabil	Aldursbil	Fjöldi	Nýting
1. Leikjaflokkur I	10.- 14. júní	8- 10 ára	46	98%
2. Ævintýraflokkur I	16.- 22. júní	12- 14 ára	40	85%
3. Ævintýraflokkur II	23.- 28. júní	10- 12 ára	47	100%
4. Listaflokkur I	29. júní- 4. júlí	11- 13 ára	47	100%
5. Ævintýraflokkur III	5.- 10. júlí	10- 12 ára	32	68%
6. Unglingaflokkur	11.- 17. júlí	14- 16 ára	36	77%
7. Leikjaflokkur II	18.- 21. júlí	8- 10 ára	0	0%
8. Ævintýraflokkur IV	22.- 27. júlí	10- 13 ára	46	98%
9. Leikjaflokkur III	28.- 31. júlí	7- 10 ára	24	51%
10. Listaflokkur II	5.- 10. ágúst	8- 11 ára	28	60%
11. Stelpur í stuði	14.- 17. ágúst	11- 13 ára	6	30%
12. Leikjanámskeið	18.- 21. ágúst	6- 9 ára	0	0%





Ráðskonur voru Salóme Huld Garðarsdóttir, Nanna Birgisdóttir Hafberg, Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir, Ásdís Björnsdóttir, Tinna Steindórsdóttir, Lilja Maren Elíasdóttir og Karitas Halla Gunnarsdóttir. Um matarinnkaup sá Hrafnhildur Guðmundsdóttir verkefnastjóri sumarsins.

Foringjar voru Eyrún Una Arnarsdóttir, Sólveig Hjörleifsdóttir, Herdís Hörn Eggertsdóttir, Arna Sara Guðmundsdóttir, Kristbjörg Katla Hinriksdóttir, Halldóra Soffía Jónsdóttir, Karitas Halla Gunnarsdóttir, Edda Guðnadóttir, Marín Rut Sigurðardóttir, Eyrún Birna Davíðsdóttir, Eydís Ósk Sævarsdóttir, Sigríður Sól Ársælsdóttir, Ásta Isabella Kent, Alice Viktoria Kent, Helena Ingrid Gunnarsdóttir Langdal, Nanna Birgisdóttir Hafberg, Lilja Maren Elíasdóttir, Ásdís Ægisdóttir, Svanhildur Reynisdóttir, Andrea Ósk Halldórsdóttir, Helga Vigdís Thordersen, Sólney Sigurðardóttir, Messíana Baldvinsdóttir, Kristín Salka Auðunsdóttir, Aníta Ósk Arnardóttir, Eva Lind Hákonardóttir, Katrín Lea Daðadóttir, Katla Magnea Magnúsdóttir og Anna Birna Kjartansdóttir.

Aðstoðarforingjar voru Ronja Dýrfjörð Halldórsdóttir, Birna Ragnheiður Bjarkadóttir, Rósa Kristín Einarisdóttir, Áslaug Rún Davíðsdóttir, Elsa Margrét Scheving Þórðardóttir, Ólöf Ösp Hjaltadóttir, Sigríður Maren Arnarsdóttir, Árný Lea Grímsdóttir, Kolbrún Birna Þorsteinsdóttir, Steinunn Erla Sigurðardóttir, Elfur Íris Einarisdóttir, Matthildur Sóley Eggertsdóttir, Auður Erna Ragnarsdóttir, Agnes Elín Davíðsdóttir, Karen Sæberg Guðmundsdóttir, Eva Gabríela Veigarsdóttir, Ísabella Þórðardóttir, Aníta Sóley Birgisdóttir, Ólöf Katrín Þormar, Kristjana Emma Kjartansdóttir, Heiðrún Ása Þráinsdóttir, Ylfa Fanndís Hrnarnarsdóttir, Kamilla Inga Ellertsdóttir, Yrsa Maren Haraldsdóttir, Kristbjörg Sigríður Þóroddsdóttir, Dagmar Edda Á. Guðnadóttir, Alda Örvarsdóttir og Raket Líf Jonathansdóttir.

### Starfsmenn

Margir reyndir og góðir starfsmenn störfuðu hjá okkur í sumar ásamt nýju frábæru starfsfólki. Ölver á mikið að þakka þeim dýrmæta mannauði sem kemur að starfinu. Síðustu ár hefur verið mikil aðsókn aðstoðarforingja, um að komast að í sjálfboðavinnu, og var engin breyting á því þetta árið. Aðstoðarforingjar eru foringjar framtíðarinnar og eru ómissandi hluti af starfsheldinni í Ölveri. Við höfum lagt okkur fram við að halda vel utan um þá, hvatt þá til að taka þátt í leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK, að sækja námskeiðin sem í boði eru fyrir þá. Starfsfólk Ölvers vann frábært starf í sumar, líkt og áður. Ölver er mjög lánsamt að hafa framúrskarandi starfsfólk sem að gera Ölver að einum besta staði í heimi, þó við segjum sjálf frá. Starfsfólkið okkar lagði sig mikið fram til að gera dvöl barnanna sem komu til okkar í sumar eftirminnilega, lærdómsríka, og gleðilega.

Undanfarin ár hefur stjórn Ölvers ráðið verkefnastjóra í tímavinnu til að styðja við sumarstarfið. Hrafnhildur Guðmundsdóttir var ráðin inn sem verkefnastjóri. Starfshlutfallið var 80% en hennar helstu verkefni voru að panta mat, panta hreingerningavörur, kaup á öðrum aðföngum, stýra brottför og heimkomu barna á Holtavegi, sala varnings, umsjón með samfélagsmiðlum, samskipti milli stjórna og skrifstofu KFUM&K, samskipti við forstöðu- og ráðskonur, afleysingar, aðstoð við þríf á heimfarardeg, vera starfsmönnum sumarþúðanna innan handar og önnur tilfallandi verkefni.

Forstöðukonur sumarsins voru Bára Daðadóttir, Krístrún Lilja Gísladóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Messíana Halla Kristinsdóttir, Svava Sigríður Svavarsdóttir, Unnur Rún Sveinsdóttir, Lilja Maren Elíasdóttir, Stella Rún Steinþórsdóttir, Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir og Ólöf Birna Sveinsdóttir.



Sérfræðingar í flokknum Stelpur í stuði voru þær Arndís Sverrisdóttir, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir og Unnur Rún Sveinsdóttir. Ásamt þeim voru þær Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir og Ólöf Birna Sveinsdóttir sem tóku að sér forstöðuhlutverk flokksins líkt og fyrri ár.

### Þakkarmáltíð fyrir starfsmenn sumarsins að sumri loknu

Sú góða hefð hefur skapast að bjóða starfsfólki sumarsins í þakkarmáltíð í lok hvers sumars. Sá viðburður var haldinn 30. september kl. 19:00 á Holtavegi 28 og mættu um 30 manns. Það var boðið upp á mat frá Serrano og átti starfsfólk Ölvers góða kvöldstund saman.

### Kaffisalan

Kaffisalan var haldin í Ölveri þann 24. ágúst 2025 í góðu veðri, í smá sól og blíðu. Kaffisalan gekk mjög vel og var aðsóknin mjög góð, gestir voru um 250 talsins. Kaffisölunefnd er ár hvert skipuð af nokkrum stjórnarmeðlimum ásamt góðum velunnurum sem aðstoða við að gera staðinn gestahæfan og sjá til þess að kaffiborðið sé hið glæsilegasta. Um kaffisöluna í ár sáu þær Erla Björg Káradóttir, Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir, Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Irena Rut Jónsdóttir, Karitas Eva Jónsdóttir og Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir. Þakkar stjórnin framlag allra sem lögðu hönd á plóg. Á kaffisölnunni var líka seldur varningur, bolir og brúsar. Það söfnuðust um 800.000 krónur.

### Vetrarleigan

Svipaður fjöldi hópa kom yfir vetrarmánuðina og undanfarin ár. Flestir hópar leiga staðinn eingöngu, en í maí hafa skólahópar komið til okkar og fengið fæði og dagskrá einnig. Guðbjörg Þórunn Sveinsdóttir tók á haustmánuðum við sem umsjónarmaður með vetrarleigu af Lilju Sævarsdóttur en Guðbjörg hefur áður sinnt því starfi. Kunnum við þeim báðum bestu þakki fyrir umhyggjusemi sína fyrir staðnum.

### Fjárafilanir, gjafir og styrkir

Ölver seldi varning til dvalargesta á árinu sem fyrri ár. Boðið var uppá langermaboli, húfur, vatnsbrúsa og handklæðasett eins og fyrri ár. Líkt og síðasta sumar buðum við upp á stuttermaboli úr "dri-fit" efni, bolirnir voru bláir í ár og seldust vel. Verkefnið Stelpur í stuði fékk styrk frá Landlækniseimbættinu. Þá heldur söfnun í Sveinujóð áfram og nokkrir traustir aðilar gefa alltaf reglulega gjafir í þann sjóð. Eins og áður hefur komið fram var farið í girðingarvinnu þar sem náðist að safna fyrir mikilvægum verkfærum og stór hópur gaf vinnu sína. Stjórn Ölvers ítrekar þakki til allra þeirra sem komu að þessu verkefni með einum eða öðrum hætti. KFUM og K hélt jólaball í desember ágóðinn af því rann að þessu sinni til okkar, þetta var skemmtileg og notaleg stund fyrir fjölskyldur. Við viljum koma á framfæri miklu þakklæti fyrir allar gjafir og stuðning sem við fáum með einum eða öðrum hætti. Án stuðnings velunnara megnum við lítið.

### Lokaorð

Stjórn Ölvers vill, líkt og fyrri ár, færa innilegar þakki fyrir frábært starfsár. Sumarstarfið var blessunarríkt og ber þar helst að þakka okkar frábæra starfsfólki, sjálfboðaliðum og velunnurum. Stjórnin vill jafnframt koma á framfæri innilegu þakklæti til allra þeirra sem hafa lagt starfinu lið í gegnum tíðina. Fjöldi einstaklinga hefur komið að starfinu í ár- hvort sem það er með bæn, vekja athygli á starfinu, taka þátt í framkvæmdum og viðhaldi, sinna staðnum yfir vetrartímam, taka þátt í sumarstarfinu og margt, margt fleira.

Guð blessi áfram þennan yndislega stað sem er mörgum svo kær.

ERNA BJÖRK HARÐARDÓTTIR  
FORMADUR STJÓRNAR



KRÍSTRÚN LILJA GÍSLADÓTTIR  
RITARI STJÓRNAR



KRISTBJÖRG HEIÐRÚN HARÐARDÓTTIR  
GJALDKERI STJÓRNAR



# 15. KALDÁRSEL

Sumarþúðirnar í Kaldárseli hafa verið starfræktar frá árinu 1925, og hafa því starfað í rúma öld. Á þessum tíma hafa mörg börn fengið að njóta þess að dvelja í Kaldárseli og um leið fengið dýrmæt tækifæri til að rækta líkama, sál og anda. Umhverfi Kaldársels er ævintýri líkast, þar er fjöldi hella og annarra fallegra staða sem gaman er að skoða. Hraunið umhverfis Kaldársel og Kaldáin hafa verið uppspretta ótalmargra gleðistunda hjá börnunum sem dvelja í Kaldárseli. Sumarþúðirnar í Kaldárseli voru fyrstu íslensku sumarþúðirnar til að vera með fastan skála. Mikið hefur verið byggt við skálann í Kaldárseli síðan þá og í dag skiptist hann niður í tvo hluta, gamla og nýja skála. Í gamla skála er matsalur, eldhús, sameiginlegt rými og tvö svefnherbergi fyrir börn sem og starfsmannaherbergi. Í nýja skálanum eru 4 svefnherbergi fyrir börn, starfsmannaherbergi, íþróttasalur og samkomusalur. Í Kaldárseli er aðstaða fyrir 40 börn, 8 starfsmenn og 4 aðstoðarforingja, frá árinu 2024 mátti ekki gista í gamlaskálanum og breyttist því aðstaðan þannig að einungis 28 börn og 6 starfsmenn komust fyrir.



## STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

### Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn 18. mars 2025 í þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Fundarstjóri var Gísli Davíð Karlsson og fundarritari var Arnór Heiðarsson.

Stjórn Kaldársels og aðrir kosnir fulltrúar

Stjórn Kaldársels á starfsárinu skipuðu:

Jóna Þórdís Eggertsdóttir, meðstjórnandi

Arnór Heiðarsson, gjaldkeri

Sveinn Elliði Björnsson, ritari

Guðni Nathan Gunnarsson, meðstjórnandi



Jóna Þórdís Eggertsdóttir



Arnór Heiðarsson



Sveinn Elliði Björnsson



Guðni Natan Gunnarsson

Á árinu voru haldnir 2 stjórnarfundir, á milli funda átti stjórnin í samskiptum í gegnum facebook-hóp stjórnar.

Skoðunarmenn reikninga voru þeir Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson og Guðmundur Jóhannsson.

### Helstu verkefni stjórnar

Meðal þeirra verkefna sem stjórnin sinnti á starfsárinu eru:

**Undirbúningur sumarstarfs:** Eitt af helstu verkefnum stjórnar á vormánuðum er að undirbúa sumarstarfið. Eitt þeirra er auglýsingamál. Stjórnin sér um auglýsingar á samfélagsmiðlum en annað er sameiginlegt með hinum sumarþúðum KFUM og KFUK. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir hefur gert margar fallegar teikningar sem við höfum nýtt í auglýsingarefni. Annar hefðbundinn undirbúningur átti sér stað að venju svo sem starfsmannapjálfun, undirbúningur dagskrár, regluleg innkaup, almennt viðhald staðarins og bakvakt fyrir alla flokka.

**Samskipti við Hafnarfjarðarbæ:** Við eigum í góðu samstarfi við Hafnarfjarðarbæ. Hafnarfjarðarbær greiddi laun þriggja starfsmanna 238 klst, sem samsvarar 7 vikum í Kaldárseli einnig fengu unglingar að vinna bæjarvinnuna í Kaldárseli. Samstarf Kaldársels og Hafnarfjarðarbæjar er okkur mjög dýrmætt og veitir góðan stuðning við starfið. Einnig hefur bærinn gefið góðan afslátt af fasteignagjöldum. Stjórn Kaldársels vonar að samstarfið við bæinn eigi eftir að aukast á komandi árum.

**Samskipti við starfsmenn:** Stjórn Kaldársels tók alla starfsmenn sumarsins í starfsmannasamtal fyrir sumarið. Þá var haldið sérstakt starfsmannanámskeið í Kaldárseli þar sem farið var yfir allt sem skiptir mestu máli fyrir sumarstarfið t.d. samskipti, útivist, eftirlit og hlutverk foringja.

**Eftirfylgni með starfsemi Vinasetursins:** Stjórn Kaldársels skipaði stjórn Vinasetursins sem samanstóð af Helga Gíslasyni formanni, Arnóri Heiðarssyni, gjaldkera og Jónu Þórdísi Eggertsdóttur sem tengilið við Kaldársel. Framkvæmdastjóri Vinasetursins, Guðrún Elva Arinbjarnardóttir og stjórn Vinasetursins hafa haldið utan um starfsemina og stjórn Kaldársels hefur fengið reglulegar fréttir af stöðu starfsins þar.

## STARFSEMI — SUMARSTARF

### Flokkar sumarsins

Flokkaskrá sumarþúðanna í Kaldárseli 2025 var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Ákveðið var að hafa tvö leikjanámskeið fyrir eldri börn eitt í júní og annað í ágúst, sjá töflu 1. Vegna lítillar skráningar var ákveðið að hætta við 7. flokk en í staðinn var starfsfólkinu boðið að hjálpa til við allsherjar þrif og annað viðhald á staðnum.

Tafla 1: Þátttaka og nýtingarhlutfall sumarið 2025

Flokkur	Dagsetning	Aldur	Fjöldi	Pláss
1 Leikjanámskeið	10.-13. júní (4 dagar)	6-9 ára	30	30
2 Dvalarflokkur	16.-20. júní (5 dagar)	8-11 ára	24	25
3 Leikjanámskeið	23.-27. júní (5 dagar)	7-11 ára	32	30
4 Dvalarflokkur	30. jún-4. júl (5 dagar)	9-12 ára	25	25
5 Leikjanámskeið	7.-11. júlí (5-dagar)	6-9 ára	30	30
6 Leikjanámskeið	14.-18. júlí (5 dagar)	6-9 ára	23	30
7 Leikjanámskeið	- Var sleppt -			
8 Leikjanámskeið	5.-8. ágúst (4 dagar)	6-9 ára	31	30
9 Leikjanámskeið	11.-15. ágúst (5 dagar)	7-11 ára	33	30
Samtals			228	230
Hlutfall			99,13%	100%

### Tölfræði þátttöku

Sumarið 2025 var boðið upp á samtals 8 flokka í Kaldárseli. Dvalarflokkarnir tóku hvor um sig 25 börn og leikjanámskeiðin 30 börn, var því í heildina boðið upp á 230 pláss. Allir flokkar sumarsins voru fyrir öll kyn. Þátttakendur sumarið 2025 voru samtals 228 sem er 99,13% nýting, en ef litið er til þess að 7. flokkur var felldur niður þá er nýtingin 87,69%. Árið 2024 var boðið upp á 8 flokka og 230 pláss, það árið voru þátttakendur 208 í heildina og nýtingin 90,43%.

Árið 2025 var 44% þátttakenda drengir (100 þátttakendur) og 56% stúlkur (128 þátttakendur), sjá nánar í töflu 2. Það er sama kynjahlutfall og árið 2024.

Tafla 2: Kynjahlutfall

Flokkar sumarið 2025	KK	KVK	Samtals
1 Leikjanámskeið	22	8	30
2 Dvalarflokkur	8	16	24
3 Leikjanámskeið	19	13	32
4 Dvalarflokkur	6	19	25
5 Leikjanámskeið	13	17	30
6 Leikjanámskeið	10	13	23
7 Leikjanáms. var sleppt	0	0	0
8 Leikjanámskeið	14	17	31
9 Leikjanámskeið	8	25	33
Samtals	100	128	228
Hlutfall	43,86%	56,14%	100%

**Búseta þátttakenda:** Í töflu 3 má sjá dreifingu á búsetu þátttakenda. Flestir þátttakendur koma úr Hafnarfirði eða 43%, 27% koma úr Reykjavík, 17% Kópavogi, 4% Garðabæ og 9% koma annarstaðar frá. Það er sambærileg dreifing og undanfarin ár.

Tafla 3: Dreifing á búsetu þátttakenda:

Flokkar	HFJ	RVK	KÓP	GRB	Annað	Samt.
1 Leikjanámskeið	12	7	10		1	30
2 Dvalarflokkur	11	7	4		2	24
3 Leikjanámskeið	15	12	5			32
4 Dvalarflokkur	11	12			2	25
5 Leikjanámskeið	6	11	5	6	2	30
6 Leikjanámskeið	11	3	3		6	23
7 Leikjanámskeið						0
8 Leikjanámskeið	14	6	3	1	7	31
9 Leikjanámskeið	18	4	8	2	1	33
Samtals	98	62	38	9	21	228
Hlutfall	42,98%	27,19%	16,67%	3,95%	9,21%	100%

**Endurkoma:** Yfir sumarið var meirihluti þátttakenda að koma í Kaldársel í fyrsta skiptið, endurkomu hlutfallið var því einungis 41% eða 94 börn. Þá var dvölin í Kaldárseli fyrsta reynsla 124 þátttakenda af starfsemi KFUM og KFUK.

**Aldur:** Í öllum flokkum sumarsins voru 8 ára þátttakendur og í heild eru þeir 29% af þátttakendum, fjölmennasti aldurinn 8 ára, þar á eftir eru 7 ára um 24% þátttakenda, 9 ára fylltu upp í 19% af plássunum. Þannig að 72% þátttakenda er á aldrinum 7-9 ára. 17% eru yngri en 7 ára og 11% eldri en 9 ára.

### Starfsfólk

Við erum gríðarlega þakklát fyrir allt það starfsfólk sem hefur verið tilbúið að starfa fyrir okkur síðastliðin sumur enda gegna þau lykilhlutverki í upplifun barnanna af starfinu. Ráðningar hafa gengið misvel í Kaldárseli undanfarin ár og erfiðlega gengið að skapa góðan starfsmanna kjarna. Í hverjum flokki er að minnsta kosti einn starfsmaður fyrir hverja fimm þátttakendur, í fullum flokki eru það átta starfsmenn. Auk þess fá unglingar að taka þátt í starfinu sem aðstoðarforingjar. Sumarið 2025 störfuðu samtals 15 starfsmenn í Kaldárseli og 14 aðstoðarforingjar. Aðstoðarforingjar eru á aldrinum 13-16 ára og unnu öll í einum til þremur flokkum. Tveir starfsmenn unnu í Kaldárseli alla flokkana, aðrir unnu allt frá einum flokki upp í sjö. Það er því alltaf einhver breyting á starfsmannahópnum milli flokka.

### Forstaða

1. Leikjanámskeið: Monika Jónsdóttir
2. Dvalarflokkur: Jóna Þórdís
3. Leikjanámskeið: Áslaug Dóra Einarsdóttir
4. Dvalarflokkur: Guðni Nathan Gunnarsson
5. Leikjanámskeið: Andrea
6. Leikjanámskeið: Andrea
7. Leikjanámskeið: Andrea
8. Leikjanámskeið: Áslaug Dóra Einarsdóttir
9. Leikjanámskeið: Jóna Þórdís

### Eldhúsumsjón

Beata Jónsdóttir hefur verið ráðskona Kaldársels síðastliðin 7 ár og hefur séð um matarinnkaup og haldið utan um eldhúsið síðan 2021. Sumarið 2023 bættist Malgorzata Jolanta Szczepaniak í teymið með Beötu og saman sáu þær um eldhúsið allt sumarið.



29. maí 2025 var haldin vegleg vorhátíð í tilefni af 100 ára afmæli Kaldársels. Fjöldi fólks lagði leið sína í Kaldársel og tók þátt í fjölbreyttri dagskrá.



Fjöldi fólks lagði leið sína í Kaldársel og tók þátt í fjölbreyttri dagskrá.



Sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir flutti hugvekju.



Góður hópur tók þátt í sögugöngu með Þórarni Björnssyni.



Jóna Þórdís Eggertsdóttir og Ásgeir Páll Ágústsson stýrðu fjöldsöng.



Helgi Gíslason að grilla pylsur ofan í gesti.



Anna Magnúsdóttir formaður afmælisnefndar, flutti erindi um sögu Kaldársels.



Í tilefni af 100 ára afmæli Kaldársels, komu forsetahjónin frú Halla Tómasdóttir og Björn Skúlason í heimsókn á sjálfan afmælisdaginn 25. júní 2025. Fengu þau kynningu á staðnum, tóku þau þátt í morgunfund með börnunum og borðuð með þeim hádegsvorð. Í lok heimsóknar voru þau leyst út með þessari mynd af Kaldárseli sem börnin höfðu gert.

### Annað starfsfólk

Sumarið 2025 starfaði þéttur hópur starfsmanna og ríkti almennt góður starfsmannaandi í Selinu. Foringjar sumarsins voru þau Ásta Magnúsdóttir, Bríet Kjartansdóttir, Charlotta Karen Björnsdóttir, Einar AH, Eyruín Ólöf Ívarsdóttir, Júlía Krista, Kai Embl Baldurs, Natallía Marín B. Hlynsdóttir, Refur Leó Ólafsson og Sara Dröfn. Margir aðstoðarforingjar sóttust eftir að starfa í Kaldárseli og var þeim öllum gefið tækifæri. Samtals unnu 14 unglingar í Kaldárseli sumarið 2025. Það voru þau Agnes Vala Viðarsdóttir, Ásdís Svava Pétursdóttir, Bjarnveig Sara Gränz, Dagur Logi, Jenný klara Jónsdóttir, Kamilla Inga Ellertsdóttir, Kristbjörg Sigríður Þóroddsdóttir, Ólöf Katrín Þormar, Ólöf Rós, Ronja Dýrfjörð Halldórsdóttir, Rúnar Logi Arnarsson, Sigurður, Sindri Dan Vignisson og Snævar Annað Vinnuskóli Garðabæjar studdi enn frekar við samstarfið með því að meta vinnu unglunganna í Kaldárseli til launa í vinnuskólanum.

### Viðburðir

Haldið var upp á nokkra viðburði í tengslum við hundrað ára afmæli Kaldársels. Fyrsti viðburðurinn var Kaldárselsmessa haldin í Hafnarfjarðarkirkju sunnudaginn 16 mars séra Jónína Ólafsdóttir og séra Pétur Ragnhildarson sáu um messuna og eftir hana var boðið upp á ýmsar kræsingar í safnaðarheimilinu. Fimmtudaginn 29 maí var haldin afmælis vorhátíð Kaldársels þar var boðið upp á tvennar gönguferðir, hópur safnaðist saman og hjólaði frá Hellisgerði, pylsur og súkkulaðikökur voru á boðstólnum og myndaðist dágóð stemning á samkomunni. Laugardaginn 18 Október var svo haldið Kaldæingakvöld á Holtaveginum boðið var upp á veitingar, happdrætti og rifjaðar upp minningar úr Kaldárseli. Við vorum með afmælis dvalarflokk í afmælis vikunni, ýmislegt var gert í þeim flokki, farið í útilegu og ævintýraleik, á afmælisdeginum sjálfum þá fengum við meira að segja forsetahjónin í heimsókn upp í Kaldársel.



Verið er að breyta kvöldvökusalnum á efri hæðinni í svefnherbergi. En með þeim breytingum verður hægt að taka á móti fleiri börnum í gistingu í Kaldárseli.

## FRAMKVEMDIR OG STARFSABSTAÐA

**Leyfisveitingar:** Árið 2023 átti sér stað mikil vinna við að fá starfsleyfi frá Slökkviliðinu og samþykktar teikningar af Kaldárseli eftir breytingarnar 2021. Slökkviliðið á Höfuðborgarsvæðinu telur vesturluta húsin eða gamla skála ekki vera öruggan stað til að gista í. Þá er óljóst hver burðargeta húsin er, efniviður brennur of hratt og neyðarútgangar of litlir. Því var ákveðið að þar til húsið hefur verið lagað verði ekki gíst í gamla skálanum heldur einungis nýja. Í byrjun árs 2024 fengum við starfsleyfi frá slökkviliðinu með þessum forsendum.

**Framkvæmdir:** Farið var í ýmsar mis stórar framkvæmdir á árinu. Sett var loftræstikerfi í herbergin í nýja skálanum einnig var veggurinn á milli svefnherbergjanna í gamla skálanum rifinn og þannig búinn til samkomusalur fyrir morgun- og kvöldstundir. Gamla kvöldvökusalnum á efri hæðinni í nýja skálanum var svo breytt í tvö svefnherbergi. En með þessum breytingum vonumst við til þess að geta tekið á móti 40 börnum næsta sumar, en það var ekki möguleiki síðast sökum þess að ekki mátti gista í gamla skálanum.

**Lokaorð**  
Starfsárið 2025 var erfitt, en við fundum fyrir góðum stuðningi frá baklandinu með undirbúning afmælisins. Framtíð starfsins í Kaldárseli er þó enn óljós þar sem öryggi hússins er ábótavant og endurbætur kostnaðarsamar. Við erum þakklát fyrir gott sumar sem gekk vel og við fengum til okkar gott starfsfólk. Saga staðarins og sú mikla uppbygging sem hefur átt sér stað undanfarin ár gefur okkur mikinn meðbyr og vonum við að starf sumarþúðanna megi halda áfram að vaxa um ókomin ár. Rekstur Vinasetursins gengur vel en þau finna líka fyrir áskorunum í húsnæðismálum, sérstaklega yfir vetrartímann, sem hvetur okkur enn frekar til að vinna að framkvæmdaáætlun fyrir endurbætur á húsinu næstu árin.

Stjórn Kaldársels vill koma á framfæri kærum þökkum til allra þeirra fjölmörgu sem lagt hafa starfinu í Kaldárseli lið á árinu, starfsmönnum, sjálfboðaliðum, velunnurum og gestum.

SVEINN ELLIDI BJÖRNSSON  
RITARI STJÓRNAR





# 16. HÓLAVATN

Hólavtn er staðsett innarlega í Eyjafirði, 37 kílómetra frá Akureyri. Þar er góð aðstaða fyrir hópa og umhverfið allt í kring býður upp á fjölmarga möguleika. Ný bygging var tekin í notkun árið 2012 og í henni eru þrjú 6 manna herbergi, tvö 8 manna, eitt tveggja manna og eitt þriggja manna. Alls er því gístaðstaða fyrir 39 manns í rúmum. Starfræktar hafa verið sumarþúðir fyrir börn frá árinu 1965 og enn í dag geta öll börn á aldrinum 7. – 16. ára komið og átt góðar stundir þar.

## Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Hólavats var haldinn 19. mars 2025.

Stjórn Hólavats á starfsárinu skipuðu:

Formaður: Sindri Geir Óskarsson

Gjaldkeri: Davíð Ingi Guðmundsson

Umsjónamaður Farmkvæmda: Þórður Daníelsson

Ritari: Klaudia Anna Jablonska

Meðstjórnandi: Guðlaug Sigríður Hrafnadóttir

Varamaður: Stefán Andri Björnsson



Sindri Geir Óskarsson

Davíð Ingi Guðmundsson

Þórður Daníelsson

Klaudia Anna Jablonska



Guðlaug Sigríður Hrafnadóttir

Stefán Andri Björnsson

Skoðunarmenn reikninga voru Ragnheiður María Harðardóttir og Kolbrún Harðardóttir.

Fjöldi stjórnarfundar á árinu voru 8 og fóru þeir ýmist fram í netheimum eða í raunheimum og komum við þá saman í Glerárkirkju. Formaður sótti sameiginlega formannafundi sumarþúðanna í gegnum Teams. Verkefni stjórnar voru þau sömu og árið á undan. Stjórnin sér aðallega um undirbúning og skipulag sumarstarfsins, framkvæmdir og viðhald á staðnum.

## Starfsfólk sumarsins:

Forstaða: Ída Hlín Steinþórsdóttir, Guðlaugur Sveinn Hrafnsson, Guðlaug Sigríður Hrafnadóttir, Sigurður Bjarni Gíslason og Sindri Geir Óskarsson. Matráður: Laufey Aðalsteinsdóttir, Laufey Gísladóttir og Klaudia Anna Jablonska.

Foringjar: Guðrún Karen Sigurðardóttir, Þyri, Alma Jahida Klörudóttir, Lára Ruth Clausen, Svanhildur Reynisdóttir, Stefán Andri Björnsson, Dagbjartur Elí Kristjánsson, Ásta Ísabella, Sunna Kristrún Gunnlaugsdóttir, Kristín Hanna og Jóhanna María Gunnarsdóttir.

Aðstoðarforingjar: Kári, Emma Rakel, Margrèt Mjöll, Elfa, Anton Ingi, og Anna Bergdís.

## SUMARSTARF Á HÓLAVATNI 2025

### Flokkar sumarsins voru:

Flokkur	Dagsetning	Aldur	Kyn	Fjöldi
1. Frumkvöðlaflokkur	19.–21. júní	6–8	Öll	23
2. Leikjaflokkur	23.–27. júní	7–9	Öll	25
3. Ævintýraflokkur	30. jún–4. júl	9–11	Öll	28
4. Listaflokkur	7.–11. júlí	10–12	Kvk	24
5. Ævintýraflokkur	14.–18. júlí	10–12	Kvk	34
6. Meistaraflokkur	21.–25. júlí	13–16	Öll	34

### Yfirlit starfs

Sumarþúðirnar fögnuðu 60 ára afmæli á starfsárinu og héldum við upp á tímamótin við upphaf kaffisölnunnar þann 17. ágúst. Þá var vígður bekkur sem stendur í brekkunni vestan við hús, hvaðan útsýnið er gott yfir vatnið og leiksvæðið. Bekkurinn er gjöf frá fjölskyldu Sigfúsar Baldvins Ingvasonar en hann og Laufey Gísladóttir kona hans hafa varið mörgum dýrmætum stundum á Hólavtn við að styðja við og byggja upp starfið. Afmælisárið var stjórninni hugleikið og var ákveðið að bæði lækka dvalarkostnað og bjóða upp á tímabundinn afslátt til að reyna að trekkja vel að. Auk þess fækkuðum við um tvo flokka miðað við árið áður. Viðtökur voru góðar og dvöldu 174 börn á Hólavtni sumarið 2025, sem er mikil fjölgun frá árinu áður. Tilraunin skilaði árangri þótt niðurstaðan væri líka rekstrarhalli. Veruleiki Hólavats, með sitt upptökusvæði sem telur um 30.000 manns, er annar en sumarþúða í nágrenni Höfuðborgarsvæðisins. Okkar eina samkeppni á norðurlandi eru sumarþúðir sem byggja fyrst og fremst á starfi sjálfboðaliða. Því er rekstarumhverfi og samkeppnishæfni krefjandi hluti af rekstri Hólavats.

Haldið var áfram að nýta samfélagsmiðla í kynningarstarfi sem og auglýsingar settar í helstu pappírsmiðla á Akureyri. Starfið á Hólavtni gekk vel og mönnum var góð. Við eigum frábæran hóp af foringjum sem sækja í að taka þátt í starfinu og það er okkar stóra blessun.



Hólavtn. Myndin er tekin þegar verið var að undirbúa staðinn fyrir sumarstarfið.



Kátar stúlkur í 4. flokki á Hólavtni sumarið 2025.



Á árinu var afhjúpaður minningarbekkur um sr. Sigfús Baldvín Ingvason (f. 1963 d. 2023), sem lagði starfi Hólavats lið um árabil. Bekkurinn var gefinn af fjölskyldu Sigfúsar.

### Árleg Kaffisala

Kaffisala Hólavats 2025 var haldin 17. ágúst. Var hún auglýst á samfélagsmiðlum, í helstu pappírsmiðlum á Akureyri og sett voru upp skilti við Leiruna og Hlíðarbraut. Var mætingin fram úr öllum vonum eða um 220 manns sem áttu yndislega og notalega stund á Hólavtni í blíðskapar veðri. Allt brauð kláraðist og hætta þurfti að selja inn klukkan 15:30.

### Framkvæmdir

Farið var í fjórar vinnuferðir á Hólavtn fyrir fyrsta flokk sumarsins þar voru ýmis verk unnin, m.a. var húsið og leiksvæði standsett fyrir sumarið en mikill tími fór í útsvæðið og var hellulagt fyrir framan hús og aftan, grisjað í skóginum og framkvæmdir næsta veturs undirbúnar.

### Fermingarnámskeið

Akureyrarkirkja notaði Hólavtn fyrir fermingarnámskeið, þar var farin dagsferð og hópnum skipt upp í tvo hópa og komu þau með 50 krakka á laugardegi og 50 krakka á sunnudegi.



Laufey Gísladóttir ekkja Sigfúsar og dætur Birta Rut Tiasha Sigfusdóttir (t.h) og Hanna Björk Atréy Sigfusdóttir (t.v.).

### Lokaorð

Ég Drottinn Guð þinn held í hægri hönd þína og segi við þig óttast þú eigi ég hjálpa þér. (Jes. 41.13)

Ró í hjarta – gleði í sál eru orð sem lengi hafa fylgt Hólavtni. Í einstakri fegurð Eyjafjarðar, þar sem Hólavtn hvílir svo fallega í faðmi umvefjandi hólanna má segja að ró í hjarta sé óumflýjanleg. Í góðu sumarveðri er fátt dásamlegra en glaðlynd börn sem njóta alls þess sem Hólavtn hefur upp á að bjóða. Við erum einstaklega þakklát fyrir börnin sem koma á Hólavtn og vonum að þau verði svo miklu fleiri í framtíðinni. Að börnin sem frá okkur fara eftir sumarðögum minnst tímans á Hólavtni, með gleði og hlýju í hjarta og taki með sér góðar minningar. Öllum þeim sem rétt hafa hjálparhönd við starfið á Hólavtni, með bænum, gjöfum eða verkum þökkum við stjórnin af heilum hug.

SINDRI GEIR ÓSKARSSON  
FORMAÐUR STJÓRNAR



# 17. KFUM OG KFUK Á AKUREYRI

KFUM og KFUK á Akureyri var stofnað 1951 og eignaðist sitt eigið félagsheimili í Sunnuhlíð árið 1986. Er félagið nú í 170 fermetra leiguhúsnæði í Draupnigötu 1, í göngufjarlægð frá Glerárkirkju.

## STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

### Aðalfundur

Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri árið 2025 var haldinn 17. mars í leiguhúsnæði KFUM og KFUK á Akureyri í Draupnigötu. Brynhildur Bjarnadóttir var kosinn fundarstjóri og fundarritari var Tómas Torfason.

Nýr félagsmaður gekk í félagið, Stefán Andri Björnsson og var vel tekið á móti honum.

Töluverðar umræður fóru fram um framtíð félagsins, bæði hvað varðar starfsemina sjálfa og núverandi húsnæði. Almenn ánægja kom fram með aðstöðuna, þó bent væri á að eldhúsaðstöðu vantaði. Var því samþykkt að setja af stað ferli með það að markmiði að kaupa og koma upp viðeigandi eldhúsi til að bæta aðbúnað og skapa enn betri umgjörð um starfið. Fundarmenn voru jafnframt sammála um að áframhaldandi samstarf við Glerárkirkju um æskulýðsstarf yfir vetrarmánuðina, markviss uppbygging Hólavatns og öflug leiðtogaþjálfun væru lykilþættir í mótun framtíðar félagsstarfs KFUM og KFUK á Akureyri. Lögð var sérstök áhersla á að hvetja unga fólkið okkar til virkrar þátttöku og skapa gott umhverfi. Slíkt starf hefur jákvæð áhrif; það mótir ungmennin, styrkir heildarstarfið og eykur samheldni innan félagsins.

Í stjórn KFUM og KFUK á Akureyri voru eftirfarandi kosin:

Formaður: Jóhann Þorsteinsson

Ritari: Eydís Ösp Eypórsdóttir

Gjaldkeri: Guðmundur Ómar Hönnuson

Varamenn: Jóhannes Már Pétursson og Arnar Yngvason



Jóhann Þorsteinsson, Eydís Ösp Eypórsdóttir, Guðmundur Ómar Hönnuson, Jóhannes Már Pétursson, Arnar Yngvason

Haldnir voru tveir formlegur stjórnarfundir í Glerárkirkju. Annars var mikið rætt um starfið, húsnæðismál og fleira í gegnum sameiginlegan spjalþráð á Messenger.

### Helstu verkefni stjórnar

Jól í skókassa; móttaka fyrir jól í skókassa var á Glerártorgi eins og svo oft áður og söfnuðust 309 jólagjafir sem sýnir það hversu mikilvægt þetta verkefni er. Um verkefnið sáu Jóhann Þorsteinsson og Sara Rut Jóhannsdóttir.

Einnig var tekið á móti krökkum úr 7. bekk í Síðuskóla sem voru búin að útbúa jólagjafir, fengu þau fræðslu um verkefnið og hversu þarft það er.



KFUM og KFUK hefur aðsetur að Draupnigötu 1. Húsnæðið býður upp á margskonar tækifæri til æskulýðsstarfs. Hefðbundnir æskulýðsfundir fara jafnframt fram í Glerárkirkju í góðu samstarfi við kirkjuna.

Einnig fengu þau piparkökur og kakó og smelltu sér í nokkra leiki áður en haldið var af stað aftur í skólann. Tók Eydís Ösp á móti þeim í Glerárkirkju.

Matargjafir á Norðurlandi hafa aðstöðu í leiguhúsnæði KFUM og KFUK á Akureyri þeim að kostnaðarlausu. Telur félagið mikilvægt að létta undir með þessu verkefni þar sem fjölmargar fjölskyldur njóta góðs af því. Eftir að hauststarfi unglingsdeildarinnar lauk fyrir jólin þá gátu Matargjafir nýtt sér húsnæðið enn frekar undir starfsemi sína.

Endurnýjaður var samningur við Glerárkirkju um áframhaldandi samstarf með unglingsstarfið UD – Glerá öllum til ánægju. Samstarfið hefur gengið mjög vel frá byrjun og verið almenn ánægja með það.

## BARNA- OG ÆSKULÝÐSSTARF

### Deildastarf

Ud-Glerá, unglingsdeild var, líkt og undanfarin ár, í samstarfi við Glerárkirkju. Góð þátttaka var í deildinni og meðaltalsmæting um 20 unglingar. Forstöðukona er Eydís Ösp Eypórsdóttir en með þeim starfa leiðtogarnir Jóhannes Már Pétursson og Stefán Andri Björnsson.



KFUM og KFUK stóð fyrir móttöku fyrir jól í skókassa á Glerártorgi eins og undanfarin ár.



Hobby klúbburinn fór af stað í febrúar 2026 en er þetta bílklúbbur fyrir krakka á aldrinum 12 – 17 ára sem hafa gaman af því að vera með fjarstýrða bíla, keyra þá, huga að þeim og laga.



### Fullorðinsstarf

Á síðastliðnu starfsári var ekki fullorðinsstarf á vegum stjórnar KFUM og K.

### Hobby klúbburinn

Hobby klúbburinn fór af stað í febrúar 2026 en er þetta bílklúbbur fyrir krakka á aldrinum 12 – 17 ára sem hafa gaman af því að vera með fjarstýrða bíla, keyra þá, huga að þeim og laga. Markmið klúbbsins er að búa til stað þar sem foreldrar geta komið með krakkana sína og átt tíma saman við bras. Samveran endar svo á þælingu dagsins en er hún tengd við gildi kristinnar trúar líkt og Þjóðkirkjan er að gera. Félagið hefur keypt þrjá fjarstýrða bíla frá versluninni Hobby og sport á Akureyri en hugmyndin er líka að hægt sé að koma með sína eigin bíla og skapa félagsskap þar sem hægt að leika sér saman í öruggu umhverfi. Draumurinn er að geta endað misserið á ferð fram á Hólavatn þar sem er frábær aðstaða og spennandi svæði til leikja.

### Gjafir og styrkir

Félagið nýtur stuðnings frá Akureyrarbæ og var samningur undirritaður árið 2024 til þriggja ára. Hluti styrksins er vegna starfsins á Hólavatni og er sá hluti millifærður ár hvert á milli starfsstöðva. Erum við afskaplega þakklát fyrir þann stuðning sem Akureyrarbær hefur sýnt okkur í gegnum árin.

### Lokaorð

Vel fer um félagið í nýju húsnæði sem svo sannarlega er að nýtast. Horfum við með björtum augum fram á veginn og tökum fagnandi á móti nýjum tækifærum sem koma til með að styrkja félagið okkar og fólkið sem í því er. Þökkum við Guði fyrir allt það góða fólk og megi hann leiða okkur áfram veginn.

EYDÍS ÖSP EYÞÓRSDÓTTIR  
RITARI STJÓRNAR



JÓHANN ÞORSTEINSSON  
FORMADUR STJÓRNAR



# 18. KFUM OG KFUK Í VESTMANNAEYJUM

KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum reka öflugt æskulýðsstarf í nánun samstarfi við Landakirkju undir heitinu Æsland - Æskulýðsfélag Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum. Starfið hefur verið rekið í núverandi mynd frá árinu 1991, þegar það var endurvakið eftir hlé fyrir tilstuðlan Hreiðars Arnar Zoëga Stefánssonar. Gísli Stefánsson tekur við keflinu 2009 þar sem hann rekur öflugt starf til 2023 þegar Trausti Mar Sigurðarson tekur við sem Æskulýðsfulltrúi Landakirkju. Síðan þá hefur markvisst verið unnið að uppbyggingu og festu í starfinu.

## STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

### Aðalfundur


Aðalfundur félagsins fór fram 20. mars 2025 í safnaðarheimili Landakirkju. Fundinn sátu sex félagar. Fundarstjórn var í höndum Viðars Stefaássonar og fundargerð ritaði Ragnheiður Perla Hjaltadóttir. Aðalfundarstörf fóru fram með hefðbundnum hætti og var farið yfir starfsemi og rekstur liðins árs.

### Stjórn starfsársins

Stjórn félagsins var þannig skipuð:

- Guðmundur Örn Jónsson, formaður
- Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, ritari
- Gísli Stefánsson, gjaldkeri
- Brynja Halldórsdóttir, meðstjórnandi
- Snorri Rúnarsson, meðstjórnandi

Á árinu voru haldnir þrjú formlegir stjórnarfundir í safnaðarheimili Landakirkju. Auk þess átti stjórnin óformleg samtöl þar sem málefni félagsins voru rædd og hugmyndir mótaðar.



Guðmundur Örn Jónsson, Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, Gísli Stefánsson, Brynja Halldórsdóttir, Snorri Rúnarsson

### Áherslur stjórnar

Meginhlutverk stjórnar á starfsárinu var að styðja við unglíngastarfið með fjárhagslegum og hagnýtum hætti. Það fól meðal annars í sér styrki til þátttöku í æskulýðsmótum og kaup á búnaði. Jafnframt var unnið að framtíðarsýn og frekari þróun starfsins í Vestmannaeyjum.

## STARFSEMI ÁRSINS

### Æskulýðsfundir

Unglingadeild félagsins er ætluð nemendum í 8., 9. og 10. bekk auk fyrsta árs framhaldsskóla. Reglulegir fundir eru haldnir á sunnudagskvöldum í Landakirkju undir leiðsögn Trausta Mars æskulýðsfulltrúa, með aðstoð



KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum er starfrækt í nánun samstarfi við Landakirkju.

Lauru Barböru, Thelmu Sól og Jennu Gunnarsdóttur sem aðstoðarleiðtoga. Þátttaka hefur verið stöðug og að jafnaði hafa um 19 ungmenni sótt fundina vikulega. Á starfsárinu voru farnar tvær ferðir í leiðtogabjálfun. Þær nýttust vel til að efla leiðtogahópinn og styrkja þau sem bera ábyrgð á starfinu.

### Opið hús

Á miðvikudagskvöldum var boðið upp á opið hús í fræðslustofu safnaðarheimilisins. Þar komu saman 5–10 unglíngar að jafnaði í viku hverri. Samnýting húsnæðis með öðrum starfshópum innan kirkjunnar hefur gengið vel og aðstaðan reynst hentug fyrir fjölbreytt félagsstarf.

### Mót og ferðir

Svínadalismót í Vatnaskógi: Í febrúar tóku 25 þátttakendur frá Æslandi þátt í Svínadalismóti í Vatnaskógi. Helgin heppnaðist afar vel og naut hópurinn sín í ríku mæli í góðu skipulagi og lifandi dagskrá mótsins. Unglingamót ÆSKH: Í nóvember sóttu 24 ungmenni Unglingamót ÆSKH í Vatnaskógi. Mótið var vel heppnað og ríkti mikil gleði í hópnum.



### Æskulýðsmessur

Á árinu voru haldnar tvær æskulýðsmessur til að fagna og halda upp á æskulýðsstarfið í Vestmannaeyjum. Fyrri messan var 9. mars og prédikaði Trausti Mar. Seinni messan var 23. nóvember og prédikaði Thelma Sól. Í báðum messum lásu leiðtogar guðspjöll dagsins. Æskulýðsmessurnar komu í stað hefðbundinna sunnudagsmessna þessa daga og var öllum velkomið að mæta. Sungin voru æskulýðslög sem margir í starfinu þekkjá vel og í báðum messum var fullskipuð hljómsveit sem spilaði undir. Stemningin var góð og messurnar vel sóttar.

### Sjálfbóðaliðar

Starfið byggir á öflugum sjálfbóðaliðastarfi og eiga eftirfarandi aðilar stóran þátt í velgengi ársins: Brynja Halldórsdóttir, Gísli Stefánsson, Guðmundur Örn Jónsson, Laura Barbara Wanecka, Ragnheiður Perla Hjaltadóttir, Snorri Rúnarsson, Thelma Sól Bjarnadóttir, Trausti Mar Sigurðarson og Viðar Stefánsson. Framlag þeirra hefur verið ómetanlegt og skiptir sköpum fyrir samfellu og gæði starfsins.

### Lokaorð

Starf KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum stendur traustum fótum. Kjarninn í velgenginni er samheldinn hópur sjálfbóðaliða og metnaðarfullir ungleiðtogar sem leggja sig fram við að skapa jákvætt og uppbyggilegt samfélag fyrir ungmenni í bænum. Áframhaldandi fjölgun í mætingu sýnir að starfið skiptir máli og hefur fest sig í sessi sem mikilvægur þáttur í lífi margra ungmenna. Með nýjum aðstoðarleiðtogum og vaxandi reynslu í hópnum eru spennandi tækifæri fram undan. Starfið lifir og þróast með fólkinu sem tekur þátt í því, og það er augljóst að krafturinn er til staðar. Það verður gaman að halda áfram að byggja ofan á það sem þegar hefur áunnist og sjá hvert næstu skref leiða okkur.

RAGNHEIÐUR PERLA HJALTADÓTTIR  
RITARI STJÓRNAR



# 19. KFUM OG KFUK SUÐURNES

Aðalfundur var haldinn þann 11.mars 2025.

## Stjórn og stjórnarstörf:

Stjórn KFUM og KFUK Suðurnes var þannig skipuð á starfsárinu:

Sigurbjört Kristjánsdóttir - formaður

Sveinn Valdimarsson - gjaldkeri

Póra Benónýsdóttir – ritari


Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir – vararitari

Erla Guðmundsdóttir – meðstjórnandi

## Skoðunarmenn reikninga:

Páll Skaftason

Sigvaldi Björgvinsson



Sigurbjört Kristjánsdóttir

Sveinn Valdimarsson

Póra Benónýsdóttir

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir

Erla Guðmundsdóttir

## Helstu verkefni stjórnar

Stjórnin hélt 6 stjórnarfundi á árinu og voru verkefni stjórnar margvísleg.

Fólust þau meðal annars í almennri umsjón með deildarstarfinu í Reykjanesbæ en þrjár deildir eru starfræktar í félagsheimili KFUM og KFUK í Reykjanesbæ. Hlutverk stjórnar var að fá leiðtoga til starfsins í Keflavík og gekk það vel. Haldin voru þrjú leikjanámskeið sumarið 2025 og gengu þau ágætlega.



Útileikur hjá unglíngadeildinni.

## Starfsemi og viðburðir

Skráðir þátttakendur í deildarstarfi KFUM og KFUK Suðurnes voru 101 talsins.

## Deildarstarf og leiðtogar

- Yngri deild KFUM: Skráðir eru 23 drengir. Sveinn Valdimarsson er forstöðumaður. Kristinn Arnar Ólafsson, Björn Atli Hyldahl Guðmundsson og Ólafur Jónsson eru leiðtogar.
- Yngri deild KFUK: Skráðar eru 59 stúlkur. Sigurbjört Kristjánsdóttir og Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir eru forstöðukonur. Ólöf Rós Davíðsdóttir, Arna Björk Ragnarsdóttir, Magdalena Pawelsdóttir, Martyna Julia Gackowska, Guðbjörg Lára Aradóttir og Hildur Ólöf Kristjánsdóttir eru leiðtogar.
- Unglingadeild KFUM og KFUK: Skráðir eru 15 unglíngar. Agnar Ingi Hyldahl Guðmundsson og Hildur Ólöf Kristjánsdóttir eru forstöðumenn.

## Ýmsir viðburðir í starfi KFUM og KFUK Suðurnes

Leiðtogar í KFUM og KFUK Suðurnes ásamt leiðtogum og prestum í Keflavíkarkirkju tóku þátt í Barnahátíð Reykjanesbæjar; Baunin í maímánuði. Þar var boðið upp á hoppikastala, andlitsmálun, söngatriði og grillaðar pylsur. Mæting var mjög góð í góðu veðri.

Þrjú leiðtogar gengu inn í aðaldeild KFUM og KFUK á Íslandi þann 19. september. Það voru þau Kristinn Arnar Ólafsson, Björn Atli Hyldahl Guðmundsson og Hildur Ólöf Kristjánsdóttir.

Í nóvember var haustferð yngri deilda haldin í Vatnaskógi. Farið var með 33 börn frá Keflavík í ferðina og heppnaðist hún mjög vel. Börnin voru mjög ánægð með mótið.

Í janúar hvert ár er leiðtogum eldri en 20 ára boðið í máltíð og huggulega kvöldstund sem þakklætisvott fyrir starfið á starfsárinu.

Leiðtogar undir 20 ára fengu jólagjöf sem þakklætisvott fyrir sín góðu störf. Í febrúar fór unglíngadeildin með 6 unglíngar á Svinadalismótið sem haldið var í Vatnaskógi. Dagskráin var fjölbreytt og áhugaverð og skemmtu allir sér konunglega.



Kristinn Ólafsson, Hildur Ólöf Kristjánsdóttir og Björn Atli Hyldahl Guðmundsson.



## Leiðtogafraeðsla

Leiðtogar á Suðurnesjum hafa sótt leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK sem haldin er í sumarbúðum KFUM og KFUK bæði í janúar og október ár hvert. Þar fá leiðtogar góða fræðslu sem nýtist þeim í deildarstarfinu. Fjórir leiðtogar sóttu námskeiðið núna í janúar.

## Leikjanámskeið

Þrjú leikjanámskeið voru haldin í júní 2025 og gengu þau vel. Mun meiri skráning var þetta árið en árin á undan, sem var mjög ánægjulegt. Starfsfólk var Kristján Óli Níels Sigmundsson, Júlía Mist Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Snæberg Jennýjarsen, Svanhildur Reynisdóttir og Signý Gyða Pétursdóttir. Aðstoðarforingjar voru Guðbjörg Lára Aradóttir, Hera Björg Árnadóttir, Sunna Dís Guðbergsdóttir, Vigdís Birta Guðmundsdóttir, Isabel Þorgeirsdóttir Luna og Sara Melissa Ófeigsdóttir. Fjöldi þátttakenda var 56. 20 börn voru á 1. og 3. námskeiði sem er fullbókað og 16 börn á námskeiði 2. Alls voru 44 börn sem sóttu námskeiðin, sum fleiri en eitt sem skýrir 56 þátttakendur. 13 börn voru 6 ára, 21 barn 7 ára, 13 börn 8 ára og 9 börn 9 ára. 23 börn koma úr pósthafi Keflavík, 18 börn úr Njarðvík, 9 börn af Ásbrú og 6 börn annars staðar frá samkvæmt skráningarupplýsingum.

## Önnur starfsemi

Eins og undanfarin ár hefur félagsheimilið verið lánað fyrir nokkur afmæli og veislur og hefur leigan aukist mikið á árinu. Þá hefur Reykjanesbær haft afnot af húsinu í þó nokkur skipti yfir starfsárið.



Stólaleikur á hrekkjavöku hjá yngrideild KFUK.

## Viðhald félagsheimilisins að Hátúni 36

Viðhald á Hátúni 36 var lítið á liðnu starfsári en ýmsu smálegu sinnt eftir þörfum. Nokkur garðvinna var unnin sem heldur áfram næsta sumar en unnið er að því að gera hann sem mest viðhaldsfrían.

## Gjafir og styrkir

Reykjanesbær og Keflavíkursókn eru helstu styrktaraðilar félagsins. Einnig koma styrkir frá ýmsum fyrirtækjum og velunnurum starfsins. Er það félaginu ómetanlegt að njóta jákvæðs viðhorfs í samfélaginu og hafa sterkan hóp sjálfbóaliða sem kemur að starfinu.

## Lokaorð

Við í stjórninni erum endalast þakklát fyrir okkar góðu leiðtoga og velvilja bæjarbúa hér í Reykjanesbæ. Eins erum við í forréttindastöðu varðandi okkar húsnæði sem við eigum og tilheyrum. Guð blessi áfram okkar starf í KFUM og KFUK á Suðurnesjum.

PÓRA BENÓNÝSDÓTTIR  
RITARI STJÓRNAR





## 20. VINAGARÐUR - LEIKSKÓLI KFUM OG KFUK

Vinagarður, leikskóli KFUM og KFUK, er staðsettur í Laugardalnum í Reykjavík. Vinagarður byggir starf sitt á kristilegum grunni þar sem lögð er áhersla á að efla kristið siðgæði og veita trúarlegt uppeldi sem byggir á gildum skólans um trú, von og kærleika. Leikskólinn var stofnaður árið 1975 og starfaði í Langagerði í Reykjavík í rúm 26 ár en flutti svo á Holtaveg árið 2002. Leikskólinn fagnaði því 50 ára starfsafmæli á árinu 2025. Í leikskólanum voru 80 börn á fjórum deildum starfsárið 2025.

### Aðalfundur

Aðalfundur Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, var haldinn 26. mars 2025 á Holtavegi 28. Jón Ómar Gunnarsson var settur fundarstjóri og Jessica Leigh Andrésdóttir ritaði fundargerð. Birgir Urbancic Ásgeirsson og Lára Margrét Möller voru í kjörmeðnfyrir aðalfund.

### Stjórn

Stjórn leikskólans á starfsárinu skipuðu:

- Bára Sigurjónsdóttir, formaður
- Hilmar Einarsson, ritari
- Berglind Ósk Einarsdóttir, fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi og gjaldkeri
- Jóhanna Klara Stefánsdóttir, varagjaldkeri
- Björg Brynjarsdóttir, varamaður, vararitari
- Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir, varamaður
- Hrund Ólafsdóttir, fulltrúi foreldra

Skoðunarmenn reikninga voru Alma Auðunsdóttir og Einar Helgi Ragnarsson. Guðmundur Karl Einarsson til vara. Á starfsárinu voru haldnir 11 stjórnarfundir.

### Starfsfólk leikskólans

Við leikskólann voru að jafnaði um 20 stöðugildi. Hulda Björg Jónasdóttir var leikskólastjóri og Hildur Björk Svavarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri. Deildarstjórar voru Eva Dögg Sveinsdóttir, Gyða Rut Arnmundsdóttir (haust 2025), Ingibjörg Leifsdóttir, María Jónsdóttir og María Sigurðardóttir (vor 2025). Deildarstjórar eru kennarar með leyfisbréf og þroskaþjálfari með starfsleyfi. Sérkennslustjóri var Ragnhildur Gunnarsdóttir, kennari. Aðrir kennarar við skólann voru Gerður Bolladóttir leikskóla- og tónlistarkennari og Sveinbjörg Björnsdóttir leikskólakennari.



Bára Sigurjónsdóttir Hilmar Einarsson Berglind Ósk Einarsdóttir Jóhanna Klara Stefánsdóttir



Björg Brynjarsdóttir Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir Rund Ólafsdóttir

Í starfsmannahópi skólans voru einnig Anna Peta Guðmundsdóttir leikskólalíði, Afonso de Almedia Esteves leiðbeinandi, Camilla Nyvang Rasmussen kennari með danskt leyfisbréf (haust 2025), Davíð Leví Magnússon leiðbeinandi, Elín Ástrós Þórarinsdóttir sálfræðingur (haust 2025), Erika Macková leikskólakennaranemi, Freyja Hafþórsdóttir starfsmaður með háskólamenntun, Grummesh Lenechesa leiðbeinandi, Hrafninn Káradóttir leiðbeinandi, Jana Guðrún Tinnudóttir Jahzara leiðbeinandi (vor 2025), Samúel Jóhann Andreasson Nyman kennaranemi, Sara María Gunnarsdóttir kennaranemi, Sigrún Gunnarsdóttir leiðbeinandi (haust 2025), Sæunn Tamar Ásgeirsdóttir háskólamenntaður starfsmaður, Una Tone Bjarnardóttir leiðbeinandi og Þorbjörg Tómasdóttir háskólamenntaður starfsmaður. Matræður var Aurora de Jesu Almeida og aðstoð í eldhúsi vorið 2025 sinnti Ricardo Pedro Sousa.

Vinagarður hefur undanfarin þrjú ár hvatt starfsfólk sem ekki hefur kennaramenntun til að sækja sér slíka fagmenntun samhliða starfi og boðið námssamninga þar sem svigrúm til náms samhliða starfi er boðið ásamt stuðningi við bókakaup. Leikskólinn býr yfir miklum mannaúði, bæði háu hlutfalli kennara og reynslumiklu starfsfólki sem á stóran þátt í að gera skólann að einum eftirsóttasta leikskóla borgarinnar.

### Framkvæmdir

Framkvæmdir héldu áfram á útisvæði á leikskólans með hliðsjón af hugmyndavinnu starfsfólks Vinagarðs. Rólar komu á svæðið, bæði fyrir eldri og yngri börn, ásamt því sem byggt var í kringum sandkassann en það verkefni hefur verið lengi í vinnslu. Vinna hófst við endurnýjun á klæðningu græna hússins sem mun standa yfir um nokkurn tíma.

### Fjármál

Rekstur Vinagarðs gekk vel á 50 ára afmælisárinu. Staðan er góð og starfsemi skilar hagnaði eftir rekstrarárið. Tekjur koma að langstærstum hluta frá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum. Helstu útgjaldaliðir voru laun og launatengd gjöld ásamt húsaleigu, mat, búnaðarkaupum og almennum rekstrarkostnaði. Reksturinn stendur því með sterkum tekjugrunni og skilar jákvæðri niðurstöðu þrátt fyrir háan fastan kostnað. Eins og fyrr ári er markvisst unnið að því að tryggja faglegt starf og þjónustu við börnin. Heildarniðurstaða ársins sýnir ábyrga fjármálastjórn og stöðugan rekstur þrátt fyrir ytri áskoranir. Með hagnaði ársins er aukið svigrúm til að halda áfram að efla þjónustu og tryggja gæði starfseminnar á komandi árum.

### Leikskólastarfið

Leikskólinn Vinagarður byggir starf sitt á kristilegum grunni þar sem lögð er áhersla á að efla kristið siðgæði og veita trúarlegt uppeldi sem byggir á gildum skólans um trú, von og kærleika. Þar fyrir utan tekur stefna og starfsemi leikskólans mið af aðalnámskrá leikskóla og þeim lögum og reglugerðum sem eiga við um börn og leikskólastigið. Í starfi leikskólans er lögð áhersla á að börnin læri um náttúruna og að bera virðingu og umhyggju fyrir henni jafnt og öllu því sem Guð hefur skapað. Vináttan í viðum skilningi þess orðs er rauður þráður í starfi leikskólans og eitt af sérkennum hans. Lögð er rík áhersla á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja. Unnið er að því að börnin beri umhyggju fyrir öðrum, fái svigrúm og leiðsögn til að mynda sterk tengsl og vináttu og tilheyrir leikskólasamfélaginu á eigin forsendum. Kristin fræðsla skipar alltaf stóran þátt þar sem daglega er lesið úr Barnabíblíunni og börnum kenndar bænir, minnisvers og söngvar. Farið er í heimsókn í Áskirkju bæði fyrir jól og páska og taka foreldrar og börn í Vinagarði taka þátt í verkefnum „Jól í skókassa“ en verkefnið er einstök leið til að æfa samkenn og ábyrgð í verki.

Innleiðing á nýrri skólanámskrá leikskólans hélt áfram með áherslu á starfsaðferðir. Fræðsla um lærdómssamfélagið og sjálfspróttinn leik vega




Afonso de Almedia Esteves Anna Peta Guðmundsdóttir Aurora de Jesus Almeida Camilla Nyvang Rasmussen Davíð Leví Magnússon



Elín Ástrós Þórarinsdóttir Erika Macková Eva Dögg Sveinsdóttir Freyja Hafþórsdóttir Gerður Bolladóttir



Grummesh Lechesa Gyða Rut Arnmundsdóttir Hildur Björk Svavarsdóttir Hulda Björg Jónasdóttir Ingibjörg Leifsdóttir



María Jónsdóttir María Sigurðardóttir Ragnhildur Gunnarsdóttir Ricardo Sousa Jana Guðrún Tinnudóttir Jahsara



Samúel Jóhann Nyman Sara María Gunnarsdóttir Sigrún Gunnarsdóttir Sveinbjörg Björnsdóttir Sæunn Tamar Ásgeirsdóttir



Una Tone Bjarnardóttir Þorbjörg Björk Tómasdóttir

Þar mest og er matsverkefni skólans veturinn 2025-2026 samskipti barna í sjálfspróttum leik. Haustið 2025 héldu tveir kennarar skólans foreldranámsskeiðið Tengjumst í leik sem Menntamálastofnun heldur utan um. Alls sóttu 14 foreldrar í Vinagarði námskeiðið sem voru alls 12 skipti í október og nóvember. Foreldrarnir voru sammála um að námskeiðið væri mikilvægt og nýttist þeim vel í uppeldi og samskiptum við börn sín.

Á árinu lauk tveimur Nordplus verkefnum sem Vinagarður hefur tekið þátt í með leikskólum frá Eistlandi, Litháen og Noregi, um uppötunarnám og um stuðning við börn í leikskólastarfinu. Verkefni gengu vel og er leikskólinn nú aðili að tveimur umsóknum um áþekkt samstarf sem hefst haustið 2026 ef samþykki fæst.



Mikill fjöldi barna og fullorðinna mætti í 50 ára afmælisfagnað Vinagarðs 17. nóvember 2025. Þar steig Lína Langsokkur m.a. á svið og skemmti gestum.



Heiða Björk Hilmisdóttir borgarstjóri afhjúpaði nýtt merki Vinagarðs.



Heiða Björk Hilmisdóttir borgarstjóri, Hulda Björk Jónasdóttir leikskólastjóri og Bárá Sigurjónsdóttir formaður leikskólastjórnar.



Að sjálfsögð var boðið upp á afmælisöku í afmælisveislunni. Sveinbjörg Björnsdóttir og Anna Peta Guðmundsdóttir skera sneiðar fyrir gesti.



Borgarstjóri og leikskólastjóri stilla sér upp fyrir myndatöku.

### Afmæli leikskólans

Á árinu 2025 átti Vinagarður 50 ára starfsafmæli. Því var fagnað með ýmsum viðburðum sem náðu yfir allt árið, fyrir börn, starfsfólk og foreldra. Sem dæmi má nefna er að börn og starfsfólk fengu stuttermaboli með mynd og texta sem elstu börn skólans sköpuðu. Vorhátíð skólans var einkar vegleg af þessu tilefni og mjög vel sótt. Lúðrasveit verkalyðsins var fengin til að leiða skrudgöngu um hverfið í júní sem upphitun fyrir þjóðhátíðardaginn. Í október var dagskrá AD fundar í höndum leikskólans og var gerður góður rómur að því frábæra starfi sem unnið er í leikskólanum. Lokaviðburður afmælisársins var á afmælisdeginum sjálfum þann 17. nóvember. Þann dag var nýtt merki skólans, sem Huguína Lena Hansdóttir grafískur hönnuður hannaði, afhjúpað af borgarstjóra Reykjavíkur Heiðu Björgu Hilmisdóttur. Í kjölfarið var foreldrum, starfsfólki og börnum boðið í afmælisveislu þar sem Lína Langsokkur kom í heimsókn, boðið var upp á afmælisöku og sungið fyrir skólann. Í veisluna komu einnig fulltrúar skóla- og frístundasviðs, Samtaka sjálfstæðra skóla og ýmsir aðrir vinir og velunnarar skólans. Foreldrar söfnuðu í leikfangasjóð og afhentu skólustjórnendum. Eftir afmælisveisluna var núverandi og fyrrverandi starfsfólki boðið í samsæti þar sem sýndar voru gamlar og nýjar myndir úr starfinu, þar á meðal stutt myndbönd sem gerð voru á afmælisárinu og sýna starfið í leikskólanum. Myndböndin eru nú sýnileg á heimasíðu Vinagarðs til fróðleiks fyrir foreldra og þá sem vilja kynna sér starf skólans. Afmælisnefnd skólans eru færðar þakkar fyrir fjölbreytta og skemmtilega dagskrá á afmælisárinu.

### Mat á leikskólastarfi

Í Vinagarði fer sífellt fram mat á starfi skólans. Helstu niðurstöður innra mats árið 2025 voru eftirfarandi en nánar má lesa um niðurstöður innra mats í Starfsáætlun Vinagarðs 2025-2026 á heimasíðu leikskólans:

#### Stefna, gildi og hugmyndafræði:

Styrkleikar: Börnin tala mikið um vináttuna, geta skilgreint hvað vinur er og þekkja tilfinningar sem tengjast vináttunni. Starfsfólk hefur góða þekkingu á gildum skólans og hvernig áherslur taka mið af uppeldisfræðilegum kenningum.

Tækifæri til umbóta: Auka umræðu í barnahópnum um fleiri gildi skólans. Starfsfólk meti starfs sitt útfrá kenningamma skólans.

#### Starfsaðferðir:

Styrkleikar: Leikurinn fær gott rými í dagskipulagi og börnin geta nefnt dæmi um fjölbreyttan leik úti og inni. Börnin þekkja flest styrkleika sína og tengja við sjálfstæði og hjálpssemi. Starfsfólk hlustar á sjónarhorn barna, nefnir góða samvinnu, umhyggju og kærleik sem einkenni deildarstarfið.

Tækifæri til umbóta: Gera hvatningu til barnanna markvissa til að styðja við náms- og félagsfærni. Virkja fleiri í starfsaðferðum innra mats og auka aðgengi að matsgögnum.

#### Grunnþættir menntunar:

Styrkleikar: Börnin eru áhugasöm um að læra og tjá sig um eigin áhugasvið. Starfsfólk telur vinnubrögð lýðræðisleg. Hreyfing og útvera eru stór þáttur í leikskólastarfinu og fer fram á fjölbreyttan hátt. Læsisstefna er til staðar og innra mat á stöðu læsis gert.

Tækifæri til umbóta: Safna hugmyndum barna um viðfangsefni og þau hafi meira val um útfærslur eigin verkefna. Auka sjálfshjálp í matartímum barna. Halda áfram með verkefni tengd jafnréttisáætlun. Auka vísindamenntun og tengja við sjálfbærni og umhverfismál.

#### Mannauður:

Styrkleikar: Stjórnendateymi er virkt, fundar reglulega og ákvarðanatöku byggir á umræðu og gögnum. Starfsmannahópur er sterkur, þar er fagmenntun, hugmyndaauðgi og jákvæðni.

Tækifæri til umbóta: Ljúka öryggisáætlun skólans og vinna umbætur út frá henni. Hafa umræður um gildi og stefnu skólans fastan lið á skipulagsdögum. Stofna teymi um sameiginleg mál deilda.

#### Samstarfsaðilar leikskólans:

Styrkleikar: Starfsfólk telur samskipti við foreldra jákvæð og styðja við vellíðan barnsins. Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar sýndi að foreldrar í Vinagarði eru í næstum öllum matsþáttum ánægðari en foreldrar í öðrum leikskólum.

Tækifæri til umbóta: Ná betur til foreldra með aðferðir sem skólinn nýtir til að meta þroska og framfarir barnsins.

#### Foreldrasamstarf og foreldrafélag

Haustfundur fyrir foreldra um áherslur starfsársins var haldinn í september. Deildarstjórar miðluðu upplýsingum til foreldra um starfið í gegnum upplýsingakerfið Völu í vikulegum fréttabréfum. Stjórnendur skólans senda einnig reglulega upplýsingapósta til foreldra auk þess sem lokaður hópur er á samfélagsmiðli fyrir tilkynningar og fleira sem tengist starfinu. Foreldrasamtöl eru árleg í febrúar og mars. Foreldrafélag er starfandi við skólann sem setur fram áhugaverða dagskrá fyrir starfsárið á hverju hausti. Viðburðir félagsins eru alltaf í samstarfi við leikskólann og hefur það samstarf gengið vel. Haustferð í Vatnaskóg heppnaðist mjög vel að vanda og jólaball í desember var vel sótt. Auk þess stendur foreldrafélagið fyrir ýmsum öðrum uppakomum í starfinu svo sem leiksýningu, páskaeggjaleit og vorhátíð, svo eitthvað sé nefnt. Það er mikilvægt fyrir leikskólastarfið að eiga öflug foreldra sem styðja við starfið.

#### Lokaorð

Formleg menntun einstaklinga hefst í leikskóla, fyrsta stigi skólakerfisins. Þar á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi, börnum skal veitt umhyggja, hollt og hvetjandi námsumhverfi og stuðlað að öryggi þeirra og vellíðan. Gildi og sýn Vinagarðs, leikskóla KFUM og KFUK, um trú, von og kærleika eru góður grunnur fyrir leikskólastarf sem uppfyllir þær kröfur sem leikskólastigið gerir á framúrskarandi hátt. Stjórn leikskólans þakkar starfsfólki hans fyrir að sinna þessu mikilvæga starfi af fagmennsku og áhuga og fyrir að skapa börnunum hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi.

HILMAR EINARSSON  
RITARI STJÓRNAR



HULDA BJÖRG JÓNASDÓTTIR  
LEIKSKÓLASTJÓRI



## 21. VINASETRIÐ Í KALDÁRSELI

Vinasetrið er samfélagslegt velferðarverkefni sem rekur helgardvöl fyrir börn í sumarþáttum KFUM og KFUK í Kaldárseli. Vinasetrið hefur verið starfrækt frá árinu 2012 fyrst í Ásbrú í Reykjanesbæ en hefur verið síðustu 8 ár í Kaldárseli í Hafnarfirði. Kaldársel (KFUM og KFUK) er eigandi Vinasetursins. Gildi Vinasetursins eru gleði, traust og nánd.

Börnin sem koma í helgardvöl í Vinasetrinu eru á aldrinum 6-15 ára en þeim skipti eftir aldri á helgarnar. Félagspjónustur Sveitarfélaganna sækja um pláss fyrir börnin sem flest eiga það sameiginlegt að hafa þörf fyrir stuðningsfjölskyldu. Það er greitt fyrir hvert barn sem samsvarar stuðningsforeldra launum.

Í dag starfa um 20 helgarstarfsmenn í Vinasetrinu auk framkvæmdarátjóra í fullu starfi. Í starfsmannahópnum er fólk með marvíslega menntun og reynslu en flestir starfsmenn eru með háskólamenntun í uppeldis, félags- og heilbrigðisvísindum. Lagt er áherslu á að starfsmenn séu með hreina sakaskrá og reynslu í að starfa með börnum sem glíma við félagslegar áskoranir. Á hverri helgi starfa um 6-7 manns í þéttu starfsteymi. Á síðasta ári komu til okkar um 140 börn og er kynjahlutfallið nokkuð jafnt.

Við leggjum mikla áherslu á að Vinasetrið sé hlýlegur og vinalægur staður þar sem börn fái að njóta sín á eigin forsendum og þeim mætt þar sem þau eru stödd af hlýju og áhuga. Við viljum meina að Vinasetrið sé svolítið eins og að fara í stóran bústað með fullt af skemmtilegum og góðum vinum. Við erum ekki með stífa dagskrá en ákveðin ramma og rútinu og alltaf nóg að gera, hvort sem það er að fönndra, listsköpun, leikur, útvíst eða sundferðir.

Guðrún Elva Arinbjarnardóttir hefur verið starfandi framkvæmdarstjóri Vinasetursins frá því að Vinasetrið tók til starfa í Kaldárseli. Hún er löggiltur félagsráðgjafi og náms- og starfsráðgjafi. Hún hefur unnið með börnum og ungmennum með sérþarfir bæði innan skólakerfisins og í vistunar- og búsetuúrræðum í rúmlega 20 ár.









**KFUM**  
**KFUK**

Allir eiga þeir að vera eitt  
(Jóh. 17:21)

Ekki með valdi né krafti, heldur fyrir anda minn! -segir Drottinn allsherjar  
(Sak. 4:6)